

SHALDÖR
skoðun 20



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur



DOMTI
Þín innkaup á einstöku verði

Opnar laugardaginn 2 okt. kl.10
Smáratorgi 1.

FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur

1. október 2010
230. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI



Mikil áskorun

Baldvin Oddsson kemur fram í vinsælum útvarpsþætti í Bandaríkjunum.

fólk 58

Tekur lagið

Magnús Stefánsson, fyrrverandi alþingismaður og ráðherra, er fimmtugur í dag.

tímamót 30




Logi byrjar vel með FH

FH vann Aftureldingu í fyrstu umferð N1 deildar karla í gær.

sport 54

veðrið í dag



HVASST SA-TIL Síðdegis í dag verða víðast austan 10-20 m/s, hvassast við SA-ströndina. Rigning með köflum einkum SA-til en þurr N-lands. Hiti 8-15 stig.

VEÐUR 4

Tilfinningarík!

Ný bók eftir
Önnu B. Ragde



MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

Þingmaður VG vill kosningar án tafar

Þingmenn úr fjórum flokkum vilja kosningar strax. Ástæðurnar eru aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar, lítill vilji til uppgjors og skortur á skýru umboði þingmanna.

STJÓRNMÁL „Ég vil kosningar. Þó margir efist um að þjóðin geti staðið í kosningum núna vil ég að þær fari fram strax í kjölfar niðurstöðu atkvæðagreiðslu Alþingis,“ segir Lilja Mósesdóttir, þingmaður VG. Að hennar mati er niðurstaða landsdómsmálsins á þriðjudag merki um að meirihluti þingsins sé ekki tilbúinn til að gera bankahrunið upp. „Það verður engin varanleg endurreisn án uppgjors. Þess vegna er mikilvægt að þingið endurnýi umboð sitt.“

Gunnar Bragi Sveinsson, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, vill að kosið verði í vetur. Hann segir marga í sínum flokki vera þeirrar skoðunar en tekur fram að þingflokkurinn hafi ekki fjallað um málið. „Ég tel að ríkisstjórnin hafi brugðist og ekki tekið á þeim brýnu

“ Þessi skjaldborg er ekki svipur hjá sjón hjá því sem hún átti að vera.

VALGERÐUR BJARNADÓTTIR
ÞINGMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR

málum sem þarf að taka á. Þingmenn þurfa líka skýrt umboð og um leið getur fólk kosið um hvort það vilji halda áfram þessari ruglingslegu stefnu stjórnarinnar.“

Valgerður Bjarnadóttir Samfylkingunnar telur niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar ekki tilefni kosninga. Önnur mál kunni að vera það. „Það er til dæmis alvarlegt að við náum ekki að leysa þetta óréttlætismál sem fiskveiðistjórnunarkerfið er og þessi skjaldborg er ekki svip-

ur hjá sjón hjá því sem hún átti að vera,“ segir Valgerður. Hún segir að ráði stjórnin ekki við þau verkefni sé vissulega ástæða til að efna til kosninga.

Sigmundur Ernir Rúnarsson, flokksbróðir Valgerðar, hefur skilýrt stuðning sinn við stjórnina við að hún komi hjólu atvinnulífsins af stað. Hann segir stjórnina hafa fáeinar vikur til að taka á þeim málum. Kveðst hann tilbúinn í kosningar en efast um að þær gagnist þjóðinni ef stjórnvöld hafa á annað borð komið atvinnulífina af stað.

Ólöf Nordal, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, skrifaði á dögum að boða beri til kosninga hið allra fyrsta. Þingflokkur Hreyfingarinnar hefur krafist þess sama og stjórn Frjálslynda flokksins einnig. - bps

Frimann og félagar á ferðalag: Trúðar í útrás

FÓLK Grínistarnir frá Norðurlöndunum sem kitluðu hláturtaugarnar á kvöldskemmtun Frímanns Gunnarssonar í Háskólabíói á miðvikudagskvöldið vinna nú að því að fara í ferðalag með skemmtunina.

Gunnar Hansson, skapari Frímanns Gunnarssonar, segir að allir grínistarnir hafi áhuga á að vinna meira saman og það hafi ótrúlega margar hugmyndir fæðst. „Menn langar virkilega að brjóta niður veggina sem umlykja skandinavískt grín. Ég held að við höfum allavega sýnt fram á það í Háskólabíói að það eru til myndir Finnar,“ segir Gunnar.



FRÍMANN
GUNNARSSON

- fgg/ sjá síðu 58

Björgvin G. sest aftur á þing: Réttarhöld hafa ekkert með réttlæti að gera

STJÓRNMÁL Björgvin G. Sigurðsson segist, í samtali við Fréttablaðið, vera leiður yfir niðurstöðum atkvæðagreiðslunnar um landsdómsákæru gegn Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra.

Björgvin kveðst einlæglega ánægður fyrir hönd Árna M. Mathiesen og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur en tillögur um að ákæra þau og Björgvin voru felldar á þingi.

„Ég held að réttarhöld yfir Geir Haarde hafi ekkert með réttlæti að gera,“ segir hann.

Björgvin tekur sæti á Alþingi á ný eftir hálfis árs leyfi. „Ég ber ekki kala til nokkurs manns í eftirmála þessara atburða.“



BJÖRGVIN G.
SIGURÐSSON

- bps / sjá síðu 2



BAÐAÐUR BLEIKU Menntaskólinn í Reykjavík var lýstur upp með bleikum ljósum í gærkvöld af því tilefni að Bleika slaufan, árveki- og fjáróflunarátak Krabbameinsfélags Íslands, hefist formlega í dag. Markmiðið er að selja 50 þúsund slaufur í ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fyrsta mynd Óskars Jónassonar þykir bera af öðrum íslenskum kvikmyndum: Sódóma besta íslenska myndin

MENNING Sódóma Reykjavík, fyrsta kvikmynd leikstjórans Óskars Jónassonar frá árinu 1992, er besta íslenska kvikmyndin samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins sem gerð var í síðustu viku.

Óskar segir niðurstöðuna koma sér nokkuð á óvart, enda hafi Sódóma Reykjavík ekki verið talin til listrænna kvikmynda í gegnum tíðina.

Við gerð hennar hafi höfuð-



SÓDÓMA Óskar Jónasson, leikstjóri þessarar íslensku kvikmyndar sem flestum svarendum skoðanakönnunar Fréttablaðsins þykir sú besta.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

áherslan verði lögð á skemmtanagildið.

„En mér þykir vænt um þessa mynd og hef alltaf haft mikla trú á henni,“ segir Óskar.

Hringt var í 800 manns sem valdir voru með slembiúrtaki úr Þjóðskrá, en alls tóku 72,3 prósent afstöðu til spurningarinnar.

Nánar verður fjallað um niðurstöðu könnunarinnar um bestu íslensku kvikmyndina í helgarblaði Fréttablaðsins. - kg

DÍSA
ljósalfur

Söngleikur fyrir alla fjölskylduna

AUSTURBÆR



fyrir allar dætur

ömmur - mömmur - systur - vinkonur - frænkur ...

Berum heilbrigði þeirra fyrir brjósti.
Bleika slaufan er söfnunaráttak í baráttu
Krabbameinsfélags Íslands gegn krabbameini.
Þú færð hana um allt land.



Styrktaraðilar



Söluaðilar

11 / 11, Apótekarinn, Besta, Blómahönnun, Debenhams, Eymundsson, Frumherji, Garðheimar, Hagkaup, Hreyfill, Kaffitár, Kaskó, Kjarval, Krónan, Lyf og heilsa, Lyfja, Lyfjaval, Melabúðin, Nettó, Nóatún, Olís, Penninn, Pósturinn, Reykjavíkur Apótek, Samkaup, Skipholtspótek, Strax, Te og kaffi, Úrval, Útilíf og Þín verslun.

www.bleikaslaufan.is

GENGIÐ 30.09.2010

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	113,09	113,63
Sterlingspund	179,84	180,72
Evra	154,44	155,30
Dönsk króna	20,720	20,842
Norsk króna	19,314	19,428
Sænsk króna	16,876	16,974
Japanskt jen	1,356	1,364

SDR 175,92 176,96

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

207,1175

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fyrir dómi vegna ellefu brota: Grýtti vörum í viðskiptavinum og drakk matarlit

DÓMSMÁL Maður um fimmtugt hefur verið ákærður fyrir að valda óspektum og ónæði á Sel-fossi í allmörg skipti.

Hann datt ólvaður utan í hillur Samkaupa, áreitti starfsfólk þar og sparkaði í tvo lögreglumenn sem handtóku hann. Þá lá hann á dyrabjöllum í fjölbýlishúsi á staðnum. Í verslun Krónunnar grýtti hann vörum að viðskiptavinum og starfsfólki.

Í allmörg skipti dvaldist hann í hitakompum eða sorpgeymslum fjölbýlishúsa og var með háreiði sem truflaði svefnrúfúna. Þrettán flöskum af matarlit stal hann úr Samkaupum og hafði neytt hluta þeirra þegar hann var handtekinn. -jss

Fréttablaðið býður í bíó:

Gefur fimm hundruð miða

MENNING Fréttablaðið gefur fimm hundruð lesendum sínum fría bíómiða í dag. Til þess að nálgast miðana þurfa þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu að mæta í Kringluna, á Blómatorg fyrir framan Sony Center, klukkan 15.00 í dag. Fyrstur kemur fyrstur fær. Þeir sem búa utan höfuðborgarsvæðisins geta skráð sig á Vísi.is til miðnættis í kvöld og eiga möguleika á því að vinna bíómiða. Miðinn er opin og gildir í eitt ár hjá SAM bíónum.

LEIÐRÉTT

Fyrir mistök féll niður nafn Rögnu Sigurðardóttur gagnrýnanda myndlistarsýningarinnar Níu sem birtist í Fréttablaðinu í gær. Beðist er velvirðingar á því.

Starfsmaður brást trúnaðarskyldum og var dæmdur í héraðsdómi:

Káfaði á drengjum á skátanámskeiði

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt nær tvítugan mann í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að káfa á tveimur drengjum á skátanámskeiði.

Kynferðisbrotin gegn drengjum voru framin á árinu 2008. Þeir voru þá sjö og átta ára.

Skátasamband Íslands hafði tilkynnt málið til barnaverndar Reykjavíkur sem fór fram á lögreglurannsókn á því.

Foreldrar annars drengsins höfðu tilkynnt til sambandsins um kynferðislega áreitni starfsmanns námskeiðs á vegum skátanna.

Drengirnir tveir höfðu verið að spila tölvuleik inni í herbergi á staðnum þar sem námskeiðið var haldið. Maðurinn hafði þá spurt drengina, hvorn fyrir sig, hvort þeir væru kitlnir. Að því búnu hefði hann farið með hendina inn undir buxurnar hjá þeim.

Maðurinn neitaði sök. Hins vegar horfðu þrjú dómarmenn í málinu á myndupptöku af skýrslugjöf drengjanna og töldu framburð þeirra í öllu tilliti trúverðugan og sannað að maðurinn hefði káfað á þeim. Maðurinn hafði ekki áður gerst sekur um refsivert athæfi. -jss



HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR Þrjú dómarmenn dæmdu málið í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Fimm þjófar handteknir:

Fluttu þýfi á stolnum bíl

LÖGREGLUMÁL Þrjú karlar og tvær konur voru handteknir í íbúð í Grafarholti í vikunni. Innandyra fannst nokkuð af munum en fullvíst er talið að um þýfi sé að ræða, meðal annars úr innbrotum. Unnið er að því að koma hinum stolnu hlutum aftur í réttar hendur.

Svo virðist sem fólkið hafi notað stolinn bíl til að flytja ránsfenginn á milli staða en hann fannst fyrir utan hús þjófanna. Karlmenirnir eru allir á þrjúgusaldri og konurnar um tvítugt. Þau hafa öll áður komið við sögu hjá lögreglu. -jss

Hægt að ganga strax frá þriðjunggi gjaldeyrislána

Íslandsbanki Fjármögnun og SP-Fjármögnun hafa lokið endurútreikningi vegna einföldustu gjaldeyrislána. Avant fylgir í kjölfarið um miðjan mánuðinn. Beðið er frumvarps sem eyðir óvissu um önnur lán.

VIÐSKIPTI Sendir verða út greiðsluseðlar eða uppgjör vegna tæplega þriðjungs bílalanasamninga í erlendri mynt nú í byrjun mánaðarins. Bæði Íslandsbanki Fjármögnun og SP Fjármögnun hafa lokið endurútreikningi á lánunum sem verið hafa með sama greiðanda frá upphafi.

Fjöldi þeirra sem fyrsta kastid fá endurútreikning hjá Íslandsbanka er 5.260 talsins, en alls þarf bankinn að endurreikna á tólfta þúsund lán. Heildarfjöldi samninga hjá SP er nærri 30 þúsundum, en þar hefur verið lokið við endurútreikning 7.800 lána.

Fjárútlát vegna ofgreiðslna liggja þó ekki enn fyrir. Eftir bankahrun hægði á greiðslum vegna margvíslegra úrræða sem lánafyrirtækin buðu upp á. Samkvæmt heimildum blaðsins hafa því á milli 50 og 60 prósent lán-takenda ekki ofgreitt af lánunum sínum. Þá eru dæmi um að þótt komið hafi til ofgreiðslna sem myndi inneign hjá lánafyrirtækinu, þá sé hún minni en nemur eftirstöðvum lánsins.

Magnús Gunnarsson, framkvæmdastjóri Avant, segir fyrstu greiðsluseðla eða uppgjör verða senda viðskiptavinum um miðjan mánuðinn. „Við leggjum fyrst og fremst áherslu á að útreikningurinn verði sem réttastur,“ segir hann. Samningar Avant eru á bilinu átta til tíu þúsund og segir hann að í fyrsta áfanga verði hægt að endurreikna 20 til 30 prósent þeirra.

Viðskiptavinir Íslandsbanka geta strax í dag skoðað stöðu lána



ÁRNI PÁLL ÁRNASON Viðskiptaráðherra leggur fram frumvarp þar sem tekið verður á því eftir hvaða leiðum á að vinna úr lánunum eftir gengislánadóminn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Frumvarp lagt fram í næstu viku

Frumvarp þar sem tekið verður á því eftir hvaða leiðum á að vinna úr lánunum eftir gengislánadóm Hæstaréttar verður lagt fyrir Alþingi strax í næstu viku, að sögn Árna Páls Árnasonar, efnahags- og viðskiptaráðherra. „Við vinnum að því baki brotnu að ljúka gerð frumvarpsins,“ segir hann og kveður vonir standa til þess að það verði jafnvel orðið að lögum fyrir lok mánaðarins. „Þetta verður að vera rétt og það verður að virka. Þetta verður að vera skýrt þannig að fólk skilji það. Samhliða þurfum við auðvitað að vera með einhverjum konar verklag um stórfellt átak í skuldavanda fyrirtækjanna. Það er ekki hægt að skilja þau eftir.“

Við leggjum fyrst og fremst áherslu á að útreikningurinn verði sem réttastur.

MAGNÚS GUNNARSSON
FRAMKVÆMDASTJÓRI AVANT

sinna á vef Íslandsbanka Fjármögnunar. Hafi verið ofgreitt af lánunum er hægt að lækka eftirstöðvar þess eða láta millifæra inn á bankareikning. Nýr gjald-dagi með nýrri afborgun verður í nóvember.

„Starfsmenn bankans hafa unnið sleitulaust að því að endurreikna lán viðskiptavina og stóru hluti þeirra getur nú séð útreikning lánsins og gengið frá honum á vefsíðu bankans,“ segir Ingvar Stefánsson, yfirmaður Íslandsbanka Fjármögnunar. „Framundan er mikil vinna við að klára þessa endurútreikninga og vonandi leysist fljótt úr þeirri réttaróvissu sem ríkir um hvernig haga skuli uppgjöri þeirra sem hafa yfirtekið lán eða samninga.“

Haraldur Ólafsson, forstöðumaður verkefna- og þjónustuviðs hjá SP-Fjármögnun, segir

endurútreikning þar liggja fyrir strax á mánudag. Hann vonast til þess að með boðuðu lagafrumvarpi efnahags- og viðskiptaráðherra vegna gengislánadómsins um miðjan mánuðinn verði eytt óvissu um hvernig ganga skuli frá þeim lánunum sem út af standa. „Þegar sú niðurstaða liggur fyrir, vonandi í nóvember, þá verðum við tilbúin með okkar útreikning hvaða leið sem verður fyrir valinu.“

Framkvæmdastjóri Lýsingar svaraði ekki fyrirspurn um stöðu endurútreiknings.

olibr@frettabladid.is

ILVA einfaldlega betri kostur

Colourful Living

Afmæli um helgina

Fjöldi afmælistilboða
Helgin 1. - 3. október

ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8 112 Reykjavík www.ilva.is
mánudaga - föstudaga 11-18:30 laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18

VEÐURSPÁ

HEIMURINN

Alicante	28°
Basel	17°
Berlín	13°
Billund	12°
Frankfurt	17°
Friedrichshafen	17°
Gautaborg	13°
Kaupmannahöfn	13°
Las Palmas	24°
London	16°
Mallorca	29°
New York	23°
Orlando	31°
Ósló	9°
París	17°
San Francisco	21°
Stokkholmur	13°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

HELGARVEÐRIÐ
Það verður ansi kröpp lægð suður af landinu í dag og á morgun og verður því stíf austanatt á landinu einkum sunnan- og suðaustanlands með tilheyrandi vætu. Á sunnudag verður vindur heldur hægari en annars svipað veður.

Á MORGUN 10-20 m/s Hvassast sunnan til.
SUNNUDAGUR 5-10 m/s.



SKJÁRGOLF

**NÝ
STÖÐ!**

AÐEINS
2890 KR.
Á MÁN.

INNIHOLDUR:



SKJÁRGOLF &
SKJÁRFRELSI



SKJÁRBÍÓ
VOD

SKJÁRGOLF

TIL HAMINGJU GOLFARARAR!



Skjárgolf býður íslenskum golfáhugamönnum upp á sannkallaða veislu: Yfir **1.000 klukkutímar á ári** í **beinni útsendingu** frá heimsklassa golfi. Ryder-bikarinn, Forsetabikarinn, Opna

Tryggðu þér áskrift á skjareinn.is

breska meistaramótið, Opna bandaríska mótið, heimsmótaröðin, bandaríska mótaröðin, evrópska mótaröðin og kvennagolf. Allir bestu kylfingar heims á einum stað. Vertu með frá byrjun.



SKJÁRGOLF

KJÖRKASSINN



Er réttlæt看legt að loka á aðra en göngufólk um Vonarskarð í Vatnajökulsþjóðgarði?

JÁ	28,5%
NEI	71,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefur þú farið á tónleika með íslensku tónlistarfólki á árinu?

Segðu þína skoðun á visir.is



6

Verðlagsskóun ASÍ á dekkjapjónustu sýnir allt að 111 prósentu verðmun:

Mikill munur milli verkstæða

NEYTENDAMÁL Dekkjaverkstæðið KvikkFix í Kópavogi kom best út í skóun sem verðlagseftirlit ASÍ gerði á 35 hjólarðaverkstæðum víðs vegar um land á mánudag.

Allt að 111 prósentu verðmunur er á þjónustu hjólarðaverkstæða við dekkjaskipti, umfelgun og jafnvægisstillingu.

Mesti verðmunurinn var á þjónustu við dekkjaskipti á 18 tommu jeppadekkjum, sem kostaði 5.950 krónur hjá KvikkFix, en 12.540 hjá Sólningu í Kópavogi.

Minnstur verðmunur var hins vegar á þjónustu við dekkjaskipti á

15 tommu stálfelgum undir smábíl. Þjónustan var ódýrust hjá KvikkFix, eða 4.650 krónur en dýrust hjá umboðsaðila Toyota á Akureyri, 6.990, sem er 50 prósentu munur.

Þjónusta fyrir meðalbíl á 16 tommu álfelgum var ódýrust hjá KvikkFix, eða 4.650 krónur, og umboðsaðili Toyota á Akureyri var með lægsta verðið á þjónustu við jeppling, eða 5.900 krónur. Miðað við síðustu skóun, sem gerð var í fyrra, hefur verð á dekkjaskiptum á Toyota Yaris á 15 tommu dekkjum lækkað eða staðið í stað síðan í fyrra, í 16 tilfellum af 27.



DEKKJASKIPTI Mikill munur er á verði milli dekkjaverkstæða.

Umhverfi fanga á Íslandi: Aðstæður mun verri fyrir konur

JAFNRÉTTISMÁL Aðstæður kvenfanga hér á landi eru mun lakari en karlfanga, samkvæmt Kvenréttindafélagi Íslands og Vernd -fangahjálpi.

Óviðunandi er að föngum sé mismunad á grundvelli kyns síns og það varðar við lög, segir í ályktun félaganna. Fyrir það fyrsta sé einungis eitt fangelsi í boði fyrir konur. Þá gefist konum ekki sömu tækifæri og körlum til að stunda vinnu samhliða vistun og þær eigi ekki kost á dvöl í opnu fangelsi líkt og karlfangar.

Lögregla sendir viðvörðun:

Alda innbrota og þjófnaða

LÖGREGLUMÁL Fartölvu og myndavél var stolið úr húsi í Kópavogi í fyrradag. Þá hurfu símar og skartgripir úr kjallarafbúð í Laugardal og áfengi var tekið úr veitingastað í miðborginni. Brotist var inn í fimm bíla á höfuðborgarsvæðinu og úr þeim meðal annars stolið GPS-tæki, radarvara og leðurtösku, sem innihélt skilríki, greiðslukort og seðlaveski. Sem fyrr ítrekar lögreglan að verðmæti séu ekki skilin eftir í bílum.

Fáein hnuplmál komu sömuleiðis á borð lögreglu og þá var tveimur reiðhjólum stolið í borginni, öðru í vesturbænum en hinu í Breiðholti.

- jss

Tveir karlmenn ákærðir:

Stálu rafmagni og ræktuðu

LÖGREGLUMÁL Tveir karlmenn um þritugt hafa verið ákærðir fyrir Héraðsdómi Suðurlands. Þeim er gefið að sök að hafa ræktað kannabispöntur og stolið rafmagni til ræktunarinnar.

Mennirnir voru með tuttugu kannabispöntur í bílskúr á Selfossi þegar þeir voru gripnir í júlí á síðasta ári. Annar þeirra hafði tengt fram hjá rafmagnsmæli sem mældi rafmagn í bílskúrnum. Með þessum hætti hagnýttu mennirnir sér á ólögmatan hátt orku til fíkniefnaræktunarinnar.

Þeir óskuðu eftir fresti til að taka afstöðu til sakarefnisins við þingfestingu málsins.

- jss



TURNFÁLKINN Tegundin er náskyld íslenska smyrilinum og lík honum í útliti.



RUTH OG FÁLKINN Turnfálkinn var orðinn afar gæfur undir lokin og kom fljúgandi til Ruthar og settist á hendi hennar þegar hún opnaði inn til hans.

Bjargaði og hýsti fálka

Illa leikinn turnfálki fannst í Vestmannaeyjum fyrir þremur vikum. Fékk aðhlyningu og mat hjá fuglaunnanda í þrjár vikur og var sleppt lausum í gær.

DÝRALÍF Vestmannaeyjar fengu heimsókn frá Evrópu fyrr í mánuðinum þegar turnfálki fannst þar illa til reika og máttfarinn. Ruth Barbara Zohlen náttúruunnandi fann fuglinn þar sem hún var á göngu og ákvað að taka hann inn á sitt heimili og hlúa að honum. Ruth ól fálkann á kjöti í þrjár vikur og slepti honum síðan lausum.

„Hann var voðalega illa farinn og máttlaus,“ segir Ruth. „Ég fór með hann heim og gaf honum hrátt kjöt að borða. Fyrst þurfti ég að mata hann og seinna fór hann að éta sjálfur.“

Ruth er ekki óvön því að ala fugla en hún hefur á heimili sínu lundapysju og nokkra rituunga sem hún er að ala þar til þeir eru tilbúnir fyrir hinn stóra heim. Hún segir turnfálkann hafa verið kærkomna viðbót á heimilið.

„Það var ekkert vandamál. Reyndar var lundapysjan svolítið hrædd við hann, en hundinum okkar líkaði hann mjög vel,“ segir hún. „Þegar ég kom inn í herbergið þá kom hann fljúgandi og settist á hendina á mér.“

Ruth segir að sárt hafi verið að skilja við fálkann eftir þriggja vikna samveru. „Hann settist niður í gamla hraunið þar sem ég



FUGLINN FLOGINN Ruth slepti fálkanum lausum eftir þriggja vikna aðhlyningu.

fann hann fyrst. Ég vona að hann yfirgefi landið og gangi það vel,“ segir hún. „En við erum enn þá með pysjuna og einn rituunga sem við sleppum seinna í haust.“ Ruth segir að það hafi komið fyrir að fuglarnir sem hún sleppi snúi til hennar aftur í leit að mat, en þeir standi svo á eigin fótum á endanum.

Ævar Petersen, fuglafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun, segir turnfálkann flækingsfugl og hann komi hingað til lands nær árlega. Hann segir ekki algengt að hann sjáist hér á landi en það komi þó fyrir einstaka sinnum. Turnfálkinn kemur frá Evrópu og er mjög algengur víða um álfuna.

sunna@frettabladid.is

MYNDIR/ÓSKAR P. FRIDRIKSSON

Umvafin þjónustu

Rekstrarþjónusta Skyggnis



Treystu okkur fyrir heildarrekstri tölvukerfa þinna og þú getur áhyggjulaus tryggt viðskiptavinum þínum gæði og framúrskarandi þjónustu.

Við umvefjum þig þjónustu og pössum að tölvukerfi þín séu til reiðu þegar þú vinnur og vökum yfir þeim þegar þú sefur.

Skygggir - Rekstrarþjónusta án aukareikninga.

Hafðu samband við söluráðgjafa Skyggnis til að fá frekari upplýsingar um rekstrarþjónustu Skyggnis. Síminn er 516 1000 og netfangið: sala@skygggir.is



Borgartúni 37 | 105 Reykjavík | Sími 516 1000 | skygggir.is

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á go stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...

Múslimar og hindúar á Indlandi verða að skipta á milli sín helgum bænastað:

Spenna vegna dómsúrskurðar

INDLAND, AP Lögregla og her höfðu mikinn viðbúnað í gær í bænum Ayodhya á norðanverðu Indlandi og víðar í landinu, eftir að dómstóll kvað upp þann úrskurð að múslimar og hindúar eigi að skipta á milli sín helgum stað, sem deilur hafa staðið um áratugum og jafnvel öldum saman.

Indverskir múslimar halda upp á staðinn vegna þess að þar standa rústir mosku, sem reist var á sextándu öld en eyðilögð í óeirðum árið 1992. Þeir vilja endurreisa moskuna.

Hindúar segja moskuna hafa verið reista á fæðingarstað guðsins Rama, og vilja því reisa þar bænahof.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að múslimar geti gert tilkall til þriðjungs svæðisins, nefnilega þess hluta þar sem moskan stóð, en tveir hópar hindúa geti skipt á milli sín afganginum.

Fyrst viðbrögð bæði múslima og hindúa við dómnum voru hófstiltari en búist var við. Lögmennt horva tveggja sögðust ætla að áfrýja úrskurðinum.

„Við vonumst til þess að hægt verði að leysa úr öllum vandamálum varðandi hindúa og múslima með vinsamlegum hætti,“ sagði Haji Arfat, leiðtogi annars hindúáhópsins.



ÚRSKURÐI FAGNAÐ Nemendur í hindúaskóla á Indlandi fögnuðu úrskurðinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

- gb

„Ég tek Goðheima“

Hvar ætlar þú að ganga til góðs?

Hilmar Örn Hilmarsson
Allsherjargoði

Gakktu með í klukkustund á morgun 2. október

Landssöfnun Rauða kross Íslands gerir félaginu kleift að byggja athvörf í Malaví fyrir börn sem eiga um sárt að binda vegna alnæmis, gefa þeim eina heita máltíð á dag og veita þeim fræðslu. Í Sierra Leóne aðstoðar Rauði krossinn stríðshrjád börn, endurhæfir barnahermenn og veitir þeim tækifæri til að losna úr viðjum borgarastyrjaldar. **Okkur vantar 3000 sjálfbóðaliða til að ganga í klukkustund og ná þannig til allra heimila á landinu.**

Skrefin til góðs eru einföld:

- 1 Mættu á söfnunarstöð í þínu hverfi á laugardaginn**
Taktu einhvern með þér – það er miklu skemmtilegra!
- 2 Þar færðu bauk og götu til að ganga í**
Gerðu ráð fyrir u.þ.b. klukkutíma
- 3 Þú skilar bauknum á söfnunarstöðina**
– og líður miklu betur eftir góðverk dagsins!

Skráðu þig á raudikrossinn.is

Göngum til góðs
+ Rauði kross Íslands


Landsvirkjun
Hvetur Íslendinga til að ganga til góðs

-5 kr.

MEÐ ÓB-LYKLINUM

Í DAG!



ÓB-lykilhafar geta safnað Vildarpunktum Ícelandair.
Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is eða í síma 515 1141.

31 stöð um land allt.

www.ob.is

FRÉTTASKÝRING: Hvernig verður ferill málsins hjá landsdómi?

Óhugsandi að skipa nýja dómara

Margt er enn á huldu með framhald ákæru á hendur Geir H. Haarde fyrir landsdómi. Ferill málsins fyrir dómnum er að mestu skýr í lögum. Ekki er jafn ljóst hvernig saksóknari í málinu á að rækja skyldu sína. Þá er ekki skýrt hvernig fer þegar skipunartími dómara rennur út í maí á næsta ári.

Landsdómur verður á næstunni kallaður saman í fyrsta skipti frá upphafi til að fjalla um ákæru á hendur Geir H. Haarde, fyrrverandi formanni Sjálfstæðisflokksins og forsætisráðherra. Ferill málsins fyrir dómnum er í grunninn nokkuð skýr samkvæmt lögum, en álitaefnin eru mörg.

Sum álitaefnin eru til komin vegna þess að þau lög sem gilda um landsdóm eru í grunninn frá árinu 1963. Þó ýmis atriði í lögnum hafi verið lagfærð eftir það standa eftir ýmis atriði sem ekki eru í samræmi við nútímalegri lagaákvæði.

Næsta skref í málinu verður væntanlega skipan saksóknara í málinu. Það er hlutverk Alþingis. Jafnframt skipar Alþingi fimm manna nefnd sem verður saksóknaranum innan handar.

Hlutverk saksóknarans er að mestu afmarkað í lögum um landsdóm, en þegar þeim sleppir taka lög um meðferð sakamála við.

Þó Alþingi hafi ákveðið að höfða mál á hendur Geir H. Haarde hefur ákæra ekki verið gefin út. Málið hefur raunar ekki verið rannsakað eins og venjan er um sakamál. Það er því hlutverk saksóknarans að rannsaka málið og finna gögn og vitni sem geta sannað ákærurnar á hendur ráðherranum fyrrverandi áður en formleg ákæra er gefin út.

Jónatan Þórmundsson, sjálfstætt starfandi prófessor í refsirétti, segir að samkvæmt lögnum geti saksóknarinn komist að þeirri niðurstöðu að rannsókn lokinni að ekki sé hægt að ákæra Geir fyrir öll þau atriði sem Alþingi tiltekur í þingsályktun sinni.

Þá þarf saksóknarinn væntanlega að snúa sér að þingnefndinni sem Alþingi mun skipa til að aðstoða hann.

Jónatan segir að saksóknarinn geti gert tillögu um að fallið verði frá því að ákæra fyrir ákveðin atriði, eða jafnvel að ákæran verði felld niður. Væru fleiri fyrir dómi

gæti hann líka lagt til að ákæru á hendur einhverjum þeirra yrðu felldar niður þó aðrar stæðu áfram. Jónatan segir þó afar skýrt í lögum um landsdóm að saksóknarinn geti ekki bætt við sakarefnin, hann sé bundinn af þingsályktun Alþingis.

Óvíst með dómendum

Átta af fimmtán dómendum í landsdómi eru skipaðir af Alþingi til fimm ára í senn. Þeir sem nú eiga sæti í dómnum hafa setið þar frá 11. maí 2005, og rennur því þeirra tími í dómnum út í maí næstkomandi.

Ekki er ljóst hversu langt málið verður komið á því stigi, hvort dómurinn verður byrjaður að fjalla um málið þegar skipunartími áttmenninganna rennur út. Sé málið komið á það stig væri mjög óheppilegt, raunar næstum óhugsandi, að skipt verði um dómendum í miðjum klíðum, segir Jónatan.

Eina fordæmið fyrir landsdómsmálinu er svokallað Tamílamál í Danmörku. Þar var Erik Ninn-Hansen, fyrrverandi dómsmálaráðherra, sakfelldur. Hann skaut máli sínu til Mannréttindadómstóls Evrópu, sem komst að þeirri niðurstöðu að ekkert væri við málsmeðferðina í Danmörku að athuga.

Jónatan bendir á að Ninn-Hansen hafi meðal annars gert athugasemdir við að dómendum hafi að hluta til verið pólitískt skipaðir. Það sama á við um átta af fimmtán dómendum í landsdómi. Niðurstaða Mannréttindadómstólsins hafi verið sú að ekkert hafi verið athugavert við þetta fyrirkomulag, þar sem dómendurnir hafi ekki verið skipaðir til að dæma í þessu tiltekna máli, heldur séu þeir skipaðir í dómnum til ákveðins tíma.

Skipi Alþingi nýtt fólk í landsdómnum á meðan ákveðið mál er í gangi fyrir dómnum vakna spurningar um þetta atriði, segir Jónatan. Ekkert sé að finna í lögum um hvernig skipa skuli í dómnum séu dómendum við störf í ákveðnu máli. Í öllu falli sé nær óhugsandi að skipt sé um dómendum í miðju máli.

Verði það gert mun það þó ekki endilega eyðileggja málið, segir Jónatan. Það geti þó tafið það þar sem mögulega þurfi að endurtaka eitthvað sem þegar hafi komið fram.

Brjánn Jónasson
brjann@frettabladid.is



ALÞINGI Þingmenn munu fljótlega þurfa að ákveða hver verður saksóknari í landsdómsmálinu gegn Geir H. Haarde. Saksóknarinn þarf svo að finna vitni og sönnunargögn sem leiða hið sanna í ljós, hvort sem það bendir til sektar eða sakleysis Geirs.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Væntanlegur ferill máls fyrir landsdómi

Ferillinn hjá Alþingi

- ✓ Ákvörðun um málshöfðun er gerð með þingsályktun á Alþingi að undangenginni meðferð þingnefndar Alþingis.
- ✓ Forseti Alþingis sendir forseta Hæstaréttar og ákærða tilkynningu um ákvörðun Alþingis.
- Alþingi kys saksóknara til að sækja málið og annan til vara.
- Alþingi kys fimm manna þingnefnd með hlutfallskosningu. Nefndin á að fylgjast með framgangi málsins og vera saksóknara til aðstoðar.

Aðdragandi dómsmálsins

- Forseti landsdóms skipar ákærða verjanda, yfirleitt eftir ósk ákærða.
- Saksóknari Alþingis á að leita allra fánlegra sannana fyrir kæruatriðum, undirbúa gagnaöflun og rannsókn á málinu. Hann á að gera tillögu til landsdóms um „viðeigandi ráðstafanir til að leiða hið sanna í ljós“.
- Forseti landsdóms kveður dómendum saman með „hæfilegum fyrirvara“. Líklegt er að væntanlegir dómur arar tilkynni sjálfir ef þeir telja sig ekki hæfa til setu í dómnum af einhverjum orsökum.
- Forseti landsdóms gefur út stefnu á hendur ákærðu, sem honum er birt með venjulegum hætti.
- Forseti landsdóms ákveður í samráði við saksóknara og verjanda stað og stund fyrir fyrsta þinghald landsdóms.
- Forseti landsdóms, eða dómurinn sjálfur hafi hann komið saman, getur ákveðið samkvæmt tilmælum saksóknara, verjanda eða ákærða „ef hentugt eða nauðsynlegt þykir“ að rannsókn ákveðinna atriða eða öflun tiltekinna gagna skuli fara fram fyrir héraðsdómi. Úrskurðir héraðsdóms sem út úr slíkri vinnu koma eru kærnanlegir til landsdóms.

Þinghald hefst

- Málið er þingfest. Saksóknari leggur fram stefnu, ákærskjal og sönnunargögn. Hann leggur einnig fram lista yfir þau vitni sem hann hyggst kalla fyrir dómnum.

- Í fyrsta þinghaldi skorar forseti landsdóms á sækjanda og verjanda að benda á eitthvað sem þeir telja eiga að verða þess valdandi að dómari við landsdóm sé vanhæfur.
- Verði þess krafist að einhver dómari víki sæti kveður landsdómur upp úrskurð um þá kröfu. Víki dómari sæti á varamaður hans að taka sæti. Dómurinn þarf ekki að vera fullskipaður, en í það minnsta tíu dómur arar verða að sitja í dómnum. Af þeim þurfa minnst fjórir að vera hæstaréttardómarar eða dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur.
- Verjandi fær frest til að leggja fram greinargerð og gögn sem sett verða fram hinum ákærða til varnar. Hann á þá jafnframt að leggja fram lista yfir þá sem vitni sem hann óskar eftir að komi fyrir dómnum.

Réttarhöld í málinu hefjast

- Saksóknari leggur fram lista yfir þau vitni sem hann ætlar að kalla fyrir dómnum.
- Saksóknari gerir stutta grein fyrir ákæruatriðum og gögnum sem hann ætlar að stöðjast við.
- Ákærði er spurður um afstöðu hans til ákærunnar, hann lýsir sig annað hvort sekan eða saklausan.
- Ákærði gefur skýrslu fyrir dómnum. Sækjandi, verjandi og dómur arar fá að spyrja hann um sakarefnin.
- Vitni eru leidd fyrir dómnum. Sækjandi, verjandi og dómur arar spyrja.*
- Saksóknari flytur mál sitt munnlega fyrir dómnum.
- Verjandinn flytur mál sitt munnlega fyrir dómnum.

Málið dómtekið

- Dómarar þinga um málið. Að loknum umræðum ganga dómur arar til atkvæða. Afstaða meirihluta dómsins verður niðurstaðan. Sé staðan jöfn ræður atkvæði forseta dómsins, sem er forseti Hæstaréttar.
- Enginn tímafrestur er gefinn til að komast að niðurstöðu, en í lögum um landsdóm segir að dómur skuli kveða upp „svo fljótt sem við verði komið“.
- Dómurinn er lesinn í heyranda hljóði á dómþingi.
- Engin heimild er til að kæra málið til æðra dómstigs, og niðurstaða landsdóms því endanleg.

*Í lögum um landsdóm er fyrirkomulagið raunar þannig að fyrst eru vitni saksóknara leidd fyrir dómnum, og því næst flytur saksóknari málið. Þegar því er lokið á að leiða vitni verjanda fyrir dómnum, og verjandinn flytur sitt mál. Sérfræðingum sem Fréttablaðið ræddi við þótti þó líklegt að öll vitni verði leidd fyrir dómnum áður en saksóknari flytur mál sitt.

ÞESSAR TVÆR
BRÉFAKLEMMUR
ERU EKKI
ALVEG EINS

FJÁRVAKUR – FJÁRMÁLÞJÓNUSTA EHF.
REYKJAVÍKURFLUGVELLI | 101 REYKJAVÍK
SÍMI 50 50 250 | FAX 50 50 259
FJARVAKUR@FJARVAKUR.IS
WWW.FJARVAKUR.IS

FJÁRVAKUR ER EKKI EINS OG ÖNNUR
FJÁRMÁLÞJÓNUSTUFYRIRTÆKI Á ÍSLANDI

Fjárvakur er leiðandi fyrirtæki á Íslandi í umsjón bókhalds, launavinnslu og annarra fjármálaferla. Rúmlega 100 starfsmenn Fjárvakurs á Íslandi og í Eistlandi búa yfir áralangri reynslu og þekkingu á fjármálaferlum og vinnslu og dreifingu fjárhagsupplýsinga.

Fjárvakur veitir trausta alhliða fjármálaþjónustu og ráðgjöf til meðalstórra og stórra fyrirtækja í þeim tilgangi að auka gæði og áreiðanleika upplýsinga og lækka kostnað.

Fyrirtækið býður viðskiptalausnir í fremstu röð og framúrskarandi þjónustu. Notast er við niðurstöður úr árlegri þjónustukönnun til að viðhalda og auka ánægju viðskiptavina.

KYNNTU ÞÉR HVAD VIÐ GETUM GERT FYRIR ÞITT FYRIRTÆKI

FJÁRVAKUR
FJÁRMÁLÞJÓNUSTA



Stilling

ára 

50

50%

afsláttur

Í tilefni af fimmtíu ára afmæli Stillingar viljum við sýna viðskiptavininum þakklæti okkar og bjóða 50% afslátt af öllum vörum í verslunum okkar í dag.

Vinsamlegast athugið að þetta tilboð miðast við staðgreiðslu eða kortaviðskipti og eitt stykki af hverju vörunúmeri.

Skeifan | Verslun
Skeifan 11 · 108 Reykjavík
Sími 520 8001

Hafnarfjörður | Verslun
Bæjarhraun 6 · 220 Hafnarfjörður
Sími 520 8003

Bíldshöfði | Verslun
Bíldshöfði 12 · 110 Reykjavík
Sími 520 8005

Akureyri | Verslun
Draupnigata 1 · 600 Akureyri
Sími 520 8002

Kópavogur | Verslun
Smíðjuvegur 68 · 200 Kópavogur
Sími 520 8004

Selfoss | Verslun
Eyrarvegur 29 · 800 Selfoss
Sími 520 8006

Klettháls | Skrifstofur og Lager | Klettháls 5 · 110 Reykjavík · Sími 520 8000



PÚSUND ÁRA AFMÆLI Stjórnvöld í Víetnam hafa skreytt götur höfuðborgarinnar Hanoi til að búa landsmenn undir þúsund ára afmæli Víetnams. Margir íbúanna hafa þó látið sér fátt um finnast. NORDICPHOTOS/AFP

Bandaríkjaforseti fær boð:

Obama boðið í Íslandsheimsókn

UTANRÍKISMÁL Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hefur boðið Barack Obama, forseta Bandaríkjanna, að heimsækja Ísland. Er þetta gert með formlegum hætti til þess að efla enn frekar samskipti landanna.



BARACK OBAMA

Jóhanna hitti Obama í síðustu viku í tengslum við allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna. Þar árétaði hún boð sitt við Bandaríkjaforseta, sem var síðast boðið til landsins af Össuri Skarphéðinssyni í apríl 2009. Ronald Reagan, fyrrverandi Bandaríkjaforseti, sótti Ísland heim árið 1986.

-sv

Norðmenn takast á um ESB-aðild Íslands

Norskar hreyfingar með og á móti ESB-aðild landsins styðja íslensku systursamtökin Heimssýn og Sterkara Ísland á ýmsan hátt. „Innganga Íslands skiptir miklu máli fyrir Noreg“ segir á einni heimasíðu og reikningsnúmer er birt.

EVROÞUMÁL Norsk samtök, sem berjast með og á móti inngöngu Noregs í Evrópusambandið, styðja systursamtök sín á Íslandi á ýmsan hátt og stendur meðal annars yfir fjársöfnun fyrir Heimssýn, íslensku nei-samtökin.

Á heimasíðu hins norska „Nei við ESB“ er fjallað um hugsanlega inngöngu Íslands. Þar segir að norsku samtökin miðli af þekkingu sinni og reynslu til Íslendinganna. Ferðalög og þýðingar kosti sitt:

„Styðjið íslensku nei-hliðina með framlagi inn á samstöðureikning Nei við ESB,“ segir þar og númer bankareiknings fylgir.

Á heimasíðu norsku Evrópuhreyfingarinnar er einnig fjallað um aðildarviðræður Íslands. Hreyfingin muni fylgjast vel með ferlinu og styðja við íslensku já-hliðina, ásamt Fjölbjóðlegu Evrópuhreyfingunni.

Ekki er að heyra á Páli Vilhjálmssyni, starfsmanni Heimssýnar, að söfnunin hafi skilað miklu. Félagið hafi fengið „sama og ekkert“ í aurum talið frá norsku samtökunum.

Þó fór hópur frá Heimssýn á landsfund hjá norska nei-inu í fyrra og greiddu Norðmenn ferð og upphald. Eins komu Norðmennirnir hingað með litla sendinefnd og greiddu sjálfir fyrir.

„Þar kynntumst við því hvernig þeir skipulögðu baráttuna gegn ESB-samningnum 1994 og það var



HVADÁ ÁHRIF HEFÐI INNGANGA ÍSLANDS? Lesa má um áhuga Norðmanna á aðildarumsókn Íslendinga á www.neitileu.no og á www.jasiden.no.

FRÉTTABLAÐIÐ/KLEMENS

heilmikið á því að græða,“ segir Páll. Minna samstarf hafi verið við sænska og danska nei-ið, en frá dönsku samtökunum hafi þó Evrópuþingmaður, neikvæður í garð ESB, heimsótt Heimssýn á kostnað Evrópuþingsins.

Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir, framkvæmdastjóri Sterkara Íslands, segir samtökin enga peninga hafa fengið frá Norðmönnum. „Nei. Við vorum í samstarfi við norsku samtökin um fyrirlestur Joe Borg. Þau borguðu hluta kostn-

áðarins á móti okkur,“ segir hún en veit ekki nákvæmlega hvernig því var skipt.

„Um leið funduðum við með stjórn norsku samtakanna um helgina, sem var mjög gagnlegt,“ segir hún. Einnig sé félagið í samstarfi við Fjölbjóðlegu Evrópuhreyfinguna í gegnum íslensku Evrópusamtökin.

Engin söfnun standi yfir hjá norsku já-hliðinni eins og hjá nei-hliðinni gagnvart Heimssýn.

klemens@frettabladid.is



PÁLL VILHJÁLMSOON



BRYNDÍS ÍSFOLD HLÖÐVERSDÓTTIR



LITLA-HRAUN Fíkniefnahundur merkti á manninn í heimsóknarálmunni.

Dæmdur til að greiða sekt: Með fíkniefni í nærfötunum

DÓMSMÁL Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Suðurlands í 120 þúsunda króna sekt fyrir að reyna fyrr á árinu að smygla fíkniefnum inn á Litla-Hraun.

Maðurinn var með rúmlega gramm af amfetamíni og tæpt gramm af maríjúana sem hann faldi í nærfötum sínum. Fíkniefnahundur merkti á hann í heimsóknarálmu fangelsisins. Maðurinn mætti ekki fyrir dóminn.

-jss

Ákærð fyrir líkamsárás: Kona beit mann í hægri síðuna

DÓMSMÁL Kona á fertugsaldri hefur verið ákærð fyrir að ráðast á karlmann.

Konunni er gefið að sök að hafa í sumar ráðist á mann, sér litlu eldri, utan dyra á Selfossi. Hún lamdi hann í bakið, reif í hár hans og beit hann í síðuna yfir mjaðmarkambi.

Maðurinn hlaut eymsli yfir hálsi, niður brjósthygg og í hársverði, ásamt bitfari á síðu.

Konan játaði við þingfestingu að hafa bitið hann.

-jss

Midborgin okkar

Langur Laugardagur

STJÖRNUR Í STJÖRNUPORTI

Tónlist & stemning á Laugavegi, Skólavörðustíg og í Kvosinni.

kl. 14:30 Bjartmar Guðlaugsson
kl. 15:00 Ingó
kl. 15:30 Lára Rúnars

Störnuport er þar sem áður var Stjörnuþió með Tarzan, Jane & co. Þar er nú glæsilegasta bílastæðahús Reykjavíkur!

Njótum veitinga, verslana og upplifunar í hjarta borgarinnar.

Sjáumst!

Austurbær er handan við hornið þar sem Roy Rogers & Trigger bjuggu. Í kvöld kl. 19:00 stígur Ingó Veðurguð þar á svið í fyrsta sinn í hlutverki Buddy Holly. Hann hitar þó upp á slóðum Tarzan & Jane kl. 15:00.

AUSTURBÆR

STJÖRNUPORT
Laugavegi 94

MIBBORGIN OKKAR

netto

Ódýrt fyrir heimilið!

TAKIÐ ÞÁTT Í OPNUNARLEIK
NETTÓ Í MJÓDD OG BYLGJUNNAR!

SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN Á NETTO.IS
ÞÚ GETUR UNNIÐ GJAFABRÉF
AÐ VERÐMÆTI 10.000 KR.

FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ

Hvítlauks-lambalæri
frá Kjötsel



OPNUM Í DAG!

NÝJA OG GLÆSILEGA NETTÓ – MJÓDD

Nýjar íslenskar
kartöflur

1,5 kg/pk.



Samlokubrauð
frá Netto



TILBOÐIN GILDA AÐEINS Í NETTÓ MJÓDD Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



598
KR. pk

TVEIR 2 x 120g RISAUNGAUTA-HAMBORGARAR MEÐ BRAUÐI OG SÓSU



698
KR. pk

ISLANDSNAUT TVÆR CLUBSAMLOKUR



198
KR. kg

K.S FROSIN LAMBALIFUR



198
KR. stk

MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770g



398
KR. kg

BÓNUS BLANDAÐIR KJÚKLINGABITAR



1998
KR. kg

ISLANDSLAMB ÚRBEINAD LAMBALÆRI, KRYDDAD Í ÁLBAKKA TILBÚÐ BEINT Í OFNINN

VÍNBER ERU EKKI BARA VÍNBER



598
KR. kg

NÝ AMERÍSK STEINALAUS VÍNBER RAUÐ OG GRÆN



1298
KR. kg
FERSKT LAMBALÆRI



498
KR. kg

SS REYKTUR FROSINN FOLALDAFRAMPARTUR



898
KR. kg

ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR



NÝTT ÍSLENSKT GRÍSAKJÖT AF NÝSLÁTRUÐU



998
KR. kg

ALI FERSKAR ÚRBEINADAR GRÍSAHNAKKASNEIDAR



998
KR. 700g

BÓNUS SÚKKULADÍKAKA MEÐ KREMI OG SULTU 1000g (3ja hæða)



ENGIFERDRYKKUR
Sollu Eiríks

ENGIFERVATN

5 sm engiferrott, afhýdd og skorin í bita. Sett í pott með 1 ltr. af vatni og sodið í 15 mín. slökkt undir og látið standa í aðrar 15 mín. Þessi drykkur er góður bæði heitur og kaldur.

ENGIFERVATN MEÐ EPLABRAGÐI

5 cm engiferrott, afhýdd og skorin í bita sett í pott með 1 ltr. af eplasafa. Sodið við vægan hita í 30 mín. Látið kólna niður. Hægt að drekka epla-engifervatnið heitt eða kalt!



498
KR. kg

FERSK ENGIFERROT NÝ SENDING



698
KR. kg

LÍFRÆNT AGAVE SYRÓP 425 ML

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veititungda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BONUS BONUS BONUS BONUS B



HOLLASTA LAUGARDAGSNAMMIÐ



298
KR. 500g

AKURSEL LÍFRÆNAR GULRÆTUR 500G POKI



6000 TANNKRÉMSTÚPUR Í
BODI Á ÞESSU VERÐI

459
KR. 90ml

20% MEIRA MAGN

398
KR. 30m

SENSODYNE TANNÞRÁÐUR

FYRIR GÓÐA TANNHEILSU



198
KR. 165g



198
KR. 165g



ISLENSK
FRAMLEIÐSLA

198
KR. 160g.



159
KR. 2 ltr.



398
KR. 6 stk

JÓGÚRTÍS ER MÁLIÐ; AÐEINS 3,5% FITA



279
KR. 1 ltr.

BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veitutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

FRÉTTASKÝRING: Hvar stendur Helguvíkurlverið?



Í HELGUVÍK Þaksperrur fyrirhugaðs kerskála álversins eru komnar upp en líklega verður enn bið á framkvæmdum þar til orkumál eru útkljáð.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Orkuöflun til Helguvíkur enn óleyst

Tafir á álversframkvæmdum í Helguvík má helst rekja til vandræða við orkuöflun. HS Orka bíður virkjunarleyfis á Reykjanesi og OR hefur enn ekki lokið fjármögnun í Hverahlíð. Forstjóri Norðuráls gagnrýnir seinangang umhverfisráðherra.

Framkvæmdir við fyrirhugað álver Norðuráls í Helguvík hafa verið í biðstöðu um nokkra hríð þar sem lítið virðist þokast.

Málið má rekja aftur til ársins 2005 þegar Norðurál, Hitaveita Suðurnesja og Reykjanesbær undirrituðu viljayfirlýsingu um að skoða möguleikana á álveri í Helguvík. Fyrsta skóflustungan var tekin árið 2008, en nú stendur í Helguvík stálgrind kerskála og eru framkvæmdir þar í algjöru lágmarki. Norðurál stefnir þó ótrútt að álveri með 360.000 tonna framleiðslugetu sem muni rísa í fjórum 90.000 tonna áföngum.

Hver bendir á annan

Talsmenn álvers hafa lagt áherslu á þýðingu stóriðju og framkvæmda fyrir Suðurnes, sem býr nú, sem lengi fyrr, við mesta atvinnuleysi á landinu.

Þeir hafa mætt einarðri andstöðu umhverfisverndarsinna og annarra sem hafa efasemdir um stóriðju auk þess sem misvísandi skilaboð berast frá aðstandendum verkefnisins þar sem enginn vill meina að ferlið strandi hjá sér.

Ríkisstjórninni hefur verið legið á hálsi að hafa ekki lagst með fullum krafti á árárnar, en hét því þó í stöðugleikasáttmála við aðila vinnuarkaðarins að „greiða götu þegar ákveðinna stórfamkvæmda sbr. þjóðhagsáætlun, s.s. framkvæmda vegna álvera í Helguvík og Straumsvík.“

Þá var undirritaður fjárfestingarsamningur milli Norðuráls og ríkisins í ágúst 2009.

Ráðherra kallaði einnig til fund-

Orkupörf álvers

Í samningum Norðuráls við HS og OR frá árinu 2007 er gert ráð fyrir að HS afhendi allt að 150Mw og OR 100Mw fyrir fyrsta áfanga versins árið 2010. Heildarorkuþörf fyrir 360.000 tonna álver er 625Mw.

ar fyrir um mánuði þar sem allir hagsmunaaðilar, Norðurál, orkufyrirtækin, stofnanir og sveitarfélög, hittust til að reyna að eyða óvissu um verkefnið.

Óvissan snýst fyrst og fremst um raforku þar sem áætlanir Hitaveitu Suðurnesja, síðar HS Orku, og Orkuveitu Reykjavíkur (OR) um orkuöflun hafa ekki staðist.

Orkuöflun og skipulagsmál

Orkumálið er margslungið enda er orkuöflun tímafrekt ferli sem er háð opinberum leyfum, skipulagsmálum sveitarfélaga, fjármögnun virkjana og ekki síst því að vel gangi að finna orku og flytja hana til Helguvíkur.

Fyrirhugaðar línulagnir mættu mikilli andstöðu, en samkomulag hefur nú tekist milli Landsnets og sveitarfélaga um leguna.

OR er þegar komið með rannsóknarleyfi í Hverahlíð, þar sem hún áformar að sækja 100Mw fyrir Norðurál. Sveitarfélagið Ölfus hefur gefið leyfi til að bora þar, en OR á enn eftir að fá fyrirhuguð mannvirki inn í deiliskipulag.

Einnig á eftir að ljúka fjármögnun fyrir þær framkvæmdir, en gangi það allt upp miðar OR við að geta afgreitt raforku eftir tvö ár.

Stækkun Reykjanesvirkjunar þar sem til stendur að fá 80Mw bíður enn virkjanaleyfis frá Orkustofnun, en það mál er í eðlilegu ferli, samkvæmt upplýsingum frá Orkustofnun. Vísindamenn greinir á um hvort jarðhitasvæðið á Reykjanesi standi undir stækkun virkjunar og er það meðal annars til skoðunar.

Þá hefur HS Orka fengið leyfi Hafnarfjarðarbæjar til tilraunaborana í Krýsuvík, en bíður þess enn að Grindavíkurbær afgreiði skipulagsmál í Eldvörpum þar sem

einnig var fyrirhugað að sækja orku til verkefnisins.

Júlíus Jónsson, forstjóri HS Orku, segir í samtali við Fréttablaðið að gangi allt upp gæti fyrirtækið skilað tilætlaðri orku eftir um fjögur ár.

„Reykjanes gæti skilað 50Mw eftir tó ár og 30Mw allt að ári seinna. Hitt veltur á því hvernig gengur með boranir, en gæti orðið árið á eftir ef allt gengur upp og ferlið verður ekki of tafsaft.“

Norðurál: Ekkert að vanbúnaði

Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls, segir fyrirtækið hafa gengið frá öllum sínum málum.

„Við höfum klárað allt sem snýr að álverinu, öll leyfi og slíkt. Okkur er því ekkert að vanbúnaði með að fara af stað. Við bíðum eftir staðfestingu frá orkufyrirtækjunum, sérstaklega HS Orku um orkuafhendingu.“

Ragnar segir OR hafa uppfyllt sína samninga varðandi fyrsta áfanga og vinna sé í fullum gangi fyrir næstu skref. HS Orka hafi ekki getað klárað sitt, m.a. vegna leyfa og breytinga á eignarhaldi fyrirtækisins.

„Það hafa verið tafir á leyfisferlum í tengslum við verkefnið, bæði hvað varðar skipulagsmál og annað, líkt og virkjanaleyfi út af stækkun á Reykjanesvirkjun. Þá má nefna rammaáætlun sem hefur verið föst í þinginu í marga mánuði en niðurstaða hvað það varðar auðveldar alla umræðu.“

Þá segir Ragnar líka að umhverfisráðuneytið hafi ítrekað farið langt fram úr eðlilegum tímamörkum við afgreiðslu mála. Hann tekur sem dæmi afgreiðslu á skipulagstillögum í Ölfusi sem tengist áætlunum OR. Það mál hafi borist ráðuneytinu í byrjun apríl og hefði átt að vera lokið í byrjun júlí. „Nú, þremur mánuðum eftir að ráðuneytið átti að klára málið, er ráðherra allt í einu vanhæfur. Það hefði mátt sjá strax í apríl en núna veit enginn hvenær þessu máli lýkur enda mörg brýn verkefni sem hvíla á nýjum velferðaráðherra.“

Álver í Helguvík: Frá ári til árs

2005	maí	15. maí 2005: Century Aluminum, Reykjanesbær og Hitaveita Suðurnesja hefja könnun á möguleikum á álveri Norðuráls í Helguvík. Þetta eru fyrstu staðfestu fregnir um væntanlegt álver.	
2006	apríl	27. apríl 2006 Lóðarsamningur undirritaður milli Norðuráls og Reykjanesbæjar. Með því tryggir Norðurál sér lóð, ásamt því að semja um gjöld til Reykjanesbæjar.	
2007	apríl	23. apríl 2007 Samningar um orkusölu milli Hitaveitu Suðurnesja og Norðuráls. Þessi samningur var undirritaður í kjölfar viljayfirlýsingar milli Norðuráls, HS og Orkuveitu Reykjavíkur, sem undirritaði orkusölusamning nokkrum vikum síðar.	
2008	mars	12. mars 2008 Reykjanesbær og Sveitarfélagið Garður veita Norðráli byggingarleyfi fyrir álveri. Tveimur dögum síðar hófust undirbúningsframkvæmdir í Helguvík.	
2009	júní	10. september 2008 Norðurál fær starfsleyfi frá Umhverfisstofnun.	
	ágúst	25. júní 2009 Stöðugleikasáttmálið undirritaður. Þar kveður á um að Helguvíkurlveri verði unnið brautargengi.	
2010	ágúst	7. ágúst 2009 Iðnaðarráðherra og forsvarsmenn Norðuráls undirrita fjárfestingarsamning.	
		30. ágúst 2010 Iðnaðarráðherra stendur fyrir samstarfsfundi með Norðuráli, orkufyrirtækjunum, sveitarfélögum og stofnunum, til að ræða stöðu mála og eyða óvissu varðandi framhaldið.	

Ragnar vonast til þess að þegar orkumál leysist verði um tvö ár þar til framleiðsla geti hafist í fyrsta áfanga álvers, en segir ekki hægt að slá neinu föstu. „Það eru allar efnahagslegar forsendur til að fara af stað fljótlega og ég bind vonir við að samræmingarverkefni iðnaðarráðherra muni verða til þess að koma málinu af stað.“

Enn virðist töluvert vera í land varðandi álverið og óvissuþættirnir margir. Orkuöflun er þar efst á blaði, en aðgangur að fjármagni til virkjunarframkvæmda gæti einnig sett strik í reikninginn.

Þá eru sem fyrr harðar deilur í samfélaginu um það hvort stóriðja sé svarið til að koma hjólum efnahagslífsins í gang á ný, eða hvort svarið leynist á öðrum sviðum. Enn er ekki búð að taka af öll tvímæli um framgang álversins og þar til orkuöflun er trygg munu þaksperrurnar í Helguvík standa berar enn um sinn.

Porgils Jónsson
thorgils@frettabladid.is



FJÖLSTILLANLEG



ERGOMOTION 100 LÍNAN

- Ergomotion er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botninn sem er fánlegur í dag.
- Botninn er inndraganlegur á sleða svo hægt er að nýta ljósið á náttbordinu.
- Lyftigetan er gífurleg þar sem í botninum eru tveir mótórar. Einn fyrir höfudgafi og annar fyrir fótgafi.
- Öll tannhjól og lídamót eru úr hágæða næloni svo ekkert ískur og óþarfi að smyrja.
- Hjóðlátt og öflugt.
- 3 mm, tvíhert stálgrind undir öllum botninum.
- 20 ára ábyrgð á mótórum og grind.
- Einföld og þægileg fjarstýring.

HEILSURÚM

FJÖLSTILLANLEG HEILSURÚM Á FRÁBÆRU VERÐI!

VERÐ 473.503 kr. MEÐ ÞRÝSTIJÖFNUNARDÝNUM



ATH! VIÐ EIGUM FLEIRI TEGUNDIR AF DÝNUM Á ERGOMOTION HEILSURÚMIN

ERGOMOTION 400 LÍNAN

- Ergomotion er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botninn sem er fánlegur í dag.
- Botninn er inndraganlegur á sleða svo hægt er að nýta ljósið á náttbordinu.
- Lyftigetan er gífurleg þar sem í botninum eru tveir mótórar. Einn fyrir höfudgafi og annar fyrir fótgafi.
- Öll tannhjól og lídamót eru úr hágæða næloni svo ekkert ískur og óþarfi að smyrja.
- Hjóðlátt og öflugt.
- 3 mm, tvíhert stálgrind undir öllum botninum.
- 400 línan er með öflugum nuddi, þremur mismunandi hraðastillingum og tímarófa.
- 20 ára ábyrgð á mótórum og grind.
- Þráðlaus fjarstýring með útvarpssemi svo ekki þarf að beina fjarstýringunni á móttakara.
- Rúmið fært niður í flata stöðu með einum takka.
- Þyngdarleysistakkinn (Zero G) færir rúmið í þyngdarleysisstöðu. Njóttu þægindanna og upplifðu tilfinninguna. Staðan hjálpar blóðrásinni og minnkar pressu á mjóðak og axlir.



HÁGÆÐA AMERÍSK HEILSURÚM Í 112 ÁR

King Koil hefur framleitt hágæða heilsurúm í Bandaríkjunum í 112 ár. King Koil hefur verið gríðarlegum fjármunum og tíma í þróun og prófanir. Á þessum tíma hefur King Koil náð miklum og góðum árángri sem endurspeglast í viðurkenningum sem fyrirtækinu hafa verið veitt í gegnum árin. Í dag er King Koil einu heilsurúmin sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóðasamband Kiropraktora) og Good Housekeeping (Stærstu neitandasamtök í Bandaríkjunum).



rekkjan

VIÐTAL: Yngsti þingmaður Íslandssögunnar

Verð kannski spurning í Gettu betur

Víðir Smári Petersen er útskrifaður klarínnettuleikari, varð stúdent sautján ára, lauk BA-námi í lögfræði tvítugur og tók sæti á Alþingi 21 árs í vikunni, yngstur allra Íslendinga. Kjartan Guðmundsson ræddi við Víði undir lok annasamrar viku.

„Ég hef fengið alveg ótrúlega góðar viðtökur, bæði í þinginu sjálfu og svo frá fólki sem sendir mér heillaóskir í gegnum síma, tölvupóst, Facebook og þar fram eftir götunum. Gamli kennarar hafa haft samband við mig og svo fékk ég sms-skilaboð frá konu sem var yfirmaður minn þegar ég vann í 11-11 fyrir mörgum árum og er mjög þakklátur fyrir. En auðvitað er ekki allt jafn jákvætt. Það er helst að einhverjir Moggabloggarar séu að stimpla mig sem sjálfstæðisuppa, eins og þeir halda að allir ungir sjálfstæðismenn séu, en jákvæðu viðbrögðin eru mun fleiri og vega vel upp á móti,“ segir Víðir Smári Petersen, sem á mánudag tók sæti á Alþingi yngstur allra Íslendinga, en hann fagnar 22 ára afmæli sínu eftir rétt rúman mánuð.

Hann segist stoltur af árangrinum, þótt ekki hafi það verið honum sérstakt keppikefli að verða yngsti þingmaður Íslandssögunnar. „Kannski verð ég spurning í Gettu betur einhvern daginn. Það yrði mikill heiður,“ segir hann og hlær.

Leið illa eftir atkvæðagreiðslu

Á mánudag lenti Víðir í þeirri sérstöku stöðu að hefja sinn þingmannsferil í miðjum umræðum um hvort höfða ætti mál gegn fyrrum ráðherra fyrir landsdómi, mál sem Víðir segir eitt það sérstæðasta og sögulegasta sem Alþingi hefur tekist á við í gegnum tíðina.

„Það var í raun skemmtilegt að þetta skyldi hittast svona á því ég hef mikinn áhuga á mannréttindum, er meðal annars að skrifa mastersritgerðina mína í lögfræði um mannréttindi og landsdómsmálið er einkar áhugavert út frá slíkum sjónarmiðum,“ segir Víðir Smári.

„Í jómfúrræðunni lagði ég höfuðáherslu á þá staðreynd að ráðherrarnir fengu ekki að svara fyrir sig frammi fyrir þingmannanefndinni, og því grundvallar sú nefnd niðurstöðu sína í raun á skýrslu annarrar nefndar sem hafði allt öðru hlutverki að gegna. Tæknilega séð voru fjórir ráðherrar sakaðir um að hafa valdið heilu bankahruni, en enginn þeirra var kallaður fyrir þingmannanefnd. Svona lagað á ekki að þekkja á lýðræðislegu þjóðfélagi.“

Aðspurður segir Víðir Smári að honum hafi liðið illa þegar niðurstada atkvæðagreiðslunna á miðvikudag leiddi í ljós að Geir Haarde verður einn ráðherranna dreginn fyrir landsdóm. „Það var allt annað en þægileg tilfinning að sjá hvernig atkvæði sumra þingmanna Samfylkingarinnar féllu eftir pólitískum línum. Það er í raun sorglegt að Geir skuli hafa verið handvalinn á skipulagðan hátt, og enn verr leið mér þegar ég heyrði þingmenn Hreyfingarinnar halda því fram að bóða þyrfti til kosninga vegna þess að hinir ráðherrarnir verða ekki ákærðir. Ég hef margt og mikið á móti þessari ríkisstjórn og vil að hún sitji sem styst, en í þessu tilvikinu voru þingmenn Hreyfingarinnar að staðfesta þá skoðun sína að þetta mál væri eingöngu pólitískt,“ segir Víðir.



UNGUR Á ALÞINGI Víðir Smári er sannfærður um ágæti sjálfstæðisstefnunnar, en telur þó að ekki eigi að halda með flokkum eins og fótboltiðum. „Ungir sjálfstæðismenn hafa verið samvíska flokksins í gegnum tíðina og ég ætla ekki að hætta því,“ segir Víðir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Enginn félagslegur nörd

Vikan hefur því að sönnu verið annasöm hjá þingmanninum unga, en Víðir Smári er þó vanur því að hafa meira en nóg að gera. Þessa dagana sækir hann tíma í lögfræðinámi sínu við Háskóla Íslands (HI) og vinnur þar að auki að meistara-ritgerð sinni í faginu eins og áður sagði, auk þess sem hann vinnur hálfstarf hjá lögmannsstofnunni LEX sem laganemj og sinnir aðstoðarkennslu við HI. Þá situr Víðir í stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna, er ritstjóri Stefnis, tímarits um þjóðmál og varamaður í lista- og menningarráði Kópavogsbæjar.

Líklegt er að margir muni eftir Víði sem keppanda í spurningakeppni um Útsvari á RÚV, en þar stóð hann uppi sem sigurvegari tvö ár í röð ásamt félögum sínum í liði Kópavogs. Hann keppti einnig í Gettu betur, spurningakeppni framhaldsskólanna, fyrir hönd Menntaskólans í Kópavogi í þrjú ár og gegndi stöðu þjálfara liðsins í önnur þrjú ár.

Víðir varð stúdent einungis sautján ára gamall, hóf þá einnig háskólanám sitt og útskrifaðist með BA-gráðu í lögfræði tvítugur. Þá lauk hann burtfararprófi í klarínnettuleik frá Tónlistarskóla Reykjavíkur fyrir tveimur árum og hefur verið formaður stjórnar Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins undanfarn þrjú ár.

„Ég hef mikinn áhuga á að mennta mig enn frekar í lögfræði og tónlist og hef trú á því að vel sé hægt að sameina framhaldsnám í þessu tvennu,“ segir Víðir. Spurður hvort slíkt annríki bitni á félagslífinu segir hann svo ekki vera. „Heilbriggt félagslíf er nauðsynlegt til að halda sönnsum. Ég er kannski nörd í námslegu tilliti en ég vil ekki meina að ég sé félagslegt nörd. Ég á fullt af góðum vinum sem ég hitti reglulega, er mjög virkur í félagsstarfi og bý með kærustunni minni til fjögurra ára á Sólfallagötu í Reykjavík,“ segir Víðir og bætir við að hann gerist seint KR-ingur þrátt fyrir nálægðina við vestur-

bæjarstórveldið. „Ég æfði bæði fótbolta og handbolta með HK fram á unglingsár, en Kópavogshjartað sló samt ansi ört þegar Breiðablik varð Íslandsmeistari um síðustu helgi.“

Hreifest af Jóni Sigurðssyni

Víðir gerðist snemma fróðleiksfrú að eigin sögn, las mikið og fylgdist vel með fréttum frá unga aldri, og sjö ára gamall trúði hann grunn-skólakennaranum sínum fyrir því að hann ætlaði að keppa í Gettu betur þegar hann yrði stór. „Markmiðið varð því snemma að víða að mér þekkingu, auk þess sem ég hef alltaf haft gríðarlega gott minni. Enn þann dag í dag get ég rifjað orðrétt upp sögur sem pabbi sagði mér þegar ég var sjö ára,“ segir hann og skellir upp úr.

Hann segir stjórn málaá hugann hafa kviknað um þrettán ára aldurinn þegar hann fræddist um Jón Sigurðsson í mannkynssögutímum í grunnskóla.

„Jón Sigurðsson var þjóðhetja og í gegnum hann varð mér ljóst að það er mögulegt að gera eitthvað sem skiptir máli, sem skilur eitthvað eftir sig. Brjóstvitíð leiddi mig til hægri og fimmtán ára gamall var ég kominn í stjórn Týs, félags ungra sjálfstæðismanna í Kópavogi. Til að byrja með var ég íhaldssamur og trúði því til dæmis að ríki og kirkja ættu fullkomna samleið, en með árunum hef ég orðið mun frjálslyndari. Núna tel ég fráleitt að ríkið skipti sér af því hvað fólk aðhefst í sínum fríundum. Ég á ekkert að skipta mér af því hverju fólk trúir eða hvern kynhneigðar það er,“ segir Víðir.

Hann bætir við að æskuheimilið



KÓPAVOGSSYSTKINI Víðir Smári, fyrir miðju, ásamt Emil bróður sínum til hægri og Herði og Bryndísi til hægri. Emil var um tíma formaður ungra Vinstri grænna í Kópavogi á meðan Víðir var formaður ungra sjálfstæðismanna í Kópavogi.

hafi verið fremur ópólítískt. „Pabbi kennir stjórn málafræði í MK og heldur hlutleysi sínu, bæði gagnvart nemendum sínum og börnum. Það er reyndar dálítið fyndið að á tímabili var ég formaður ungra sjálfstæðismanna í Kópavogi, en á sama tíma var Emil bróðir minn formaður ungra Vinstri grænna í Kópavogi. Ég veit ekkert hvað foreldrar mínir kjósa, en þegar ég var þriggja ára fékk ég að fara með pabba inn í kjörklefa og hann leyfði mér að velja bókstafinn. Eini stafurinn sem ég þekkti var stafurinn minn, V, og því kaus pabbi Kvennalistann það árið.“

Á ekki að halda með flokknum

Víðir segist sannfærður um ágæti sjálfstæðisstefnunnar, þótt Sjálf-

stæðisflokkurinn hefði mátt fylgja sinni eigin stefnu betur síðastliðin ár.

„Stefnan byggir á því að hver og einn fái notið sín sem best og frelsi og mannréttindi séu virt. Því miður kemst það sjaldan til skila að mannréttindi séu í hávegum höfð í flokknum, heldur hefur hann afar harða ímynd. Á valdatíma sínum hefur Sjálfstæðisflokkurinn gert margt gott, en líka mörg mistök eins og að stóruka ríkisútgjöld og sjá ekki til þess að eignarhaldi á bönkunum yrði dreift. Nútíu prósentu lán Íbúðalánasjóðs hefðu heldur aldrei komið til ef flokkurinn hefði verið trúr stefnu sinni,“ segir Víðir og bætir við að Sjálfstæðisflokkurinn hefði átt að hlusta betur á unga fólkið sitt á sínum tíma. „Ungir sjálfstæðismenn hafa verið samvíska flokksins í gegnum tíðina og ég ætla ekki að hætta því. Það á ekki að halda með flokknum sínum eins og fótboltið.“

Tækifærin eru í nýsköpun

Víðir settist á þing sem varamaður og telur litlar líkur á að kallað verði á hann aftur á þessu kjörtímabili. Ef svo yrði myndi hann leggja höfuðáherslu á atvinnu- og skattamál. „Það þarf að hvetja fólk til að halda áfram að stofna fyrirtæki og styðja við nýsköpun. Þar liggja tækifærin okkar í dag,“ segir Víðir Smári.

Yngstu þingmennirnir

Víðir Smári settist á þing sem varamaður á mánudag og sló þar með met Sigurðar Magnússonar, sem var 23 ára gamall þegar hann settist á þing sem varaþingmaður Alþýðubandalagsins í Reykjavík árið 1971. Yngsti maðurinn sem hefur náð kjöri sem þingmaður er hins vegar Gunnar Thoroddsen, sem einnig var 23 ára þegar hann settist á þing með fullt umboð.



GUNNAR THORODDSEN



SIGURÐUR MAGNÚSSON

6 mánaða
vaxtalausar
greiðslur

Gerð gæða- og verðsamanburð

SVEFNSÓFAR



Hágæða svefnsófar.
Íslensk framleiðsla.

Heilsudýna úr þrýstijöfnunarefni.
Svefnflötur 140x200.
Nú aðeins kr. **264.900**

BOARD WALLHUGGER



2x90x200

Verð frá **499.900** með okkar bestu
IQ-CARE heilsudýnum

BOAS

Leður
hægindastóll
79.900
Nokkrir litir



BOAS

Leður hægindasófi 3 sæta
verð frá **169.900**
Svefnsófi verð frá **169.900**


SAGA OG ÞÓR Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins **129.900**
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins **149.900**

IQ-CARE

Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins kr. **179.900**

VALHÖLL/FREYJA

Góð rúm á frábæru verði




Queen rúm, nú aðeins kr. **99.900**



Svefnsófi
með tungu hægri/vinstri og geymslu
Svefnflötur 140x200
Tveir litir, verð **199.000**

ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA



PROFLEX

2x90x200 og 2x90x210
Nú aðeins **349.900** með okkar bestu
IQ-CARE heilsudýnum

Íslenskir PU leðurbotnar
og gaflar.

Íslensk framleiðsla.



Gerð gæða- og verðsamanburð

Baldursnesi 6



AKUREYRI

Svefn & heilsa



www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal



REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opð virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

Landsdómsmálið setur mark sitt á pólitíkina.

Eitraður kaleikur

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, og Atli Gíslason, formaður Þingmannanefndarinnar, líktu báðir þeim ákvörðunum, sem Alþingi þurfti að taka um mál fyrrverandi ráðherra, við beizkan kaleik. Báðir töldu þeir að bergja yrði þann kaleik í botn. Nú hefur komið í ljós að kaleikurinn var meira en beizkur. Hann hefur eitrad pólitíkina enn meira en orðið var, með lítt eftirsóknarverðum afleiðingum fyrir land og þjóð.

Það blasir til að mynda við að gjáin á milli flokkanna yzt til vinstri og hægri, VG og Sjálfstæðisflokksins, hefur enn dýpkað. Geir H. Haarde fór ekki í grafgötur um það eftir að ákvörðun Alþingis lá fyrir, hver hefði stjórnad „ofstækisöflunum“ í þinginu sem vildu ákæra ráðherra fyrirverandi. Það hefði verið Steingrímur J. Sigfússon. Líklega verður nú bið á því að Steingrímur bjóði formanni Sjálfstæðisflokksins í sumarþinginu stað tengdó að ræða samstarf af nokkru tagi.

SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Samstarf Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar, sem stundum hefur verið víðrað að undanfögnu vegna þess hvað núverandi ríkisstjórn hefur gengið illa að koma mikilvægum málum fram, er sömuleiðis orðið mun fjarlægari möguleiki. Gagnlegast er að grípa til Víðalínspostillu til að finna lýsingar við hæfi á reiði sjálfstæðismanna út í þann hluta þingflokks Samfylkingarinnar, sem réði úrslitum um ákæruna á hendur Geir.

Úrslit landsdómsmálsins hafa grynnað mjög á því góða milli flokkanna sem sátu lengst af við völd á meðan bankakerfið varð að óviðráðanlegu skrímsli, Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins. Sjálfstæðismenn eru líka afmyndaðir af reiði út í framsóknarmennina sem greiddu atkvæði með málshöfðun, ekki sízt Siv Friðleifsdóttur sem sat í síðustu stjórn þessara flokka og getur eins og aðrir framsóknarráðherrar prísad sig sæla yfir reglum um fyrningu brota á ráðherraábyrgð, þannig að þeir komu aldrei til umræðu í landsdómsmálinu.

Á sundurþykkju stjórnarflokka var varla bætandi, en nú hefur niðurstaðan í landsdómsmálinu líka eitrad stjórnarsamstarfið meira en orðið var. Vinstri grænum finnst samfylkingarfólkið sem ekki vildi ákæra vera aumingjar og samfylkingarfólkinu sem vildi verja flokkssystem sín finnst VG vera öfgamenn upp til hópa.

Atli Gíslason barmaði sér yfir því í Fréttablaðinu í gær að hin gagnmerka skýrsla, sem Þingmannanefnd hans vann um það hvað betur mætti fara í stjórnáttum, stjórnsýslu og löggjöf, hefði fallið í skuggann af málshöfðunartillögunni. Það er alveg rétt, en er nú samt aðallega einum manni að kenna; Atla Gíslasyni, sem þrátt fyrir ótal aðvörunarorð kaus að fara frekar fram með umdeilda tillögu sem sundraði þingheimi en að leitast við að leggja áherzlu á það sem samstaða var um og horfa fram á veg.

Við þessar aðstæður virðist dálítið sérkennilegt að pólitíkusar úr ýmsum flokkum séu farnir að tala um kosningar. Hverjir eiga að vinna saman eftir þær kosningar? Hvar er nægilegt traust? Vona menn kannski að fram komi nýir flokkar, sem skeri þá gömlu niður úr snörinni?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafærnu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Úr slitum í málsvörn

Nafn Andra Árnasonar er íslenski þjóð ekki ýkja tamt. Það gæti breyst á næstunni. Andri er nefnilega hæstaréttarlögmaðurinn sem Geir H. Haarde hefur fengið til að verja sig fyrir landsdómi. Þótt Andri sé álitinn mikil kempa meðal lögmanna hefur ekki borið mikið á honum út á við í gegnum tíðina eins og sumum kollegum hans. Hann kemur þó töluvert við sögu í nýlegu fréttamáli: Slitastjórn Icbank hefur hafnað 195 milljarða kröfu Seðlabankans í þrotabú Icbank vegna lána sem



runnu frá Seðlabankanum til Icbank skömmu fyrir hrun, og þaðan til annarra banka. Formaður slitastjórnarinnar er Andri Árnason.

Þeir vissu


Rök slitastjórnarinnar – og þar með verjanda Geirs – fyrir því að hafna kröfunni eru efnislega á þessa leið: Seðlabankinn og bankastjórn hans, Eiríkur Guðnason, Ingimundur Friðriksson og Davíð Oddsson, vissu af slæmri stöðu þeirra banka sem Icbank lánaði sitt lánsfé áfram til. Lán Seðlabankans voru því málamyndageringur og brot á lögum um bankann og íslenska ríkið þarf að bera fullt tjón af því.

Frjálslyndir eygja glufu

Einu sinni var flokkur á Alþingi sem hét Frjálslyndi flokkurinn. Man fólk eftir honum? Ef ekki ætti yfirlýsing sem hann sendi frá sér í fyrradag að verða fólk hressileg áminning um að Frjálslyndir eru síður en svo dauðir úr öllum æðum. Nú hugsar formaðurinn Sigurjón Þórðarson sér gott til glóðarinnar og krefst kosninga. Landsdómsmálið hafi opinberað vanhæfni þingmanna. En það er varla nema von að Sigurjón og félagar vilji kosningar. Staða þeirra getur jú tæpast versnað. stigur@frettabladid.is



HALLDÓR



Persónukjör til efri deildar Alþingis

Persónukjör



Guðmundur Hörður Guðmundsson
upplýsingafulltrúi

Alþingi hefur nú til umfjöllunar frumvarp um breytingar á lögum um alþingiskosningar sem gerir ráð fyrir svonefndu persónukjöri. Frumvarpið var tekið til fyrstu umræðu fyrir tæpu ári og hefur síðan verið til umfjöllunar hjá allsherjarnefnd. Óvíst er um örlög frumvarpsins á Alþingi en það hefur sætt talsverðri gagnrýni. Bent hefur verið á að það geti reynst stjórnmalaflokkum erfitt að móta áherslur fyrir kosningar ef forystusveit þeirra er ekki valin fyrir en á kjördag. Eins gæti reynst flokkunum erfitt að tilnefna málsvara í fjölmöldum þegar leiðtogar veljast ekki fyrir en á sjálfan kjördag. Kosningakerfi sem þetta kann því að skapa óreiðu sem þjóðin þarf síst á að halda um þessar mundir.

Hugmyndin um persónukjör er góðra gjalda verð, enda mikil þörf á að auka áhrif kjósenda. Stjórnlagabing mun fjalla um slíkar hugmyndir og útfæra þær. Ein leið sem stjórnlagabing gæti tekið til athugunar er að skipta Alþingi aftur upp í tvær deildir, efri og neðri, og efna til óflokksbundins persónukjörs í aðra þeirra. Þannig gætu stjórnmalaflokkar áfram boðið fram í landshlutaskiptum kjördæmum til neðri deildar þingsins en til efri deildar yrði kosið einstaklings-

kosningu þar sem landið yrði eitt kjördæmi. Þannig yrðu tvö framfaraskref tekin í einu vettfangi án þess að afnema hið rótgróna kerfi sem við búum við í dag. Þessi leið ætti því að falla flestum í geð.

Kerfið gæti virkað þannig að þjóðin kysi t.d. þrettán þingmenn til efri deildar Alþingis en 51 til neðri deildar. Þannig yrði þingmönnum einungis fjölgað um einn þó að deildunum yrði fjölgað. Handhafar framkvæmdarvalds kæmu úr röðum neðri deildar og hún skipaði mál-efnanefndir þingsins. Meginhlutverk efri deildar þingsins væri að staðfesta eða synja ákvörðunum neðri deildarinnar og hún hefði einnig vald til að vísa málum til þjóðaratkvæðagreiðslu. Líklega myndi slíkt fyrirkomulag hvetja til vandaðri vinnubrögða á Alþingi og gera þau lýðræðislegri. Einnig mætti hugsa sér að leggja niður embætti forseta Íslands og fela forseta efri deildar Alþingis að gegna skyldum þjóðhöfðingja. Þannig yrði þjóðhöfðinginn áfram þjóðkjörinn, t.d. sá sem fengi flest atkvæði í kjöri til efri deildarinnar. Slík breyting myndi færa þjóðhöfðingjanum raunverulegt hlutverk í stjórnskipan ríkisins og mögulega spara þjóðinni eitthvert fé.



„Ég get reynt að kyssa þig. Bara til að sjá hvort þú breytist ekki. Í frösk. Mig vantar brúði.“
Jeremias froskaprins

Miðasala á midi.is og í Austurbæ

Áskorun til metnaðarfullra nýsköpunarfyrirtækja

Nýsköpun

Pórður Friðjónsson

forstjóri Nasdaq OMX Iceland



Það var fagnaðarefni þegar ný lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki voru samþykkt á árinu 2009. Kauphöllin studdi þessa ráðstöfun af heilum hug og vonast eindregið til að hún verði umræddum fyrirtækjum til framdráttar. Stuðningurinn, sem fölginn er í skattfrádrætti samkvæmt ákveðnum reglum, getur verið umtalsverð. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að stuðningur af þessu tagi veitir tilteknum fyrirtækjum ákveðin forréttindi – eins og markmiðið er að sjálfsögðu að hann geri. En brýnt er að vel sé farið með þau forréttindi. Vandí fylgir vegsemd hverri.

Við útfærslu reglugerðar um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki (2. júlí 2010) er hins vegar ekki tryggt það ákvæði í lögum sem felur í sér fjárfestavernd fyrir þá sem nýta sér skattfrádráttinn. Fyrirtæki sem afla sér fjármagns hjá almenningi eiga að verðlauna fjárfestana með því að veita þeim fullnægjandi upplýsingar og vernd gegn misnotkun innherjaupplýsinga. Það verður að teljast hæpið að hvetja almenning til að fjárfesta í fyrirtækjum sem ekki þurfa lögum og reglum samkvæmt að gefa lágmarksupplýsingar til verndar fjárfestum. Þar skiptir tvennt mestu máli. Annars vegar allar verðmótandi upplýsingar og hins vegar fjárhagslegar upplýsingar með reglubundnum hætti og tímanlega. Eins og lögin eru útfærð í reglugerð er þetta ekki tryggt. Fjármálaráðuneytið hefur endurskoðun reglugerðarinnar undir höndum og er brýnt að greitt verði úr framangreindum agnám til verndar fjárfestum.

En fyrirtæki geta sjálf gengið skrefinu lengra og þannig greint sig frá fjöldanum, lagt áherslu á gæði sín. Skref í þá átt er að veita upplýsingar um allt sem verðmótandi getur tal-

ist og gera slíka upplýsingagjöf háða eftirliti þriðja aðila. Slík upplýsingagjöf er algjörlega nauðsynleg en fjárfestar ættu þó að hafa í huga að ef félög eru ekki skráð á markað þá falla viðskipti með hlutabréfin ekki undir lög um verðbrefaviðskipti (vvl). M.ö.o. ákvæði laga um innherjaviðskipti og innherjaupplýsingar eiga ekki við. Hvorki eftirliti FME né viðurlögum vvl er fyrir að fara.

Til að varpa ljósi á mikilvægi þessa má nefna tvö dæmi um háttsemi sem er refsiverð ef fyrirtæki er á markaði, en annars utan gildissviðs vvl og eftirlits FME. 1) Innherji hefur upplýsingar um rekstur félags sem kemur til með að auka verðmæti þess verulega. Hann kaupir bréf af almenningi áður en tíðindin spyrjast og almenningur verður þar með af hagn-

and meðbyr sem nýsköpunarfyrirtækin njóta yrði fórnað á altari „gráa markaðarins“.

Þeir sem beita sér fyrir takmarkaðri upplýsingaskyldu félaga sem þiggja fé almennings sýna mikla skammsýni sem skaða mun þau félög sem ætlunin er að hjálpa. Þetta er misráðinn greiði. Nýsköpunarfyrirtæki þurfa að njóta velvilja fjárfesta í uppbyggingarfasa sem tekur oft langan tíma. Það sem er verra er að það þurfa bara fá félög að misnota forréttindin til að skemma fyrir öllum hinum fyrirtækjunum.

Vörn góðra félaga fyrir því að skadast af svörtu sauðunum er skráning á markað. Hún tryggir upplýsingagjöf til fjárfesta og að viðskipti eigi sér stað eftir settum reglum, hvoru tveggja undir eftirliti. Þannig



Með víðtækri þátttöku almennings í fjárfestingum í óskráðum hlutabréfum er einfaldlega verið að endurvekja „gráa markaðinn“ sem hér lifði góðu lífi um sl. aldamót. Það væri miður ef hinum mikla velvilja og meðbyr sem nýsköpunarfyrirtækin njóta yrði fórnað á altari „gráa markaðarins“.

aðinum. 2) Innherji hefur upplýsingar um rekstur félags svo ljóst er að ævintýrið er búið. Hann selur almenningi bréf sín og almenningur situr uppi með tapið.

Þegar Rannís samþykkir félög sem gjaldgeng til skattafsláttar, þá á samkvæmt lögum að felast í því staðfesting á að upplýsingagjöf til fjárfesta sé tryggð í þeim tilgangi að vernda fjárfesta (ásamt fleiru). Stenst þetta? Hver hefur eftirlit með upplýsingagjöfinni og hver verður dreginn til ábyrgðar ef eitthvað misferst? Með víðtækri þátttöku almennings í fjárfestingum í óskráðum hlutabréfum er einfaldlega verið að endurvekja „gráa markaðinn“ sem hér lifði góðu lífi um sl. aldamót. Það væri miður ef hinum mikla velvilja

greina góðu félögin sig frá fjöldanum og leggja áherslu á að þau eru traustsins verð. Upplýsingagjöf til fjárfesta er ekkert sem þau hræðast. Fyrirtæki geta sniðið sér stakk eftir vexti þegar kemur að skráningu. T.a.m. er kostnaður við skráningu á First North markaðinn lítill og fari nokkur fyrirtæki á svipuðum tíma á markað er líklegt að þau geti lækkad kostnaðinn enn frekar með samkomulagi við þá sem að skráningu koma.

Hér er því skorað á metnaðarfull nýsköpunarfyrirtæki sem hyggjast afla sér fjár hjá almenningi að tryggja honum nauðsynlega vernd og þar með veita honum raunhæf tækifæri til að nýta sér skattafslátt stjórnvalda til fjárhagslegs ábata.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

AF NETINU

Þíslarvættið, stóryrðin og svikabrigslin allsráðandi



Sá spuni að ákvörðun þingmanna um að ákæra fyrir Landsdómi sé einhverskonar pólitískt dómsorð, er orðin eins og mantra sem er tuggin aftur og aftur og þíslarvættið, stóryrðin og svikabrigslin eru alls ráðandi. Það er hinsvegar engin endanlegur dómur að fara fyrir Landsdóm, dómurinn yfir þeim sem þurfa ekki að sæta ákæru er hinsvegar endanlegur. [...]

Leikreglurnar voru hinsvegar öllum ljósar þegar ákveðið var að setja þingmannanefndina á lagginnar og líka þegar alþingismenn lofuðu að gera upp efnahagshrunið fyrir kosningar. Það er vægast sagt ömurlegur málflettingur að reyna að kveikja elda um allt samfélagið þegar ákvörðun Alþingis liggur fyrir. Það var öllum ljóst nema ef vera skildi stjórnmalamönnum að niðurstaða þingsins verður aldrei annað en pólitísk. Þess vegna bíður ákærunefndar að rannsaka málið og Landsdóms að kveða upp úrskurð.

smugan.is

Póra Kristín Ásgeirsdóttir

Haustlitagleði í VILLAGE



20 litir/munstur í **gardinum**
45 x 240 cm
Kr. 4.900 stk.

10 litir/munstur í **metravöru**
145 cm breitt
Kr. 3.300 pr. mtr.

VILLAGE

LAUGAVEGI 70 · SÍMI 534 0312 · www.village.is

512 50 50 Auglýsingasími

LAGERÚTSALA

SPARIÐ ALLT AÐ 80%

Á VÖLDUM VÖRUM

Tilboðin gilda á meðlagri birgðir endast. VSK er innifalinn í verði. Fyrirvarer eru gerðir vegna mögulegra prentvilla.

MANGÓ

Mangóin okkar eru fullþroskuð þegar þau koma í búðir og því hægt að borða þau strax!

Mangóið er ríkt af C-vítamíni. Einnig inniheldur það talsvert af A- og B-vítamínum, steinefnum og járni. Mangó er tilvalið eitt og sér sem og í salöt og eftirrétti.

vissir þú

að til eru mörg hundruð afbrigði af mangó og er það einn mest notaði ávöxturinn í heiminum.



FERSKIR ÁVEXTIR EINFALT, ÞÆGILEGT OG HOLLT!



GUL MELÓNA KANTALÓPA MANGÓ GUL MELÓNA ANANAS KANTALÓPA

349 kr/pk.

Borðum ávexti daglega!

Ávextir eru mjög ríkir af vítamínum og steinefnum. Í þeim er líka að finna mikið af trefjum og mörgum öðrum hollustuefnum. Rannsóknir benda til þess að neysla á grænmeti og ávöxtum geti dregið úr líkum á ýmsum sjúkdómum. Það er mikið af andoxunarefnum í ávöxtum og grænmeti, en þau búa yfir þeim eiginleikum að hindra myndun skaðlegra sindurefna í frumum líkamans sem talin eru tengjast framgangi ýmissa sjúkdóma.

Steinkjarni
kiwis inniheldur
lífsvæðingulegar
fitusýrur



TILBOÐ

KIWI

299 kr/kg.

Kiwi

Vítamín bomba



TILBOÐ

ANANAS

199 kr/kg.

Ananas

Ný uppskera



TILBOÐ

PERUR

298 kr/kg.

Perur

NÝTT



Frábært í súpur
og fiskrétti

KYNNINGARVERÐ

LAUFSELLERÍ

199 kr/pk.

Laufsellerí



Tómas
Þakari

Bakað á staðnum

Bakararnir okkar byrja daginn snemma til að baka brauð og bakkelsi frameftir degi. Þannig tryggjum við að þú fái nýbakaðar vörur alla daga, allan daginn.

Þjóðum upp á gæða vörur og tilboð í hverri viku.



NÝBAKAÐ

TILBOÐ

VÍNARBRAUÐ

379 kr/stk.



NÝBAKAÐ

TILBOÐ

HEILSUBRAUÐ

299 kr/stk.



NÝBAKAÐ

TILBOÐ

PISTASÍUSTYKKI

119 kr/stk.



NÝBAKAÐ

TILBOÐ

KLEINUR STÓRAR

69 kr/stk.



BILLY PIZZA

269 kr/stk.



KANILSNÚÐAR

239 kr/pk.



NÝTT

FLORIDANA VIRKNI

189 kr/stk.



SM ORIGINAL SOFT TORTILLAS

399 kr/pk.



OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 3. október á meðan birgðir endast.

Spennandi um helgina!

TILBOÐ
30%
afsláttur við kassa

NAUTAFÍLE
ÍSLANDSNAUT

2.586 kr/kg.

Merkt verð 3.695.-

GRILLAÐ NAUTAFÍLÉ MEÐ LÁRPERUSÓSU OG HVÍTLAUKSBÖKUÐUM KARTÖFLUM fyrir 4 að hætti Rikku

2 tsk hvítlauksduft
2 tsk cumin duft
1 tsk chili duft
1 tsk laukduft
800 g nautafíle
salt og nýmalaður pipar

Blandið kryddunum saman, nuddið á kjötið og látið standa í 10 mínútur. Grillið í 3-4 mín. á hvorri hlið og hvílið í 3-4 mínútur. Kryddið með salti og pipar.

LÁRPERUSÓSA
2 hvítlauksrif
2 msk rauðvínsedik
2 msk ólífuoía
¼ tsk chili duft
Safi af 1/2 límónu
2 litlar lárperur, afhýdda og steinhreinsaðar
2 msk fersk steinselja salt og nýmalaður pipar

Setjið hvítlauk, edik, olíu, chili duft og límónusafa saman í matvinnsluvél og vinnið vel saman. Bætið lárperunum og steinseljunni saman við og blandið gróflega saman. Kryddið með salti og pipar eftir smekk.

HVÍTLAUKSBAKAÐAR KARTÖFLUR
800 g litlar kartöflur, skornar til helminga
½ kúrbítur, skorinn í bita
10 hvítlauksrif með hýði
3 msk ólífuoía
Salt og nýmalaður pipar

Hitið ofninn í 200°C. Raðið kartöflunum, kúrbítunum og hvítlauksrifjunum á pappírsklædda ofnplötu og hellið olíunni yfir. Bakið í 50-55 mínútur. Kryddið með salti og pipar.

Kcal: 575/ 29% LDS*
Prótein: 39.8 g/ 80% LDS
Fita: 29 g/ 44% LDS
Kolvetni: 41 g/ 14% LDS
Trefjar: 7 g/ 26% LDS
Járn: 4.8 mg/ 26%

*Hlutfall leiðbeinandi dagsskammts (LDS) miðast við 2000 Kcal orkuþörf.



2.079 kr/kg.
Merkt verð 3.198.-



1.749 kr/kg.
Merkt verð 2.498.-



319 kr/kg.
Merkt verð 399.-



647 kr/kg.
Merkt verð 995.-

Ungnauta piparsteik

Lambahelgarsteik
úr læri

Kjúklingavængir
ferskir

Kjúklingaleggir
í Texas marinerungu

BARBÍKJÚSÓSA
FABRIKKUNNAR

Barbikjúsósa Fabrikunnar er ómótstæðileg. Nýtt viðmið í Barbikjúsósum!



KOKTEILSÓSA
FABRIKKUNNAR

Kokteilsósa Fabrikunnar er engin venjuleg kokteilsósa. Hún er betri.



FABRIKKU
SÓSAN

Fabrikkusósan er hamborgarasósa Fabrikunnar. Hún hentar vel með öllum mat.



ÍSLENSKA
HAMB
ORGARA
FABRIK
KAN
2010



109 kr/stk

KYNNING

01.10 kl. 16-20
Eiðistorgi, Garðabæ og Skeifunni.
02.10 kl. 12-16
Smáralind og Kringlunni.



20%
afsláttur v/kassa

KYNNING

04.10 kl. 14-18
í Skeifunni

NÝTT
TE-STANGIR



Loksins komið aftur!

289 kr/stk

NÝTT
EYRARBRAUÐ



298 kr/pk.




KELLOGG'S LEIKUR
2 Kellogg's vörur gætu gefið þér vinning! VINNINGAR: iPad og Kellogg's gjafakörfur

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Eru mannréttindi ekki fyrir Íslendinga?

Mannréttindi

Rúna Hjaltsted Guðmundsdóttir
sagnfræðingur



Nú er réttlætiskennnd minni algerlega misboðið. Að heyra í íslenskum ráðamanni, Össuri Skarphéðinssyni í ræðustól hneykslast á mannréttindabrotum vegna ferðar hóps til Gaza-svæðisins var dropinn sem fyllti mælinn hjá mér – og hann er ekki eini ráðamaðurinn sem virðist loka augunum fyrir því sem er að gerast hér á landi. Hvað eru forráðamenn þessarar þjóðar að hugsa? Hvernig væri að byrja á því að berjast gegn mannréttindabrotum þeim sem framín hafa verið og eru framín enn á Íslandi, áður en menn fara að belgja sig út á erlendum vettvangi? Eða skiptir það ekki neinu máli, af því að um Íslendinga er að ræða? Hvers konar sýndarmennska er þetta?

Það er gott og gilt að sýna vanþóknun sína á mannréttindabrotum hvar sem þau eru framín, EN á maður ekki að byrja heima fyrir? Eru menn eins og Össur Skarphéðinsson eða Jón Gnarr blindir? Hafa þessir stjórnáamenn staðið í mótmælagöngu með sínu eigin fólki? Hefur Össur flutt ræðu fyrir hönd þeirra sem misst hafa allt sitt hér heima? Hefur Jón Gnarr mætt með því fólki sem reynt hefur að mótmæla ranglæti því sem hér er framið á hverjum degi gagnvart þúsundum heimila sem eru að falla um koll vegna aðgerðaleysis ríkisstjórnarinnar? Hefur velferðaráð Reykjavíkurborgar skipulagt mótmælagöngu til að standa vörð um mannréttindi þeirra sem standa í biðröð eftir matargjöfum?

Þetta er fólkið sem lætur sem það viti ekki af því að þeirra eigin landsmenn eru að missa eignir sínar í þúsundum talið. Hér standa hundruð Íslendinga í biðröð eftir mat. Fjöldi manna hefur misst atvinnu sína, sparifé og lifeyri. Að Íslendingum var otað ólöglegum gengislánum á einum stað í bankanum á meðan á öðrum stað í sama banka tóku menn stöðu gegn krónunni. Og í mörgum tilfellum fóru svo fram ólöglegar innheimtuaðgerðir á þessum lánnum? Fjöldi manna hafa og eru að búa sig undir að flýja landið. Almenn-ingur á Íslandi hefur verið settur

í ánaugarböld af fyrri ríkisstjórn og þeim síðan viðhaldið af núverandi ríkisstjórn. Hvað hafa stjórn-málamenn sem gaspra mest gert til að hjálpa eigin þjóð?

Leitað hefur verið til velferðar-ráðs borgarinnar sem þykist ekki geta gert neitt vegna þess að pen-ingar vaxi ekki á trjánum, en samt er hægt að hækka laun varaborg-arfulltrúa. Ríkisstjórnin hefur veitt 2 milljónum króna til stuð-ings Fjölskylduhjálpinni? En hvað hefur hún veitt í þróunarástöð út í heim? Eða hvað mörgum millj-örðum króna er eytt í að þröngva þjóðinni í ESB? Hvað með sendi-ráð, einkabílstjóra og aðstoðar-menn ráðherra og þingmanna?

Ríkisstjórnin hefur hvað eftir annað tekið stöðu með fjármála-stofnunum gegn eigin þjóð. Hér virðist hægt að finna allar hugsan-legar og óhugsanlegar reglur til að vernda fjármálastéttina gegn réttlátri ábyrgð, en sammingslög á ekki að virða þegar það snýr að almenn-ingi eins og dómur Hæstaréttar um gengislánin ber vitni um. Hvar eru mannréttindi almennings? Og hvar eru mannréttindi þjóðar sem neyða á til að greiða fyrir afglöp þeirra sem komu þjóðinni á haus-inn dbr. ICESAVE?

Þingmenn og ráðherrar láta ekki á sér standa að tala um mannrétt-indi þegar kemur að þeim sjálf-um sbr. þingmannanefndarmálið, þar sem menn gaspra um mannréttindi fjögurra ráðherra sem vegna vanhæfni sinnar stóðu ekki vörð um hagsmunir íslensku þjóð-arinnar. Í því sambandi hlýtur maður að spyrja: hvað með mannréttindi þjóðarinnar, sem treysti þessu fólki til að standa á vakt-inni? Hvar er ábyrgð þessa fólks gagnvart mannréttindum þjóð-arinnar sem nú stendur frammi fyrir algerri örvæntingu og ótta um framtíð sína?

Við ættum kannski að muna að grundvallarmannréttindi eru rétt-urinn til að lifa með reisn, hafa húsaskjól og viðunandi lífsviður-væri. Það er nauðsynlegt að standa vörð um mannréttindi almennt, en áður en við förum að hneykslast á mannréttindabrotum annarra þjóð, ættum við að byrja á því að ber-jast fyrir okkar eigið fólk, sem svo sannarlega hefur verið illa brot-ið á. Kannski vakna ráðamenn og þjóðin sjálf ef við fengjum Amnesty International eða önnur mannréttindasamtök til að berjast fyrir okkar mannréttindum!

Bændasamtökin og aðréttarnar

Landbúnaður og ESB

Ingimundur Bergmann

vélfraeðingur og bóndi



Hvenær tekur maður við „aðréttum“ og hvenær tekur maður ekki við „aðréttum“, það er vandinn, að minnsta kosti ef maður er í forsvari fyrir íslenska bændastétt.

Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtaka Íslands, ritar leið-ara í Bændablaðið í síðustu viku og kvartar þar yfir því að ESB stundi það að bjóða bændum það sem hann kallar „aðréttur“. Aðréttur þessar þykir honum ekki góðar, þar sem þær hafi hugsanlega þann tilgang að fá bændur til að hugsa málin upp á nýtt, þ.e. hvað varðar afstöðuna til mögulegrar inngöngu Íslands í Evrópusambandið.

Af þessu tilefni ritar Ólafur Steph-ensen, ritstjóri Fréttablaðsins leið-ara þar sem hann fer yfir það í nokkrum liðum hvernig hinar títt-nefndu aðréttur hafi runnið greið-lega um hendur bænda á umliðn-um árum. Þar er um að ræða ýmis verkefni sem bændaforystan hefur séð sér hag í að nýta, bændum og þjóð til hagsbóta.

Vegna þessa sendi BÍ bréf til Öss-urar Skarphéðinssonar þar sem kvartað er yfir aðréttunum. Bréf-ið ættu sem flestir að lesa þar sem í því birtist á afar skýran hátt hvernig BÍ tekur afstöðu til Evrópumálanna. Vitnað er í Jón Bjarnason landbúnaðarráðherra og það eftir honum haft að aðlö-gunarferli að Evrópusambandinu sé hafið og virðist ekki þurfa frekar vitnanna við, að mati bændafor-ustunnar.

Komið hefur fram að eitt af því sem ESB hefur sett út á varðandi landbúnaðarkerfið íslenska sé að ekki sé auðvelt að sjá hvernig því fjármagni sem ráðstafað er til að styrkja íslenskan landbúnað sé varið. Við lestur bréfsins læðist að sá grunur, að það fari dálítið fyrir

brjóstið á bændaforustunni að hugsanlega verði þar gerð breyt-ing á: að greiðslur verði auðraktari og kerfið gert opið og gegnsætt. Það er nefnilega kunnara en frá þurfi að segja að í millifærsluferfinu íslenska, er þá ekki eingöngu átt við landbúnaðarkerfið, leynist mörg matarholan, sem þeim einum er kunnugt um sem inn-vígðir eru í viðkomandi kerfi.

Bændaforustan hefur barist gegn inngöngu Íslands í Evrópusam-bandið með oddi og egg og beitt þar fyrir sig ýmsum rökum sem fæst standast skoðun ef að er gáð. Það er öllum ljóst að landbúnað-ur er stundaður í löndum ESB allt

korn, olía, vélar, né varahlutir til þeirra. Engin áburðarverksmiðja er í landinu og ekki kæmi hann án samgangna. Þá má einnig geta þess, að ekki er vansalaust hve lítt hefur verið hugsað um að nýta búfjárabúrð, en vonandi stendur það til bóta, þó ekki sé nema vegna þess hve áburðarverð hefur rokið upp að undanfögnu. Landbúnaðar-framleiðsla myndi sem sagt, nær stöðvast, fyrir nú utan allt annað sem úr skorðum gengi við slíka uppkomandi kerfi.

Enginn áhugi virðist vera á því hjá íslenskri þjóð, né ráðamön-um hennar, að tryggja siglingar til landsins. Það sést af því að ekki



Í millifærsluferfinu íslenska, er þá ekki eingöngu átt við landbúnaðar-kerfið, leynist mörg matarholan, sem þeim einum er kunnugt um sem inn-vígðir eru í viðkomandi kerfi.

frá Miðjarðarhafi og norður til Finnmerkur. Undirritaður dvaldi í austurrískri sveit á dögnum og sá þá með eigin augum hve land-búnaður dafnar þar vel og ekki síður hitt, hve frelsi austurrískra bænda er á ýmsum sviðum meira en íslenskra.

Í málflutningi sínum hefur BÍ meðal annars haldið því fram að tryggja verði matvælaöryggi íslensku þjóðarinnar og talið að það verði best gert með því að halda Íslandi utan við ESB. Það er svo gjarnan látið fylgja með: að ef samgöngur til landsins einhverra hluta vegna stöðvist, þá sé gott að eiga matvælaframleiðslu sem duga muni þjóðinni í slíkum þrenging-um.

Málflutningur af þessu tagi stenst ekki skoðun. Ef svo færi að sam-göngur til landsins stöðvuðust, þá háttar þannig til að eitt það fyrsta sem færi úr skorðum er land-búnaðurinn. Ekki yrði flutt inn

eitt einasta flutningaskip er undir íslenskum fána, þau eru öll skráð erlendis og verða eflaust tekin til þjónustu fyrir þær þjóðir ef aðstæður skapast af því tagi sem BÍ hefur haldið á lofti í umræðunni um matvælaöryggi. Nágranna-þjóðir okkar brugðust við slíkri útflöggu fyrir mörgum árum, en íslensk þjóð virðist ekki hafa metn-að til að gera það. Því eru skipin skráð erlendis og þeir Íslendingar sem á þeim starfa skráðir til heim-lis utan landsteinanna.

Það er því ljóst að málflutning-ur Bændasamtaka Íslands stenst ekki hvað þetta varðar og kom-inn er tími til að BÍ snúi sér frek-ar að því að huga að hagsmunum íslenskra bænda innan Evrópu-sambandsins, ef til þess kemur að Ísland verði eitt af ríkjum þess, en að mála Bændasamtökin út í horn með málflutningi sem ekki þjónar hagsmunum umbjóðenda sinna, né íslensku þjóðarinnar.

Orðsending til Ögmundar

ESB

Þórir Stephensen

fyrirverandi dómkirkjuprestur



Fyrir nokkru gerði ég athuga-semnd við málflutning frænda míns og vinar, Ögmundar Jón-ssonar, um ESB-mál. Ég sagði þá: „Hann vænir ESB um ýmis-legt í eftirfarandi málsgrein: En ekki mun standa á styrkveiting-um – svona rétt meðan verið er að tala okkur til. Hið sama gæti hent okkur og indíána í Norður-Amer-íku. Þeir töpuðu landinu en sátu uppi með glerperlu og eldvatn.“

Ég spurði svo Ögmund, hvort hann gæti bent mér á einhver dæmi um að slíkt hafi gerst í samskiptum ESB við aðildarlönd-in. Ég sagði honum, að ég þekkti þau ekki og gæti hann ekki komið með dæmi, þá væru umrædd orð hans ekkert annað en ómálefna-legur hræðsluáróður.

Ögmundur svaraði mér í grein hér í blaðinu 2. september sl. og vildi meina, að þetta hefði hvorki verið ómálefnalegt né hræðslu-áróður. Síðan kom hann með ágæta greinargerð um svonefnda IPA-styrki. Þeir eru ætlaðir sem aðstöð í aðdraganda inngöngu. Hann ræðir styrkina af heiðar-leika og hreinskilni, en segir svo: „... við erum að njóta styrkja, sem eru beinlínis sniðnir til þess að smyrja aðlögunarferlið að Evr-ópusambandinu.“ Ögmundur segir enn: „Í öðru lagi eigum við ekki að ráðast í kerfisbreytingar sem við réðumst eingöngu í til að fullnægja ESB, en sem við mynd-um ella ekki gera.“

ESB er og hlýtur að vera mikið bákn, hlaðið lögum og reglugerð-um. Því er það hverri þjóð, sem hugar að inngöngu, nánast lífs-spursmál að kynna sér allt slíkt til hlítar og t.d. að fá það þýtt á sitt eigið tungumál. Styrkirnir, sem okkur standa til boða, eru veittir til þess að auðvelda okkur þetta verk, efla þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins og halda uppi öflugum kynningarstarfi, m.a. með boðsferðum, þar sem mál eru rædd af hreinskilni. Mér finnst þetta bera því vitni, að ESB hefur ekkert að fela, en vill styrkja okkur til þess fá heiðar-

þykki inngönguna. Verði svar þjóðarinnar nei, fellur allt slíkt um sjálft sig, annað en það, sem við þurfum að halda vegna EES. En engir af styrkjum þeim sem við þiggjum eru afturkræfir, þótt svarið verði nei.

Ég læt þetta nægja um „gler-perlu og eldvatn.“ Um hitt skortir mig enn skýringu frá Ögmundi, þar sem hann segir um indíánana: „Þeir töpuðu land-inu.“ Ég bað hann að nefna mér dæmi um, að ESB hefði komið þannig fram við einhverja þá þjóð, sem fengið hefur aðild. Hann svaraði ekki þeirri spurn-



ESB hefur ekkert að fela, en vill styrkja okkur til þess fá heiðarlegar upplýsingar, svo við getum gengið rétt upplýstir til samningagerðar, sem með slíku móti einu getur talist á grunni jafn-ræðis.

legar upplýsingar, svo við getum gengið rétt upplýstir til sam-ningagerðar, sem með slíku móti einu getur talist á grunni jafn-ræðis. Í stað þess að vera með grunsemdir um mútur, ber ég virðingu fyrir slíkum vinnu-brögðum og vona að þau gagnist okkur vel til að ná samningum, sem við getum óhræddir lagt í dóm þjóðarinnar, vitandi að við höfum tryggt allan þann rétt, sem henni er nauðsynlegur.

Þær breytingar á stjórnsýslu, sem talað er um að við gerum fyrir inngöngu, verða ekki að lögum hér, nema þjóðin sam-

ingu, hugsanlega vegna þess, að slík þjóð fyrirfinnst ekki. Ég þekki a.m.k. engin dæmi, sem nota mætti slíka líkingu um, enda er ánægjuvögin í ESB-lönd-umum víða ótrúlega jákvæð. En kannski þekki ég ekki nógu vel til. Ég er ætíð reiðubúinn að læra og vita meira í dag en í gær. Því bið ég minn góða frænda í allri einlægni að benda mér á ein-hverja þjóð í ESB, sem hefur tapað landinu sínu og situr nú uppi með glerperlu og eldvatn. Geti hann það ekki, hljóta orð mín að standa um ómálefnalegan hræðsluáróður.

Kaupir þú eintak nr. 80.000 af glæpasögu eftir Yrsu Sigurðardóttur? Veglegur vinningur!

Um þessar mundir eru fimm ár frá því að Yrsa Sigurðardóttir sendi frá sér sína fyrstu glæpasögu. Þær hafa selst í tæplega 80.000 eintökum hér á landi og koma nú út um allan heim. Yrsa hefur átt bók á metsölulista Eymundssonar í yfir 250 vikur!

Á næstu dögum mun eintak nr. 80.000 seljast og fær sá heppni glæsilegan vinning: veglega bókaþjóf frá Veröld og fyrsta eintakið af væntanlegri spennu- sögu Yrsu sem kemur út í nóvember, áritað og glóðvolgt, beint úr prentsmiðjunni.

ALLAR
KILJUR YRSU Á
1.990,-
Í EYMUNDSSON!



Samgöngur og veggjöld

vegamáll

Bjarni Gunnarsson
verkfæðingur



Nú eru um tvö ár síðan Hrunið skall á okkur Íslendingum. Þá fór meira og minna allt þjóðfélagið í baklás og ennþá er margt í frosti, sérstaklega allt sem snýr að mannvirkjagerð. Það sem hefur verið í gangi í mannvirkjum er að klára verk eins og Héðinsfjarðargöng, Landeyjahöfn og Tónlistarhús, en ekkert stórverk er hafið eftir hrun og óvíst er hvenær eitthvað gerist í þeim málum. Stjórnvöld virðast hafa litlar áhyggjur af dauðum mannvirkjageira, allavega í samanburði við hversu hratt var brugðist við þegar ferðamannaatvinnuvegurinn fékk sitt gosáfall í vor. Nú er svo komið að margir tæknimenn landsins leita sér vinnu erlendis eða eru atvinnulausir og verktakar landsins eru flestir að hætta starfsemi. Það vill svo til að allt okkar daglega líf byggir á því að mannvirkjastarfsemi sé í lagi, því húsin okkar, heitt og kalt vatn, rafmagn, gagnanet, samgöngur og margt fleira eru okkar mannvirki sem þarf að viðhalda og þróa.

Biðin eftir því að eitthvað fari í gang í mannvirkjagerð á Íslandi er orðin löng, þrátt fyrir fyrirheit um annað í stöðugleikasáttmálanum og í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Nú er rætt um átak í vegagerð sem má ekki vera ríkisframskýring og verða því veggjöld að standa undir slíkum framkvæmdum. Þann 7. september síðastliðinn var fundur um þessi mál þar sem samgönguráðuneytið, fjármálaráðuneytið, Vegagerðin og lífeyrissjóðirnir ræddu um mögulegt samstarf við átak í samgöngumálum og finnst mörgum að þessi fundur hafi verið haldinn einu ári of seint. Stóra málið varðandi þetta átak er fjármögnun þess og er aðallega rætt um veggjöld í því sambandi og þá hvernig þau skuli innheimt. Samkvæmt glærum Vegamálastjóra sem hann fór í gegnum á fundinum 7. september (glærurnar eru aðgengilegar á heimasíðu Vegagerðarinnar) er helst rætt um GPS-tæknin geti leyst tollhlíðin af eftir sjö til tíu ár. Af glærunum má áætla að vegtollar gætu numið um 1 milljarði kr. á ári af Suðurlandsvegi og í framhaldi af því má áætla að aðrir vegtollar (Vesturlandsvegur, Reykjanesbraut og Vaðlaheiðargöng) gætu numið um 1 til 2 milljarðum kr. og vegtollar því samtals á landinu um 2 til 3 milljarðar kr. á ári þegar umræddir vegkaflar væru allir komnir í gagnið.

Samkvæmt norskri reynslu kostar innheimtan á vegtolli um 15% af vegtollsupphæðinni og því nýtist aðeins um 85% af innheimtum veg-

tollu til samgöngubóta. Má því segja að 15% af vegtollsupphæðinni fari til spillis miðað við að annað innheimtuform finnst. Hér er spurt hvort vegtollar séu besta aðferðin við að ná inn tekjum fyrir þær vegafremkvæmdir sem eru á borðum núna og hvort ekki sé einfaldara og réttlátara að hækka bensín- og olíugjald um t.d. 6 til 7 kr. á hvern lítra, en slík hækkun gæfi af sér um 2 til 2,5 milljarða kr. á ári.

Ef Suðurlandsvegurinn er skoðaður, þá er í dæmi Vegamálastjóra um innheimtu þar lagt til að Hvergerðingur sem vinnur í Reykjavík greiði 380 kr. í vegtoll fyrir vinnuferðina sína sem gerir um 80 þ.kr. á ári. Strangt til getið eru lítil umferðavandræði hjá þessum Hvergerðingi sem keyrir Suðurlandsveginn þegar þar er lítil umferðarþungi. Breikkun Suðurlandsvegur hjálpar mest þeim sem keyra veginn um helgar í umferðarþungi og fyrir vegfaranda sem fer t.d. 20 helgarferðir á ári um Suðurlandsveg verður vegtollurinn 7.600 kr. á ári eða innan við 10% af því sem Hvergerðingurinn gæti þurft að greiða. Til samanburðar er kostnaðarauki bíls sem ekið er 12.000 km/ári með meðalreyðslu 12 l/100km um 10.000 kr. á ári ef hækkan eldsneytisgjalds er 7 kr. á lítrann.

Nú segja líklega sumir þeirra sem sjaldan keyra Suðurlandsveg og aðra þá vegi sem verða breikkadír/endergerðir, af hverju á ég að greiða 10.000 kr. á ári í formi hækkaðs eldsneytisgjalds til að fjármagna þessar vegafremkvæmdir? Svarið við þessari spurningu er að umræddar vegafremkvæmdir og framhald þeirra er að nýttast flestum vegfarendum landsins og hingað til hefur mest af eldsneytisgjöldum landsins komið af Höfðborgarsvæðinu til að byggja upp vegi landsins og svo verður um ókomin ár.

Hér er því lagt til að fjármagna ný verkefni í samstarfi með lífeyrissjóðunum með hækkuðu eldsneytisgjaldi og eftir sjö til tíu ár verður endurskotið hvort GPS-tæknin tekur þá við til að innheimta veggjöld í samræmi við eigna kílómetra á hverjum stað, en slíkt er í bigerð víða í Evrópu. Það að setja upp vegtolla hér og þar verður örugglega óvinsælt enda er oft lítið réttlæti í vegtollunum nema þá í tilfellum eins og Hvalfjarðargöngum og Vaðlaheiðargöngum þar sem vegfarandinn er að spara sér vegalengdir og tíma og hefur val um það hvort hann fer tollaða leið.

Í mínum huga er spurningin helst sú hvort við ætlum að hækka eldsneytisgjaldið um t.d. 7 kr./l og fá þannig um 2,5 milljarð kr. á ári, eða að hækka eldsneytisgjaldið um tvöfalda eða þrefalda þá upphæð. Með því má lækka fjármagnskostnað framkvæmdanna og gera almennilegt átak í samgöngumálum öllum landsmönnum til hagsbóta og endurlífga um leið mannvirkjagerð í landinu.

Háskólar í mótun

Háskólar

Katrín Jakobsdóttir
menntamálaráðherra



Háskólar eru mikilvægar stofnanir í nútímasamfélagi og þróun háskólastigsins er eitt af brýnustu verkefnum í menntalífi Íslendinga. Á undanförunum misserum hefur mikið stefnumótunarstarf verið unnið í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, efn hefur verið til opinna málþinga um háskólamála, erlendir og innlendir sérfræðingar hafa verið kallaðir til ráðgjafa og fundað reglulega með stjórnendum háskólanna. Tilgangurinn er ekki síst sá að standa vörð um gæði háskólastarfs á erfiðum tímum í efnahagslífi þjóðarinnar þar sem verulega þarf að draga úr ríkisútgjöldum.

Stofnun háskóla á Íslandi má rekja aftur til sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar en Íslendingar litu margir hverjir á það sem nauðsynlegt framfarumál fyrir sjálfstæða þjóð að eiga háskóla og það var enginn tilviljun að Háskóli Íslands var stofnaður á hundrað ára afmæli Jóns Sigurðssonar. Jón lagði þar fram mótaðar hugmyndir um hvernig hann vildi sjá skólakerfið á Íslandi vaxa – hvers konar skólar ættu að vera hér og hvað fyrir skyldu kenna. Jón rökstuddi mál sitt skýrt: Skólunum var ætlað, hverjum á sínu sviði, að stuðla að framförum samfélagsins og mæta þörfum á hverri tíð og taldi Jón að menn mættu „ekki skirrast við þeim kostnaðarauka sem kljúfandi væri því engum peningum væri varið heppilegar en þeim sem keypt væri fyrir andleg og líkamleg framför sem mest mætti verða.“

Alhliða háskólanet

Á þeim tímum sem við nú lifum

er þessi rökræða daglegt brauð – hvaða kostnaðarauki er kljúfandi og hverju þarf að fórna? Vissulega er staða íslenska ríkisins erfið en stefnt er að jafnvægi í ríkisfjármálum og við erum langt komin í þeirri vegferð. Við niðurskurð þarf hins vegar að hafa það að leiðarljósi að hann valdi sem minnstum skaða og í kjölfarið getum við á nýjan leik stefnt að enn frekari uppbyggingu öflugrs háskólakerfis. Það er meðal annars af þeim sökum sem ég hef lagt fram hugmyndir um auknið samstarf opinberra háskóla og þeir sameinist undir einum hatti í þeirri trú að við mætum best þeim niðurskurði sem er fram undan með því að taka höndum saman og leggja saman krafta

aðkallandi viðfangsefni samtíðarinnar.

Til að auka enn frekar vægi þess og kosti að byggja hér upp alhliða „universitas“ hefur verið mótuð stefna sem nær til allra opinberra háskóla í landinu þar sem megin-tilgangurinn er að byggja upp samstarfsnet milli þeirra. Í því felst m.a. eitt gæðakerfi og samræmt gæðamat, eitt upplýsingakerfi og sameiginleg stöðþjónusta, eitt vinnuútskerfi, og síðast en ekki síst sameiginleg miðstöð framhaldsnáms með höfuðáherslu á doktorsnámi. Vonir standa til að þessi heildræna sýn eflir enn frekar háskólakennslu, rannsóknir og nýsköpun og skapi forsendur fyrir frekari fjölbreytni, verka-skiptingu og hagræðingu þar sem



Við mætum best þeim niðurskurði sem er fram undan með því að taka höndum saman.

okkar – á sama tíma og við verjum háskólastarf, kennslu og rannsóknir á hverjum stað.

Hugtakið „universitas“ hefur verið notað um háskóla sem býður upp á nám, miðlar og skapar þekkingu á flestum þeim námssviðum sem móta undirstöðu í hverju samfélagi. Háskólar hafa ekki fyrir tilviljun byggst upp með þessum hætti. Það er ótvíræður kostur fyrir nemendur að geta mótað sitt nám þvert á tiltekna deildir eða svið og áskoranir fyrir fræðimenn að vera vakandi fyrir hinu stóra samhengi ólíkra fræðisviða. Til dæmis er ekki til sérstakt fræðisvið í háskólum landsins um sjálfbærni en ljóst að viðfangsefnið sjálfbærni snertir flestar háskóladeildir. Víða hefur samvinna deilda aukist til muna einmitt til að rannsaka og þróa

hennar er þörf um leið og hvergi er slegið af kröfum um öfluga háskólastarfsemi víðs vegar á landinu. Fjarkennsla verður notuð í auknum mæli til að bjóða upp á fjölbreytt nám víða á landinu með samstarfi við þekkingarsetur og símenntunarmiðstöðvar. Háskóli Íslands verður þungamiðjan í netinu enda sá skóli sem býður upp á fjölbreytt nám og rannsóknir.

Það er von mín að samhliða þessu muni þeir einkareknu skólar sem mesta samlegð hafa, þ.e. Háskólinn í Reykjavík og Háskólinn á Bifröst leggja saman krafta sína í auknum mæli. Með auknu samstarfi og verkaskiptingu er von til þess að við getum staðið vörð um gæði í háskólastarfi þó að ljóst sé að komandi niðurskurður verði háskólasamfélaginu mjög erfiður.

Háskólarannsóknir á tímum kreppu og hlutverk háskóla

Háskólarannsóknir

Eiríkur Steingrímsson
og **Magnús Karl Magnússon**
professorar við læknaeild HÍ



Íslenskt samfélag stendur á tímamótum. Við teljum að þessi tímamót kalli á umræðu um hlutverk íslenskra háskóla. Í þessum greinaflokki munum við beina sjónum okkar að rannsóknarhlutverki háskóla.

Háskólar eru fyrst og fremst mennta- og rannsóknastofnanir. Hlutverk þeirra er að stunda rannsóknir og mennta fólk og þjálfar til sérhæfðra starfa. Menntunin er tvenns konar. Annars vegar grunn- eða starfsmenntun og hins vegar rannsóknarmenntun, doktorsnám, en það felur í sér þjálfun í að takast á við viðfangsefni sem enginn hefur glímt við áður. Doktorsnámið felst í rannsóknastörfum og fer fram undir handleiðslu kennara sem hafa reynslu af rannsóknarvinnu. Kennararnir aðstoða nemana við að móta og setja fram tilgátur sem síðan eru prófaðar með rökleiðslu, tilraunum eða greiningu á gögnum. Markmið rannsóknastarfa er að leita svara við hinu óþekkta og þjálfar ungt fólk í að beita þekkingu sinni.

Öflugt vísindastarf er háskólam og vísindastofnunum afar mikilvægt. Með því fæst einkum þrennt: i) Kennarar stofnunarinnar verða betur tengdir við það nýjasta í fræðunum og geta því

betur miðlað nýjustu þekkingu til nemenda sinna; ii) Stofnunin nýtur trausts í samfélaginu enda vitað að þar eru vísindamenn sem þekja til tiltekinnar málaflokka og geta talað um þá af hlutleysi og þekkingu; iii) Með öflugu vísindastarfi skapast möguleikar á rannsóknatengdri nýsköpun en það er sú nýsköpun sem gefur mestan arð. Úr grunnrannsóknunum verður til ný þekking sem er forsenda nýsköpunar sem getur leitt af sér viðskiptahugmyndir og atvinnutækifæri. Um þetta eru ótal dæmi, stór og smá. Slík þekkingarsköpun ásamt menntun ungs fólks er því hið óumdeilda og verðmæta samfélagslega hlutverk háskóla.

Um allan heim eru gæði háskóla metin út frá rannsóknarvirkni þeirra. Á þessu eru fáar undantekningar. Hér á landi hafa nýlega verið sett lög sem skilgreina hlutverk háskóla víðar en víðast er gert. Í lögnum segir: „Hann [háskólinn] miðlar fræðslu til almennings og veitir þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar.“ Þann 26. júní sl. birtist í Morgunblaðinu grein eftir Katrínu Jakobsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra sem hún nefndi „Hlutverk og ábyrgð háskóla“. Þar leggur hún til að háskólar beini sjónum sínum í auknum mæli að samfélagslegu hlutverki sínu, frekar en að einblína á að efla gæði kennslu og rannsóknar.

Við erum ósamála ráðherra um þetta. Að andvaraleysi og skortur á samræðu háskólafólks við samfélagið hafi átt veigamikinn þátt í hrúninu er að okkar mati heldur ekki rétt ályktun. Miklu nær væri að spyrja hvort háskólasamfélagið hafi ekki

verið of veikt til að bregðast við umhverfinu. Geta háskóla til að sinna samfélagslegu hlutverki sínu er í beinu sambandi við rannsóknarvirkni þeirra. Það er lítið mark takandi á háskóla sem ekki tekur rannsóknarhlutverk sitt alvarlega. Slíkur háskóli getur ekki haft þau áhrif á samfélag sitt sem allar þjóðir leitast eftir: hlutlaus, faglega umfjöllun, rannsóknatengda nýsköpun og almenna eflingu þekkingar. Allir geta verið sammála um það að sú þekking sem verður til í háskólum þarf að nýttast eins og kostur er við að bæta samfélagið. En það er ekki og á ekki að vera á ábyrgð háskólanna einna að það gerist. Vísindamenn eru ekki ráðnir til háskóla til að fræða almennig eða þjóna samfélaginu á annan hátt en að sinna sínu grunnhlutverki, þ.e. mennta háskólanema og stunda vísindi. Þeir eru þó ávallt reidubúin til að upplýsa og fræða þegar eftir því er leitað eins og sjá má daglega í fjölmiðlum landsins. Að leggja aukna áherslu á önnur hlutverk háskólanna þegar ljóst er að rannsóknarinnviðir eru veikir og litlu fjármagni er veitt til kennslu mun að öllu óbreyttu rýra starf háskóla.

Nú eiga Íslendingar sjö háskólastofnanir. Engin þeirra kemst á blað yfir fimm hundruð fremstu háskólastofnanir heims, hvað þá herra. Fjöldi háskóla á Norðurlöndunum eru á lista yfir bestu menntastofnanir heims og því ekkert sem útilokar að Ísland nái árangri hvað þetta varðar. Til að svo megi verða þarf að efla háskólana, einkum hvað rannsóknir og gæðamat varðar. Þetta kallar á endurskipulagningu og uppstokkun.

LAGERSALA



no1
st. 36-41 verð kr. 8995.-



no2
st. 36-41 verð kr. 8995.-



no3
st. 36-41 verð kr. 8995.-



no4
st. 36-46 verð kr. 8995.-

**Mikið úrval af skóm
á alla fjölskylduna
Frábær verð**

**Opið virka daga 12-18
laugardag 12-16**

www.xena.is



Grensásvegi 8 - 108 Reykjavík - 517-2040

netto

Ódýrt fyrir heimilið!



1/2 LAMBASKROKKUR
ÓDÝRT FYRIR HEILIMIÐ
FROSINN

798 KR/KG
ÁÐUR 998 KR/KG



GRÍSABÓGUR
FERSKUR FRÁ GOÐA

598 KR/KG
ÁÐUR 879 KR/KG

32%
afsláttur



NAUTAINNRALÆRI
FERSKT ÓKRYDDAÐ

1.999 KR/KG
ÁÐUR 2.698 KR/KG



NAUTAGÚLLAS
FERSKT

1.590 KR/KG
ÁÐUR 1.798 KR/KG

NAUTA-
MÍNÚTUSTEIK



46%
afsláttur

1.989 KR/KG
ÁÐUR 3.649 KR/KG

KALKÚNA-
GRILLSNEIÐAR



25%
afsláttur

1.199 KR/KG
ÁÐUR 1.599 KR/KG

EPLA- EÐA APPELSÍNUSAFI
1,5 L



199 KR/STK.
ÁÐUR 249 KR/STK.



30%
afsláttur

BEIKON

1.154 KR/KG
ÁÐUR 1.649 KR/KG



30%
afsláttur

KJÖTBÚÐINGUR

594 KR/KG
ÁÐUR 849 KR/KG



30%
afsláttur

LAMBASALTKJÖT
BLANDAÐ I.FL

1.049 KR/KG
ÁÐUR 1.498 KR/KG



30%
afsláttur

GRÍSASNITSEL
Í RASPI

1.259 KR/KG
ÁÐUR 1.798 KR/KG



VANILLU- EÐA SÚKKULAÐIÍS
ÓDÝRT FYRIR HEIMILIÐ

199 KR/PK.
ÁÐUR 259 KR/PK.



SPARPERUR Í MIKLU ÚRVALI

ERT ÞÚ BÚINN AÐ SKIPTA YFIR?

X-TRA SPARPERUR
2 STK. Í PAKKA

998 KR/PK.
1.098 KR/PK.



PLÓMUR
750 G ASKJA

50%
afsláttur

189 KR/PK.
ÁÐUR 379 KR/PK.



Hveiti
2 kg
189
kr/pk.



Kakómalt
1 kg
498
kr/pk.



Kornflögur
500 g
199
kr/pk.



Lakkrískonfekt
500 g
298
kr/pk.
var 359



Franskar kartöflur
1 kg
299
kr/pk.
var 399



25%
afsláttur

TILBOÐIN GILDA 30.09 - 3. OKTÓBER

BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR

WWW.NETTO.IS

MJÓDD

SALAVEGUR

HVERAFOLD

AKUREYRI

HÖFN

GRINDAVÍK

REYKJANESBÆR

Umræða um lúpínu og líffjölbreytni og svar við gagnrýni

Líffjölbreytni

Vilhjálmur Lúðvíksson

áhugamaður um náttúru Íslands, sjálfbæra ræktun og aukna líffjölbreytni



Í greinum sínum í Fréttablaðinu 14. september og 25. september gagnrýnir Snorri Baldursson greinar mínar í sama blaði frá 26. ágúst og 2. september þar sem ég mótmæli áformum umhverfisráðherra um herferð gegn lúpínu og skógarkerfi hér á landi. Gagnrýni mín beinist að þeim forsendum sem gefnar eru fyrir herferðinni. Annars vegar hvernig Ríó-samningurinn um líffjölbreytni er túlkadur og hins vegar þeirri staðhæfingu að lúpína og skógarkerfi séu framandi tegundir og raunveruleg ógn við meinta líffjölbreytni hér á landi í skilningi samningsins.

Við Snorri virðumst ekki ósamála um skilgreiningarnar í samningnum en hins vegar um það hvað þær þýða fyrir okkur hér á landi. Snorri segir: „Það hefur verið staðfest með rannsóknum að alaskalúpína breiðist ekki aðeins yfir lítt grónar auðir heldur einnig ýmsar gerði af algrónu landi svo sem mosaheiðar og lyngmóa. Þar

undir höfuð leggjast að rannsaka áhrifin á aðra þætti í fjölbreytni lífríkisins sem og áhrifin á gróðurframvindu yfir lengri tíma, ekki síst landnám tegunda eins og birkis, víðis, berjarunna – bæði innlendra og aðfluttra tegunda – í kjölfar lúpínunnar. Hvorki er reiknað með áhrifunum á örveruflóru og jarðvegsdýr sem eru undirstaða jarðvegsmyndunar, grósku og aukinnar framleiðslugetu gróurlendisins. Ekki er heldur reiknað með fjölgun skordýra, fugla og spendýra sem með margvíslegum hætti hagnýta sér hið nýja gróurlendi sem lúpínan og aukin gróðurfjölbreytni skapar. Þetta vörður en teljast mjög sérstök og einstengingsleg, grasafræðileg túlkun á hugtakinu líffjölbreytni.

Sannleikurinn er sá að engar rannsóknir hafa sýnt fram á að einstökum tegundum plantna eða upprunalegum gróðurverfum sé raunverulega hætt hér á landi þótt sumar tegundir séu sjaldséðar og að vissulega séu í gangi töluverðar breytingar á útbreiðslu ýmissa tegunda í kjölfar friðunar og hlýnandi veðurfars. Engin íslensk plöntutegund er einlend – þ.e. vex einungis á Íslandi og engu öðru landi. Það ber að sjálfsgöðu að athuga að Ísland er afar tegundafátækt miðað við ríkjandi vaxtaraskilyrði í samburði við grannlöndin og að ofnýt-

Ekki verður séð á hvaða forsendum á að velja lífverur eftir gildishlöðnum orðum, „framandi“ uppruna og meintri „ágeni“ þeirra.

sem hún fer yfir kæfir hún staðargróður, dregur stórlaga úr tegundaauði og eykur einsleitni í gróðurfari. Útbreiðsla alaskalúpínu er því klárlega ógn fyrir þann lífbreytileika sem fyrir er á svæðinu.“ Ég vek athygli á þessu orðalagi Snorra. Umræðan er af hendi Snorra bundin við afmarkað svæði rannsóknarsvæði og þær háplöntur sem þar eru fyrir – svæði þar sem gróðri hefur áður verið stórleg raskað og víða eytt af manna völdum.

Engar rannsóknir hafa mér vitanlega verið gerðar á útbreiðslu lúpínu í algrónu, áður öröskuðu landi. Staðhæfingin um að lúpínan fari lítið sem ekkert inn á algróinu, óraskað land stendur þar til rannsóknir hafa ótvírætt sýnt annað. Lyngheiðar eru hvergi að hverfa undir lúpínu. Einstakar lyngbreytðir verða einungis fyrir áhrifum þar sem þær eru hluti af landi sem er rofið vegna ofbeitar um langan tíma líkt og í Hrísey og víðar í grennd við þéttbýli. Sama ástand má sjá á heidunum fyrir ofan höfuðborgarbyggðina þar sem skörp skil eru milli lúpínugróinna rofsvæða og algróinna lyngmóa. Rannsóknir hafa beinast að landi sem hefur verið ofbeitt, raskað eða er nánast gróðurlaust af náttúrulegum ástæðum. Þar á lúpínan greiddan aðgang og er ekki um það deilt. Við slíkar aðstæður getur það vissulega verið að fyrstu áhrif lúpínu séu ógn við „þann fjölbreytileika sem fyrir er á svæðinu“ þegar lúpínan kemur til skjalanna ef líffjölbreytileikinn er metinn á mælikvarða fjölda þeirra háplantna sem vaxa við upphafi á landnámi lúpínunnar. En þá er mælikvarðinn á fjölbreytnina sú afmarkaða tegundafjölbreytni háplantna sem sumir líffræðingar kjósa að telja við slíkar aðstæður á afmörkuðum stað. Það er hins vegar hugmyndafræðilega lituð túlkun hugtaksins biodiversity í Ríó-sáttmálanum og jafngildir því að standa eigi vörð um manngerðar auðir og ofbeitt lönd hér á landi. Lítið er

ing gróðurlendisins hefur valdið verulegri rýrnun þess. Mikilvægur tegundir hafa vikið fyrir beitinni eins belgjurtir og skógartegundir. Landið er því mjög opið fyrir aðflutningi nýrra tegunda – bæði með og án hjálpar mannsins. Reyndar hníga sterk rök að því að stór hluti tegunda hinnar íslensku flóru hafi borist hingað með mönnum á búsetutímanum. Ég get vissulega fallist á að ekki séu allar þessar nýju tegundir æskilegar og sumar valda okkur óþægindum. Það á reyndar bæði við um innfluttar og svokallaðar innlendar tegundir. En það er bæði óraunhæft og síðferðilega vafasamt að hefja opinbera herferð gegn þeim. Ekki verður séð á hvaða forsendum á að velja lífverur eftir gildishlöðnum orðum, „framandi“ uppruna og meintri „ágeni“ þeirra. Reyndar sést það í alþjóðlegri umræðu að þessi hugtök eru að verða mjög umdeild meðal líffræðinga, gagnstætt því sem Snorri virðist hafa.

Sem ræktunarmaður hef ég að sjálfsgöðu ekkert að athuga við það að í stefnumótun opinberra aðila í landgræðslu og skógrækt sé forgangsraðað og ákveðið hvar – og hvar ekki – eigi að stunda uppgræðslustarf eða hvaða tegundir eigi – eða eigi ekki – að nota á hverjum stað. Ég hef heldur ekkert að athuga við það þótt grisjád sé og „illgresi“ (röng planta á staðnum!) sé upprætt. Það geri ég sjálfur í eigin ræktunarstarfi og ræðst bæði af smekk og ræktunarmarkmiðum. Einnig eru stórir hlutar landsins þar sem náttúruöflin eiga að njóta sín án aðgerða okkar – nema þar sem þörf er vegna öryggis landsmanna eins og á Mýrdalssandi. En það þarf ekki að vísa til Ríó-sáttmála og kynda undir örökstuddan ótta við eyðingu á líffjölbreytni eða etja til andúðar á aðfluttum eða erlendum tegundum og efna til eitruferðar gegn þeim til að þess að stunda slíkt ræktunarstarf hér á landi.

Úrehtar lausnir byrgi ekki sýn

Atvinnustefna og nýsköpun

Rögvaldur J. Sæmundsson og Örn D. Jónsson

dósent við HR og prófessor við HI



Milli árunna 1990 og 1995 fór Mállegur útflutningur á hugbúnaði úr nánast engu í 800 milljónir króna. Á sama tíma tvöfaldaðist útflutningur á fiskvinnsluvélum og rafeindavogum; sala lyfja og stóðtækja meira en tífaldaðist. Samtals var útflutningur hátæknigreina árið 1995 aðeins um 1% af gjaldeyriskjöldum. Árið 2006 skiluðu þær um 6% af gjaldeyriskjöldum og útflutningur á hugbúnaði losaði 6 milljarða króna. Ársvelta tölvuleikjafyrirtækisins CCP var orðin vel yfir 5 milljarða króna árið 2009. Og auðvelt að benda á fleiri þekkingarfyrirtæki sem eru orðin eða stefna í að verða stórfyrirtæki á íslenskum mælikvarða. Á sama tíma var ársvelta eins stærsta sjávarútvegsfyrirtækis landsins, HB Granda, um 20 milljarðar.

Þessi grein er síðasta af þremur greinum okkar um tengsl atvinnustefnu og nýsköpunar. Markmið okkar er að benda á þá þverstæðu sem felst í því að hvetja til aukinnar auðindanýtingar um leið og tækifæri blasa við til alþjóðlegra samkeppnishæfrar nýsköpunar.

Þrátt fyrir bólu og hrun lifir visir að alþjóðlegri nýsköpun

Á 20. öld þróaðist Ísland frá því að vera eitt af fátækustu ríkjum Evrópu í að vera eitt af þeim ríkustu sé tekið mið af þjóðartekjum á íbúa. Í kjölfar uppbyggingar á norrænu velferðarkerfi, útfærslu landhelginnar, markvissra fjárfestinga í sjávarútvegi, friverslunarsamninga og allviðtækrar einkavæðingar var hagkerfi landsins við upphaf 21. aldar eitt það opnasta í heimi, menntun að eflast, víðtæk fyrirtækjategund til staðar í mörgum atvinnugreinum, visir að alþjóðlega samkeppnishæfri nýsköpun og góður aðgangur að erlendu fjármagni. Nokkrum árum síðar hrundi bankakerfið.

Allt fram á miðjan áttunda áratuginn snerist nýsköpun á Íslandi fyrst og fremst að taka upp nýjungar að erlendri fyrirmynd. Vendipunkturinn varð þegar hægt var að umbreyta sjávarútvegstengdri þekkingu og verkfærni í

þekkingu til framleiðslu á alþjóðlega samkeppnishæfum lausnum. Frumkvöðlar í sjávarútvegi opnuðu dyrnar og fljótlega fór að bera á svipuðum sprotum í öðrum atvinnugreinum, s.s. Össur sem nýtti sér nýjungar í efnistækni til þróunar stóðtækja. Fjölbætt menntun erlendis tók að skila sér í hagnýtum verkefnum á sviði útflutings.

Í stað þess að styrkja þennan vísi að alþjóðlegri nýsköpun hafði einkavæðing og útrás bankanna þveröfug áhrif. Þrátt fyrir erfiða stöðu hafa á síðstu árum þróað allmörg þekkingarfyrirtæki sem hafa vaxið innan sérhæfðra markaða á alþjóðavettvangi og hafa nær allar sínar tekjur erlendis frá. Þessi fyrirtæki

á sviði tækni og lista því svipað og í raunheimum þarf tækni, notagildi og fagurfræði að spila saman ef vel á að vera. Hugmyndir flæða á milli net- og raunheima sem hafa gangkvæm áhrif hver á annan. Fámenni eyríkisins takmarkar ekki stærð markaðarins, flutningskostnaður er óverulegur og lítill sem engin fjárfesting í tækjum og búnaði. Það sem þarf er fólk sem skilur þáfrinar og hefur sérþekkingu og færni til að uppfylla þær.

Hér er aðalatriðið að nú þegar er búið að leggja til meginforsendurnar hér á Íslandi til þess að taka þátt í þessari uppbyggingu; menntakerfi og starfsvettvang. Ekki þarf stórfelldar fjárfestingar með láns-



Mikilvægasta verkefni stjórnvalda í atvinnumálum á næstu misserum er að standast þrýsting um gamaldags lausnir á núverandi vanda þjóðarinnar.

voru mörg hver ósýnileg þegar öll athyglin beindist að uppgangi fjármálakerfisins og stórtækra alþjóðlegra fjárfestinga. Í dag hafa mörg þeirra víðtæka möguleika til vaxtar en skortur á starfsfólki er að verða aðkallandi á sumum sviðum.

Uppbygging á grunngerð netheima skapar fjölmörg ný tækifæri

Stærstu fyrirtæki heims segja oft til um þá grunngerð samfélagsins sem er að byggjast upp á hverjum tíma. Á 20. öldinni voru það olúfyrirtæki og bílaframleiðendur. Í lok aldarinnar var tölvutækni að breytast í upplýsingatækni og Microsoft var stærsta fyrirtæki heimsins. Nú er upplýsingatækni orðin að netheiminum og Google, sem var stofnað 1998, að verða eitt öflugasta fyrirtæki heims. YouTube var stofnað 2005 (nú í eigu Google), Wikipedia 2001, Skype 2006, Facebook 2004. Öll þessi fyrirtæki hafa fleiri hundruð milljónir notenda um allan heim og eru mikilvægur hluti af daglegu lífi margra Íslendinga, sérstaklega yngri kynslóðarinnar. Fimm árum eftir stofnun fésbókarinnar vísaði forseti Íslands til undirskrifaða þeim vettvangi sem meginröksemd fyrir að hafna niðurstöðu meirihluta Alþingis í IceSave-deilunni.

Í netheiminum er uppbygging í fullum gangi, bæði á grunngerð og framboði á þjónustu. Þar eru fjölmörg verkefni fyrir handverksfólk

fjármagni sem ekki er til. Menntakerfið er hluti þeirra samgæða sem almenn sátt er um og starfsvettvangurinn byggir á grunngerð Internetsins sem er að mestu til staðar. Flöskuhálsinn er í flestum tilfellum fólkíð.

Úrehtar lausnir mega ekki byrgja sýn

Hér er komið að þeirri alvarlegu þverstæðu sem bent hefur verið á í greinum um tveimur sem þegar hafa verið birtar. Að lítið sé á að samfélagið sé á tæknistigi milli- stríðsáranna og að ríkisvaldið þurfi að hafa frumkvæði með því að leggja fram fjármuni til að búa til atvinnutækifæri. Að það sé talið árangursríkt að þróa og efla starfsgreinar með óhagkvæmum fjárfestingum sem skili fáum stórfum. Að hægt sé að ganga stöðugt lengra í nýtingu takmarkaðra náttúruauðlinda í nafni sjálfbærni. Á sama tíma virðast blasa við ótakmörkuð tækifæri til óefnislegrar og alþjóðlegrar nýsköpunar sem er mannafliker, aflar gjaldeyriskjöldna og þarfnast lítills lánsfjármagns. Tækifæri sem horfa til framtíðar frekar en til fortíðar. Mikilvægasta verkefni stjórnvalda í atvinnumálum á næstu misserum er að standast þrýsting um gamaldags lausnir á núverandi vanda þjóðarinnar. Þar dugar ekki að vísa til fegurra orða í stefnufrýsingu um nýsköpun og sjálfbærni. Það þarf að standa við þau.

Fyrningarleiðin svikin

Sjávarútvegsmál

Björgvin Guðmundsson

viðskiptafræðingur



Þegar þetta er ritað er allt útlið fyrir að fyrningarleiðin í sjávarútvegi verði svikin. Þetta var stærsta kosningamál Samfylkingarinnar í síðustu þingkosningum. Það má fullyrða að loforð Samfylkingarinnar um að fyrna aflaheimildir á 20 árum hafi fært henni það fylgi, sem dugði til þess að hún kæmist til valda. Ég fullyrði, að ef Samfylkingin hefði ekki lofað fyrningarleiðinni í sjávarútveginum væri hún ekki við völd í dag.

Tvær leiðir lagðar fram

Nefndin, sem skipuð var til þess að fjalla um útfærslu fyrningarleiðarinnar leggur til tvær leiðir: Samningaleið og leigutilboðsleið. Samningaleið byggir á því að kerfið verði að mestu óbreytt, útgerðin haldi veiðiheimildum sínum, fái 80-95% aflaheimilda en 5-20% fari í sérstakan pott. Ur þessum potti verði úthlutað eftir byggðasjónum miðum og jafnvel eitthvað sett á uppboðsmarkað. Reiknað er með að útgerðin greiði eitthvað gjald

fyrir veiðiheimildirnar. Talað er um að útgerðin fái jafnvel veiðiheimildir til langs tíma. Ef það verður stendur útgerðin og kvótakóngarnir betur að vígi en samkvæmt eldra kerfi. Það er þá verr af stað farið en heima setið. Hin leiðin sem nefndin hefur fjallað um og lögð er einnig fram er leigutilboðsleið. Það er útfærsla á fyrningarleið. Gert er þar ráð fyrir, að útgerðin bjóði í aflaheimildarinnar og greiði fyrir eitt ár í senn. Áætlað er, að þessi leið gæfi 15 milljarða í tekjur fyrir ríkið á ári en samningaleiðin aðeins 1 milljarð.

Alger svik á kosningaloforði

Ég tel niðurstöðu svokallaðrar sáttanefndar algjör svik á kosningaloforði Samfylkingarinnar og svik á ákvæði stjórnarsáttmálanans um að fara fyrningarleiðina á 20 árum. Það er auðvitað fræðilegur möguleiki á því að ríkisstjórnin fari ekki eftir tillögum „sáttanefndar“. En með því að Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra er og hefur alltaf verið andvígur fyrningarleiðinni eru litlar líkur á að ríkisstjórnin ýti álitni nefndarinnar út af borðinu. Frá fyrsta degi hefur Jón Bjarnason dregið lappirnar í þessu máli. Hann hefur verið á móti fyrningarleiðinni og það var ljóst, að ætlan hans var sú,

að nefndin mundi leggja fram einhverja mósúðu eða tillögur, sem fælu ekki í sér fulla framkvæmd á fyrningarleiðinni. Það hefur gerst. Að mínu mati var það út í hött að skipa nefnd með fulltrúum frá LÍÚ til þess að fjalla um fyrningarleiðina. Vítáð var að samtök útgerðarinnar voru á móti fyrningarleiðinni. Á meðan þau töldu, að halda ætti við ákvæði stjórnarsáttmálanans neituðu fulltrúar þeirra að mæta í nefndinni. Þá fóru fyrirsvartsmenn nefndarinnar að hörfa í málinu og það dugði til þess að LÍÚ fór að mæta aftur. Utgerðarmenn höguðu sér í þessu máli eins og óþekkur krakki.

Guðbjartur Hannesson og aðrir fulltrúar stjórnarflokkanna í nefndinni hafa munað vel eftir útgerðarmönnum við nefndarstarfið og hafa reynt að þökna þeim. En þeir gleymdu einum aðila. Þeir gleymdu kjósendum. Kjósendum var lofað fyrningarleið á 20 árum. Það er nú verið að svíkja það. Hvar eru nú nýju vinnubrögðin, sem átti að taka upp eftir hrun. Átti ekki að hætta að svíkja kosningaloforðin? Átti ekki að virða vilja kjósenda og standa við gefin loforð. Jú, því var heitið. Ef ríkisstjórnin svíkur fyrningarleiðina getur hún farið strax frá. Hún hefur þá fyrirgert rétti sínum til þess að sitja.



Flíspeysa
st. 104-164

1.999 kr



Úlpa
st. 7/8-13/14

2.799 kr



Úlpa
st. 7/8-13

2.799 kr



Hlífðarbuxur
st. 92-128

2.999 kr

Ó D Ý R T

Úlpa verð frá **2.799.-** **Bolur** verð frá **999.-**
Joggingbuxur verð frá **1.999.-**



Bolur
st. 92/98-128

1.699 kr



Bolur
st. 130-170

999 kr



Buxur
st. 7/8-13/14

2.499 kr



Buxur
st. 80-120

1.999 kr

Gildir á meðan birgðir endast.
Allt vöruúrvalið fæst í Kringlu og Smáralind,
minna úrval í öðrum verslunum Hagkaups.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



86 JIMMY CARTER fyrrverandi Bandaríkjaforseti fæddist þennan dag árið 1924. „Ameríka fann ekki upp mannréttindi. Í rauninni fundu mannréttindi upp Ameríku.“



Elskulegur bróðir okkar, mágur og frændi,

Sigurður Reynir Björgvinsson,
Lyngholti 12, Akureyri,

lést föstudaginn 24. september. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 4. október kl. 13.30.

Halldóra Björgvinsdóttir **Viðar Pétursson**
Þórunn Björgvinsdóttir
Brynja Björgvinsdóttir
Friðbjörg Sveinbjörnsdóttir
og frændsystkini.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

María Ögmundsdóttir,
Holtsgötu 4, Ytri-Njarðvík,

lést mánudaginn 27. september á Landspítalanum við Hringbraut.

Sæmundur Þ. Einarsson **Bjarni Jóhannsson**
Ingigerður Sæmundsdóttir **Heiða Ingólfssdóttir**
Ögmundur Sæmundsson **Harpa Kristín Einarisdóttir**
Baldur Sæmundsson **Hleiðar Gíslason**
Sigríður Sesselja Sæmundsdóttir
barnabörn og barnabarnabarn.



Hjartans þakkir færur við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, hlýðug og vináttu við andlát og útför okkar ástkæru

Þórönnu Sigríðar Jósafatsdóttur,
Dalseli 9, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær samstarfsfólk Þórönnu í leikskólanum Rjúpnahæð fyrir ómetanlegan stuðning á erfiðum tíma og allt það indæla fólk sem af hlýðug og nærgætni annaðist hana í veikindum hennar.

Jónsteinn Jónsson **Rebekka Lea Te Maiharoa**
Elvar Freyr Jónsteinsson
Grétar Jósafat Jónsteinsson
Jón Ingiberg Jónsteinsson **Viktoría Sigurgeirsdóttir**
barnabörn, systkini og tengdamóðir.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jóhannes Arason,
fyrirverandi útvarpsþulur,
Þórsstötu 25, Reykjavík,

sem lést sunnudaginn 26. september, verður jarðsönginn frá Hallgrímskirkju miðvikudaginn 6. október kl. 15.00. Blóm vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnst hans er bent á líknarstofnanir.

Elísabet Einarisdóttir
Ása Jóhannesdóttir **Jóhanna F. Jóhannesdóttir**
Ari Jóhannesson **Ívar Ólafsson**
Einar Jóhannesson
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Álfheiður Guðjónsdóttir,
Hlíf II, Torfnesi, Ísafirði,

lést á Öldrunardeild Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði 23. september og verður jarðsönginn frá Ísafjardarkirkju þriðjudaginn 5. október kl. 14.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþökkuð, en þeim sem vildu minnst hennar er bent á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði og Styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa.

Lára Guðbjörg Oddsdóttir **Sigmar Ingason**
Kristín Oddsdóttir Bonde **Peter Bonde**
Guðný Lilja Oddsdóttir **Árni Sigurðsson**
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýðug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,

Gunnlaugs Snædal
læknis.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki í Sóltúni fyrir frábæra umönnun, ljúft viðmót og hlýju.

Jón Snædal **Guðrún Karlsdóttir**
Kristján Snædal **Sólrun Vilbergdóttir**
Gunnlaugur G. Snædal **Soffía Káradóttir**
afabörn og langafabörn.



Innilegar þakkir til ykkar allra sem hafið sýnt okkur samúð, hlýðug og vináttu við andlát og útför elskulegrar móður, tengdamóður og ömmu okkar,

Þórunnar Gestsdóttur.

Okkar innilegustu þakkir færur við starfsfólki Friðuhúss, St. Fransiskuspítalans í Stykkishólmi, Foldabæjar, Landakots og Droplaugarstaða fyrir umönnun, hlýju og stuðning. Einnig viljum við þakka ótrúlega rausnarleg framlög í hina ýmsu styrktarsjóði í hennar nafni.

Elíza Guðmundsdóttir **Jóhanna Jóhannsdóttir**
Ari Guðmundsson **Rannveig Haraldsdóttir**
Gestur Ben Guðmundsson **Ómar Karl Jóhannesson**
Ingi Þór Guðmundsson
Hjördís Guðmundsdóttir
Eyjólfur Andri Arason
Viktor Ben Gestsson, Einar Ben Gestsson
Þórunn Hekla Ingadóttir, Aron Snær Ingason,
Ísak Nói Ingason
Elísa Gígja Ómarsdóttir, Inga Lilja Ómarsdóttir



Ástkær bróðir okkar, fösturfaðir og frændi,

Bjarni Helgason,
Grandavegi 47, Reykjavík,

sem andaðist á heimili sínu þriðjudaginn 21. september, verður jarðsönginn frá Fossvogskapelli þriðjudaginn 5. október kl. 13.00.

Guðlaug Helgadóttir **Ívar H. Friðþjófsson**
Helga Helgadóttir **Steinunn Rán Helgadóttir**
Sveinn Ólafsson
og aðrir vandamenn.



Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAÍK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is



ALLTAF VERIÐ Í HLJÓMSVEIT Magnús Stefánsson heldur upp á 50 ára afmælið í kvöld með pompi og prakt og ætlar að grípa í bassann með hljómveit sinni Upplýftingu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

MAGNÚS STEFÁNSSON: FAGNAR FIMMTUGU Í DAG

Rifjar upp gamla balltakta

Magnús Stefánsson, fyrrverandi alþingismaður og ráðherra, stendur á fimmtugu í dag. Í tilefni þess heldur hann veislu. Þegar Fréttablaðið spur hvort hann sé búinn að baka til veislunnar svarar hann hlæjandi: „Já, eigum við ekki að segja það! Ég ætla að samfagna þessum áfanga með stórfjölskyldu og vinum í kvöld og rifja upp gamla balltakta,“ en Magnús spilar á bassa í hljómveitinni Upplýftingu. „Þeir verða með mér í kvöld, félagarnir og við tökum lagið.“

Magnús er ættaður frá Ólafsvík. Þar ólst hann upp og bjó þar til hann lauk þingmennsku á síðasta ári. Hann segir það forréttindi að hafa fengið að alast þar upp. Á Ólafsvík hafi hann tekið þátt í öllum störfum, var meðal annars til sjós um tíma og í smíðavinnu, auk þess sem hann vann í fiski. Magnús æfði einnig fótbolta og eins átti tónlistin hug hans allan.

„Ég spilaði fótbolta með Víkingi í Ólafsvík og síðar FH. Ég var á kafi í tónlist og hef alltaf verið í hljómveitum, spilað á gítar, trommur og bassa. Ég fer til Ólafsvíkur þegar tækifæri gefst en þar búa foreldrar mínir, systkini og tengdafólk. Það má kannski segja að ég sé heimakær,“ segir Magnús sem býr nú í Reykjavík með eiginkonu sinni, Sigrúnu Drífu Óttarsdóttur. Saman eiga þau tvö börn, Guðrúnu og Guðmund.

„Það er nú varla hægt að kalla þau börn lengur. Sonur okkar er 19 ára framhaldsskólamei og knattspyrnumaður hjá Fram, þar sem ég sit í stjórn. Dóttir okkar, 23 ára, er við nám í Danmörku og búsett þar. Hún á einmitt afmæli 2. október og við höldum gjarnan upp á daginn saman hér áður.“

Þegar Magnús er beðinn um að líta um öxl á þessum tíma-mótum, segir hann 50 ár varla gefa tilefni til þess. Hann vilji frekar horfa fram á veginn. Hann sakni einskis úr pólitíkinni.

„Það er frekar að það sé margt fram undan. Ég hætti á þingi á síðasta ári eftir fjórtán ára þingstörf og sneri mér að öðru. Síðan hef ég verið í ýmsum verkefnum og haft nóg að gera. Ég tel mig heppinn að hafa alltaf verið í störfum sem ég hef haft áhuga á.“

heida@frettabladid.is



Elskulega systir okkar, mágkona, frænka og vinkona,

Ástríður Halldóra Hallgrímsdóttir,

Hjúkrunarheimilinu Eir,
áður Sléttuvegi 13, Reykjavík,

lést á Eir þriðjudaginn 21. september. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir færur við Kristínu og starfsfólki hennar á Eir 1. hæð, B-álmú fyrir einstaka alúð, svo og hlýju og nærgætni í veikindum hinnar látnu.

Fyrir hönd aðstandenda,
Margrét Jóhannsdóttir **Kristján Guðmundsson**

Byggingarlistadeild Listasafns Reykjavíkur efkir, í tilefni af alþjóðlegum byggingarlistardegi, til dagskrár á Kjarvalsstöðum sem helguð er Jóni Haraldssyni arkitekt. Um er að ræða innsetningu sem mun standa um helgina en nánari upplýsinga er að leita á listasafnreykjavikur.is.



ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447

Gjafabréf Perlunnar
Góð tækifærisgjöf!

4ra rétta tilboðsseðill

Kryddlegin bleikja
með rússneskri pönnuköku, dillrjóma og piparrótarsósu

Humarsúpa
rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarhöllum

Fiskur dagsins
það ferskasta hverju sinni; útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar

*** eða / Or ***

Lambatvenna
með steinseljurótarmauki, aspas, rófu, soðkartöflu og basil-myntu gljúa

Kókosnetu Tapioca
með steiktu mangói og lychee sorbet

Verð aðeins 7.290 kr.

Veitingahúsið Perlan - Sími 562 0200 - Fax 562 0207
Netfang perlan@perlan.is - Heimasiða www.perlan.is

512 50 50
Auglýsingasími
Allt sem þú þarft...



Ingibjörg Haraldsdóttir datt niður á eplakökuuppskrift fyrir nokkrum árum sem fer vel í hennar fólk.

Eplakaka með osti

Í kökunni er ostur í stað eggja sem gerir það að verkum að hún hentar vel fólki með eggjaofnæmi.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJTUR

É g kann nú lítið að elda og mér þykir gott ef ég get nokkurn veginn komið mat ofan í fólkíð í kringum mig," segir ljóðskáldið Ingibjörg Haraldsdóttir þegar hún er beðin um að deila góðri uppskrift með lesendum. „Ég datt hins vegar niður á uppskrift að eggjalausri eplaköku um árið sem hefur reynst mér og mínu fólk vel. Tengdadóttir mín er með eggjaofnæmi og ég hef stundum verið í vandræðum með að finna eitthvað sem ég get boðið henni upp á," segir Ingibjörg en uppskriftina fann hún í bæklingi frá Osta- og smjörslunni. Það sem gerir kökuna sérstaka er rifinn ostur sem kemur í staðinn fyrir eggjum og segir Ingibjörg útkomuna koma skemmtilega á óvart. Væntanlegt ljóðapíng í Norræna húsinu dagana 4.-7. október er Ingibjörgu þó ofar í huga en matseld þessa dagana. Það er haldið í tilefni stofnunar Menn-

EPLAKAKA ÁN EGGJA

200 g sykur
35 g hveiti
¼ tsk. kanill
4-5 græn epli
140 g hveiti
50 g sykur
1 ½ tsk. lyftiduft
½ tsk. salt
150 g 26% ostur, rifinn
65 g smjör, brætt
¼ bollí mjólk



sneiðið þau þunnt. Blandið saman 200 g af sykri, 35 g af hveiti, kanill og eplum. Setjið í 24 cm eldfast mót. Blandið svo saman restinni af hveitinu og sykrinum, lyftidufti, salti og osti. Hrærið smjóri og mjólk saman við og jafnið yfir eplablönduna. Bakið í 30 mínútur.

Hitið ofninn í 200 gráður. Afhýðið eplin, takið kjarnann úr og

Berið fram með þeyttum rjóma, sýrðum rjóma eða ís.

ingarsjóðsins Kína-Ísland en þingið sækja sex ljóðskáld frá Kína, tvö frá Japan auk fulltrúa frá hverju Norðurlandanna. Fjórum íslenskum skáldum er boðin þátttaka en þau eru auk Ingibjargar, Sigurbjörg Þrastardóttir, Sigurður Pálsson og Vilborg Dagbjartsdóttir.

Menningsjóðurinn var stofnaður að frumkvæði kínverska

kaupsýslumannsins og ljóðskáldsins Huang Nubo en markmið hans er að stuðla að menningarlegri samvinnu milli Íslands og Kína. Ljóðapíngið er fyrsta formlega verkefni sjóðsins en honum hefur verið tryggt fjármagn til starfseminnar í tju á. Ingibjörg er að vonum ánægð með þetta góða framtak og hlakkar til að kynna hinum skáldunum. vera@frettabladid.is

Glænýr fiskur alla daga

Ljúffeng ýsa

með hrísgrjónum og súrsætri- eða karrýsósu

NING'S

Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 við Gullinbrú • Hlíðasmára 12 Kópavogi

Gómsætur ís með nýjum og spennandi bragðtegundum er tilvalinn eftirréttur.

NING'S
Kókosís

NING'S
Mangóís

Sími 588 9899 • www.nings.is



Ævintýravagninn, leiklistarsmiðja fyrir börn 8 til 12 ára, fer fram í Gerðubergi sunnudaginn 3. október frá 14 til 16. Smiðjan er samvinnuverkefni Gerðubergs og Möguleikhússins. www.gerduberg.is



Flensborgardagurinn er haldinn hátíðlegur í dag. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, verður veislustjóri og afhjúpar skilti í anddyri. Trúbador tekur lagið, boðið verður upp á veitingar og Flensborgarkórinn tekur lagið. Menntamála- og heilbrigðisráðherra verða meðal gesta og ræsa göngu nemenda og starfsfólks um bæinn. Klukkan tólf verður skemmtidagsskrá á Víðistaðatúni.



flensborg.is

Sannur vinur vill þér vel

Faðmlög, hjörtu á gluggum, heimsendar vöflur, jákvæðni, kveðjur og bros ráða nú ríkjum á Vopnafirði, þar sem unglingar bæjarins standa fyrir vinaviku sem nær hámarki með kærleiksmaraþoni á sunnudag.

Unglingarnir í æskulýðsfélagi Vopnafjarðarkirkju hafa haft kappnóg að gera síðan vinavikan hófst á Vopnafirði á þriðjudag.

„Þá fórum við á stjá klukkan 5 að morgni og límdum hjörtu á öll hús bæjarins meðan íbúarnir sváfu. Á þau völdum við ýmsar tilvitnunar eins og „kærleikurinn öfundar ekki“ og „sannur vinur talar vel um okkur“. Það vakti mikla ánægju, og einnig skreyttum við fyrirtækin, sem hefur lifgað mjög upp á bæinn,“ segir Matthildur Ósk Óskarsdóttir sem hefur orð fyrir hópnum sem á miðvikudag gekk í öll hús Vopnafjarðar með djús, kærleikskex, dans og söng.

„Í gær vorum við með skrúðgöngu fyrir leikskólabörn og aðra bæjarbúa og í dag verðum við með ýmsar óvæntar uppkomur eins og að hjálpa fólki að raða í poka, bjóðum upp á frítt knús og heim-sækjum gamla fólkið á hjúkrunarheimilinu sem hefur orðið hissa á öllum skreytingunum. Við ætlum því að knúsa þau vel, syngja fyrir þau og spjalla. Á Vopnafirði eru enda mikil samskipti milli kynslóða og allt mjög vinalegt,“ segir Matthildur um bæinn sinn sem er greinilega réttur staður fyrir vinaviku.

„Vopnafirðingar eru mjög miklir vinir og hér er enginn ókunnugur. Allir fá hjarta og enginn verður skilinn útundan, því við förum til allra,“ útskýrir Matthildur sem hvergi vildi annars staðar vera en unglingur á Vopnafirði, en hún er nú fimmtán ára í 10. bekk.



Vinavikuna unnu krakkarnir með hjálp Stefáns Más Gunnlaugssonar, sóknarprests Vopnafjarðarkirkju. Matthildur er sú sem hæst stendur. MYND/STEFÁN MÁR GUNNLAUGSSON

„Bærinn er hæfilega stór, allir þekkja alla og alltaf einhver til staðar. Eini gallinn er að þurfa

mjög snemma að heiman ef maður ætlar að mennta sig áfram. Mér finnst ég alls ekki nógu gömul til að búa ein fjarri fjölskyldu minni og á eftir að koma oft heim, en held ég læri mikið á því að búa á heimavist,“ segir Matthildur sem ætlar á íþróttabraut Verkefnaskólans á Akureyri eftir 10. bekk.


„Á sunnudag verður lokahátíð vinavikunnar sem er kærleiksmaraþon. Þá munu bæjarbúar heita á okkur að vera góð frá klukkan 12 til 17, en áheitum söfnum við til að komast á Landsmót æskulýðsfélaga kirkjunnar á Akureyri í október. Við munum því ganga í öll hús til að vaska upp, brjóta saman þvott, ryksuga, fara út með rusl eða þvo glugga, og á sama tíma verður opið hús í safnaðarheimilinu þar sem við gefum öllum nýbakaðar vöflur, og heimsendum vöflur til þeirra sem komast ekki til okkar,“ segir Matthildur, sem eins og aðrir í æskulýðsfélaginu hefur lagt mikla vinnu á sig vegna vinavikunnar.

„Sunnudagurinn verður stremblingur en við sofnum sæl að kvöldi. Þetta er skemmtilegur dagur og allir velkomnir, enda mikil stemning að stíga inn í vinalegt andrúmsloftið,“ segir Matthildur og minnir fólk á að vera jákvætt, brosa og heilsa náunganum.

„Líka þótt efnahagsmálin séu ekki góð, eins og við sjáum hér á Vopnafirði þar sem íbúum fer fækkandi. Því þótt ekki sé til mikið af peningum er fólk samt ríkt af vinum. Því skulum við bara reyna að brosa og hafa gaman af lífinu saman.“

thordis@rettabladid.is

KYNNING: Í dag 1. október kemur nýr drykkur á markað frá hinu vinsæla vörumerki My Secret.



NÝR TÖFRADRYKKUR FRÁ MYSECRET

ATH! Aðeins 15,000 flöskur. **TAKMARKAÐ MAGN**

Út frá hinni miklu velgengni My Secret kemur út nýr drykkur undir nafninu „Beat the body with goji“. Þetta er mjög öflug 5 daga hreinsun og byggist drykkurinn á grunnrykknum aada ásamt goji berjum, rauðrófum, bláberjum og cayenne pipar.

Engifer eykur hitastig líkamans og eykur þannig grunnbrennslu líkamans. Brýtur niður eggjahvítu og fituríka fæðu sem styður við meltinguna.

Mataræði á meðan 5 daga hreinsunin fer fram


Lögd er áhersla á að meðan drykkurinn er drukkin er mikilvægt að huga vel að mataræðinu og leggja áherslu á ferskt hráefni (óunnin mat) grænmeti, ávexti, enga hveitivörur, ferskur fiskur og kjúklingur í lagi.

Heilsudrykki má finna á heimasíðunni og eru þeir án mjólkurvara.


Ábendingar

- Drykkurinn er 5 daga hreinsun og á að notast sem slíkur.
- **Drykkurinn er sterkur!** Ef þér finnst aada sterkur þá rífur þessi mun meira í.
- Ekki er ráðlegt að drekka aada á meðan.
- Drykkurinn er ekki ætlaður börnum.
- Ekki ætlaður barnshafandi konum né konum með barn á brjósti.

SVONA Á AÐ DREKKA DRYKKINN



**2 glös á dag (200 ml)
1 á fastandi maga á morgnana
1 seinnipartinn**



**3 glös (130 ml) á dag
1 á fastandi maga á morgnana
1 á hádegis
1 seinnipartinn**





Jón Egill Eyþórsson kennari í kínverskum fræðum við HÍ, heldur utan um hausthátíð að kínverskum sið. Hátíðin hefst á morgun klukkan 13 í Öskju, Náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Drekadans verður eitt atriðanna á hátíðinni á morgun.



Töðugjöld verða í Hvalfjarðarsveit sunnudaginn 3. október. Þá bjóða íbúar Hvalfjarðarsveitar nágrönnum sínum að njóta ávaxta sumarsins frá klukkan 13 til 18. Börnin fá ýmislegt að gera í Félagsheimilinu á Hlöðum, Hótel Glymur býður upp á kleinur, klatta og kvennalist og námshestar á Kúludalsá bjóða gestum sínum að kynnst íslenska hestinum. Álfholtsskógur verður opinn og á Laxárþakka verður sveitarmarkaður svo eitthvað sé nefnt.

www.skessuhorn.is

Drekadans á hausthátíð

Kínversk-íslenska menningarfélagið býður til hausthátíðar í Öskju á morgun í samstarfi við Konfúsíusarstofnun. Þar mæta kínverskir drekar og bardagamenn og boðið verður upp á tunglkökur.

„Venjulega höfum við haldið vorhátíð á nýja árinu en hún féll niður í ár. Þess vegna ákváðum við að halda hausthátíð,“ segir Jón Egill Eyþórsson, kennari í kínverskum fræðum við Háskóla Íslands, en Konfúsíusarstofnunin Norðurljós heldur á morgun hausthátíð að kínverskum sið í samvinnu við Kínversk-íslenska menningarfélagið í Öskju.

„Hátíðina ber upp á 15. dag 8. mánaðar tungldagatalsins sem er reyndar rétt liðinn en þetta er hefðbundin hátíð í Kína. Nokkurs konar uppskeruhátíð og Kínverjar setja hana í samband við fullt tungl

á 15. degi,“ útskýrir Jón Egill. Hátíðinni tengjast ýmsir siðir og segir Jón hana ekki eingöngu bundna við Kína. Hún sé haldin víða í löndum Austur-Asíu með svipuðu sniði, verið sé að fagna uppskeru og hátíðinni tengist þjóðsögur um tunglið og fleira.

„Í Kína er hefð fyrir að hengja upp luktir og skreyta á þessari hátíð. Það fer eftir svæðum hvað er borðað á þessum tíma en við munum bjóða upp á mat fyrir gesti að smakka. Til dæmis sérstakar tunglkökur sem eru litlar kökur í laginu eins og tungl. Þær eru borðaðar víðast hvar í Kína

á hausthátíðinni,“ segir Jón Egill en kínverska sendiráðið gefur kökurnar.

„Einnig bjóðum við upp á ýmis konar leiki og kynningar á kínverskum hlutum. Þarna verða sýndar bardagalistar og drekadans, sungnir kínverskir söngvar og eins gefst gestum tækifæri til að spreyta sig á kínverskri málalist og skrautskrift. Við miðum dagskrána við börn en það eru allir velkomnir,“ segir Jón Egill en hátíðin hefst klukkan 13 á morgun í Öskju, Náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Aðgangur er ókeypis.

heida@frettabladid.is



Hægt verður að spreyta sig á kínverskri málalist og skrautskrift á hátíðinni.

MYND/JÓN EGILL EYÞÓRSSON

„Beat the body with goji“

www.mysecret.is

HREINSUNARÁHRIF DRYKKSINS



Rauðrófur eru þekktar fyrir hreinsandi áhrif á blóð, ristil og meltingu. Þær eru góðar fyrir húðina og veita náttúrulega hreinsun á einfaldan en öflugan hátt.



Gojiber auka vellíðan og eru því oft kölluð „hamingjuberin“. Einnig eru þau sögð draga úr matarlyst og ofáti. Þau auka á framleiðslu T-frumna og hvetja hvítu blóðkornin til hreinsunarstarfa.

• **Seleníum og germaníum:** Áhrifarík efni til varnar krabbameini.

• **Beta-sitosteról:** Bólguþandi efni sem er talið lækka kólesteról og hefur verið notað til þess að meðhöndla getuleysi og stækkun á blöðruhálskirtli.

• **Seaxanþinn and lútín:** Hafa verndandi áhrif á augu.

• **Betaíne:** Framleiðir kólín í lifur sem hjálpar henni við hreinsun (detox).

Það er einnig þekkt fyrir að auka minni, stuðla að vöðvavexti og sporna við feitri lifur (fatty liver disease).

• **Cyperone:** Notað í meðferð á leghálskrabba meini.

Hefur góð áhrif á blóðþrýsting, hjarta og tíða vandamál.

• **Solavetivon:** Bakteríu- og sveppadrepandi.

• **Physalin:** Efnablanda sem er talin styrkja ónæmiskerfið.

Einnig talið áhrifaríkt í meðferð á hvítblæði, krabbameini og lifrabólgu B.



Cayenne pipar inniheldur virka efnið capsaicin sem hefur sýnt í rannsóknum að hann eykur fitubrennslu. Rauður pipar er m.a notaður í fitubrennsluvörur og er sagður draga úr matarlyst, ásamt því að auka blóðflæði.



Bláber eru holl fyrir hjartað þar sem þau vinna á slæma kólesterólinu og gagnast einnig við þvagfærasýkingum, bæta meltingu og vinna á bakteríusýkingum.

Þau eru einnig sneisafull af C og E vítamínum, sem og anthocyanins, sem halda minninu hnífskörpu með auknum aldri.

Bláber geta lækkað kólesteról og hindrað fitusöfnun í æðum. Bláber innihalda mikið af andoxunarefnum og hafa hæsta ORAC gildið (oxygen radical absorbance capacity).

En rannsóknarmenn skoða hversu vel phytochemicals og andoxunarefni vinna saman og finna þannig út þetta gildi eða andoxunarkraft þess.



VILT ÞÚ BJÓÐA BESTU VINKONU ÞINI Í 4 DAGA FERÐ TIL **BOSTON** FARÐU ÞÁ INN Á WWW.MYSECRET.IS OG SVARÐU LAUFLÉTTUM SPURNINGUM Í LOK OKTÓBER MUN ÍVAR GUÐMUNDS DRAGA HEPPINN AÐILA Í BEINNI Á BYLGJUNNI. HLUSTAÐU OG FYLGSTU MEÐ.

VINNINGURINN ER: Ferð fyrir 2 og gisting á hótél Colonnade, Miðar á sýningu Blue Man Group, út að borða á veitingastaðinn Cuchi Cuchi, 2 gjafabréf hjá Victoria's Secret í Boston og út að borða á Sjávarkjallaranum.

KINAHOFID

Súpa dagsins og fjórir réttir:

Borðað á staðnum 1.590 kr. á mann
Heimsending 1.590 kr. á mann
Tekið með heim 1.450 kr. á mann

NYBYLAUVEGUR 20 200 KOPAVOGUR SÍMI 554 5022



friform.is

INNRETTINGATILBOÐ

30%

ELDHÚS - BAÐ - ÞVOTTAHÚS - FATASKÁPAR

Komdu með málin og við hönnun, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki.

Mán. - föst. kl. 09-18
Lau. kl. 11-15



Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500



Uppskeyra vinnu nemenda verður til sýnis á afmælishátíð í Álftnesskóla.

Haldið upp á 130 ára samfellda skólasögu Álftnesinga

Undanfarnar vikur hafa nemendur og starfsfólk Álftnesskóla minnst 130 ára samfelldrar skólasögu á Álftnesi með margvíslegri verkefnavinnu bæði nemenda og starfsfólks.

Árgangar Álftnesskóla hafa undanfarnar vikur unnið að ýmsum verkefnum sem tengjast merkri sögu skóla á Álftnesi og verður uppskeruhátíð vegna þessarar

vinnu og afmælisins haldin formlega í dag og á morgun.

Í dag milli klukkan 17 og 19 verður boðið til afmælishátíðar í íþróttahúsi Álftness, en þar verður dagskrá í boði nemenda og starfsfólks.

Á hátíðinni munu allir 460 nemendur Álftnesskóla frumflytja Skólasöng Álftnesskóla eftir Álftnesingana og bræðurna Sveinbjörn I. og Tryggva M. Baldvinsyni. Enn fremur munu nemendur í 1.-5. bekk flytja Þús-

aldarljóð eftir þá bræður. Flutt verða ávörp og að lokinni dagskrá býður skólinn upp á 13 metra langa afmælisloku.

Á morgun, laugardag, verður opið hús í Álftnesskóla og geta gestir komið og skoðað uppskeru nemenda sem verður þar til sýnis á milli klukkan 11 og 14. Þá geta gestir einnig keypt sér vöffur og kaffi og verða nemendur Tónlistarskólans og Sönglistar með tónlistaratriði í tilefni af afmælishátíðinni.

- jba

-25%

af öllum buxum um helgina

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUR

MINÐ

Sími 534 0073

Erum með opið á lau. kl. 11-16

Við erum á fyrstu hæðinni í Firði.

FJÖRÐUR
www.fjordur.is



Í Stillingu má finna margs konar varahluti fyrir bíla og raftæki.

50 prósent afsláttur á 50 ára afmæli

Í tilefni 50 ára afmælis býður Stilling upp á 50 prósent afslátt af öllum vörum sínum.

Stilling h.f. er bifreiðaverkstæði og verslun með 50 ára sögu, en fyrirtækið var stofnað árið 1960 af Bjarna Júlíussyni og konu hans Áslaugu Stefánsdóttur. Stilling, sérhæfir sig í varahlutum og öðrum auka- og íhlutum fyrir bíla og raftæki, en upprunalegur tilgangur félagsins var rekstur sérhæfðs hemlaverkstæðis. Í byrjun sjöunda áratugs síðustu aldar hófst innflutningur varahluta og rekstur

verslunar ásamt bifreiðaverkstæðinu. Árið 2004 var rekstur bifreiðaverkstæðisins aflagður, en fyrirtækið rekur í dag sex verslanir á Vesturlandi, Suðurlandi og Norðurlandi. Synir Bjarna og Áslaugur sjá um rekstur fyrirtækisins, en Júlíus Bjarnason er framkvæmdastjóri Stillingar og Stefán Ingimar Bjarnason gegnir starfi fjármálastjóra. Í tilefni 50 ára afmælis fjölskyldufyrirtækisins ætlar Stilling að veita helmingafslátt af öllum vörum í verslunum sínum. Tilboðið gildir aðeins í dag, en 50 ára afmæli Stillingar er í dag.

- jba

Ungsveit Sinfóníunnar með tónleika

UNGSVEIT SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS HELDUR AÐRA TÓNLEIKA SÍNA Í HÁSKÓLABÍÓI Á MORGUN.

Ungsveitin er skipuð áttatíu ungum hljóðfæraleikurum sem stóðust inntökuþróf frammi fyrir meðlimum Sinfóníuhljómsveitar Íslands og nokkrir af fremstu hljóðfæraleikurum Íslands hafa séð um að þjálfra og leiðbeina hljómsveitarmeðlimum. Tónleikarnir hefjast klukkan 17 og flytur hljómsveitin Nótt á Nornagnípu eftir Mússorgskí og Sinfóníu nr. 4 eftir Tsjajkovskí. Rumon Gamba, fyrrum aðalstjórnandi Sinfóníuhljómar Íslands stjórnar tónleikunum.

- jma



Rumon Gamba stjórnar tónleikum Ungsveitar Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

ALLT

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

HELGIN

Laugardaga

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 1. október 2010

MARÍA BIRTA BJARNADÓTTIR
Á ERFITT MEÐ AÐ VERA AÐGERÐALOUS

**OPNAÐI
VEFVERSLUN
ÞEGAR HÚN
LÁ VEIK
HEIMA**



+ + +



EIN FLÍK, ÞRJAR KONUR + BUFFALÓ-SKÓRINN SNÝR AFTUR
HELGARRÁÐIN + SITUR FYRIR HJÁ URBAN OUTFITTERS

FJÖLNOTATAEKI • PRENTARI OG SKANNI



Epson SX218
Prentari og skanni sem prentar A4 í
5760 x 1440 punkta upplausn og skannar
í 1200 x 2400. Prentar allt að 34 bls. á mín.
Kortalesari. USB. Windows og Mac.

Kr. 12.450

Útrentanir endast
allt að 300 ár!

EPSON

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGAR-
KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á
LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 •
201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

núna

* **stattu upp**

NÝJA LÍNAN FRÁ MAC Fabulous Feelines, er ótrúlega kvenleg og falleg. Línan samanstendur af bláum, gráum og silfurlituðum tönnum og er útkoman konungleg og seiðandi.



Matur er manns gaman

Íslenskur læknir, Ragnar Freyr Ingvarsson, búsettur í Svíþjóð heldur úti matarblogginu www.ragnarfreyr.blog.is. Ragnar er lunkinn kokkur og duglegur að prófa sig áfram í eldamennskunni. Á síðunni má finna uppskriftir að gómsætum grilluðum samlokum, salati og heimagerðri parmaskinku. Ragnar Freyr myndar alla þá rétti sem hann bloggjar um og það er ekki laust við að maður fái vatn í munninn við að skoða herlegheitin.



Hollt og gott

Blogginu www.cafesigrun.com hefur verið haldið úti frá árinu 2003. Þar má finna ara-grúa af hollum uppskriftum, sem innihalda ekki hvítt hveiti, ger eða hvítan sykurl. Þar má finna uppskriftir að súpum, kökum og öðrum matarmeiri réttum sem gaman er að prófa sig áfram með. Tilvalið fyrir þá sem vilja taka mataræðið í gegn en vita ekki hvar á að byrja.



Þetta HELST

Sætt undir tönn

Uppskriftir að smákökum, heimalöguðum ís, bökum og öðru góðgæti má finna á vefsíðunni www.faycat.blogspot.com. Síðan er öll á ensku, en það ætti ekki að vera fyrirstaða, enda auðvelt að fylgja uppskriftunum eftir. Það góða við síðuna er að réttirnir fara svolítið eftir árstíðum og því mikið af ísupskriftum yfir sumartímann, en meira af súpuupskriftum á haustin.

BRYJNA JÓNBJARNARDÓTTIR, FYRIRSÆTA, SAT FYRIR HJÁ URBAN OUTFITTERS:

SÝNDI FIMMTÍU FLÍKUR Á DAG

Brynja Jónbjarnardóttir þykir ein efnilegasta fyrirsæta landsins í dag þrátt fyrir ungan aldur. Brynja sat fyrir á myndum fyrir vefverslun tiskumerkisins Urban Outfitters í júní, en merkið er afskaplega vinsælt um allan heim.

Aðspurð segir Brynja verkefnið hafa verið auðveldara en mörg önnur sem hún hefur tekið að sér. „Þetta var mjög vel skipulagt hjá þeim og þarna var mikið af starfsfólki sem hugsaði vel um mann. Vinnudagurinn var frá 9 til 5 og ég held ég hafi sýnt að meðaltali um fimmtíu flíkur á dag,“ segir Brynja og bætir við: „Myndatökurnar voru líka frekar auðveldar því ég þurfti lítið að gera nema bara standa þarna og sýna fötin.“

Brynja hefur starfað sem fyrirsæta í tvö ár og dvaldi meðal annars í London og New York í sumar þar sem hún sinnti fyrirsætustörfum á vegum umboðsskrifstofunnar Next, sem er ein sú stærsta í heiminum í dag. Hún segist hafa gaman af starfinu og gæti vel hugsað sér að leggja það fyrir sig í framtíðinni. „Þetta er eitthvað sem ég mundi vilja láta reyna á í framtíðinni. Þetta hefur gengið mjög vel hingað til og í gegnum starfið fæ ég tækifæri til að ferðast og hitta nýtt og skemmtilegt fólk. Þetta er samt miklu erfiðari vinna en margir halda, dagarnir eru langir og það er mikil pressa á mann að vera góð fyrirmynd. Maður er líka svolítið einn á báti og þarf að geta reddað sér sjálfur á milli staða. Einu sinni þurfti að hitta sjö mismunandi kúnna á sama



Efnileg Brynja Jónbjarnardóttir þykir ein efnilegasta fyrirsæta landsins í dag. Hún sat fyrir á myndum fyrir Urban Outfitters í sumar. FRÉTTAHLAÐIÐ/ANTON BRINK

deginum og þá er maður meira og minna á hlaupum á milli lesta allan daginn.“

Brynja hóf nám á félagsfræðibraut við Menntaskólann í Hamrahlíð í haust og segir skrítið að vera í fastri rútínu aftur eftir öll ferðalögin í sumar. Innt eftir því hvaða verk-

efni henni hafi þótt hvað skemmtilegast að vinna við segir hún eftir stutta umhugsun: „Það var stuttmynd fyrir hönnuðinn Munda.“

Við vorum uppi á hálendi í heila viku og það var rosalega gaman þrátt fyrir erfiða vinnudaga.“

- sm

EGF  BIOeffect™ húddropar

Gefa fallegri húð

- Vinna gegn öldrun húðarinnar
- Byggja á rannsóknum á líffræði húðarinnar
- Án ilm- og rotvarnarefna

Íslensk nýsköpun, hugvit og framleiðsla

www.sifcosmetics.is 

RIFF kvikmyndahátíðinni fer að ljúka:

Varð að segja söguna

Kvikmyndahátíðinni RIFF lýkur á sunnudag og því fer hver að verða síðastur til að njóta þess sem hátíðin hefur upp á að bjóða.

Margar athyglisverðar kvikmyndir í leikstjórn kvenna voru sýndar á hátíðinni og ber þar að nefna íslensku stuttmyndirnar Knowledge og Heart to Heart, heimildarmyndirnar Addicted in Afghanistan eftir Sharon Ward og Kimjongilia eftir N.C. Heikin.

Kimjongilia fjallar um þá hörmulegu atburði sem hafa átt sér stað í Norðu-Kóreu undir einræðisstjórn Kim Il Sung og nú sonar hans, Kim Jong Il. Kvikmyndin var frumsýnd í fyrra á Sundance-hátíðinni og við það tilefni sagði Heikin að henni hafi fundist það skylda sín að framleiða myndina svo fólk fái að sjá hvaða ástand ríkir í raun í



Kimjongilia Margar athyglisverðar myndir hafa verið sýndar á RIFF, Kimjongilia er þar á meðal.

landinu. Það var þó erfitt að ná í myndefni sem studdi við framburð viðmælenda Heikin þar sem bannað er að mynda í landinu auk þess sem lítið er til af myndefni frá Norður-Kóreu, nema það sem einræðisherrann hefur samþykkt. Myndin er sýnd í kvöld klukkan 18.00 í Bíó Paradís.

- sm

* augnablikið



FJADURSKREYTT Anna Wintour, ritstjóri bandaríska Vogue, var á meðal margra vel klæddra gesta í veislu til heiðurs Diane Von Furstenberg. Wintour klæddist fjadurskreyttri kápu við tilefnið.

Það eina sem þarf er leitarorð. **Vísir er með það.**

vísir.is
...ég sá það á Vísi



föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Forsiðumynd Anton Brink
Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir Auglýsingar Sigríður Hallgrímsdóttir
sigridurh@365.is sími 512 5462 Föstudagur Skattahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

KUREN

ÞÆGILEG LEIÐ TIL AÐ HREINSA LÍKAMANN Á 10 DÖGUM

Er buxnastrengurinn þröngur eftir sumarið og efsta talan óhneppt?

KUREN 10 daga hreinsikúr (detox)* hefur hjálpað fjölmörgum að minnka mittismálið, efla meltingu og bæta dagsformið.

*Ekki þarf að breyta um mataræði á meðan 10 daga KUREN hreinsikúr stendur en þeir sem vilja léttast er bent á að borða reglulega léttan og ferskan mat. Auðvelt blandið 25 ml. út í stórt glas af vatni og drekkið fyrir morgunmálið.



25%
afsláttur



KOSTTILSKUD URTEBLANDING - 10 DAGES KUR

Innflutningsaðili:  **Gengur vel** ehf.

Við bjóðum **25% afslátt af KUREN** frá 1-15 október (ef birgðir endast) á eftirfarandi sölustöðum:

Hagkaup, Lyf og heilsa, Fjarðarkaup, Apótekarinn, Skipholtsapótek, Lyfja, Apótekið, Heilsuhúsið, Apótek Hafnarfjarðar, Apótek Ólafsvíkur, Apótek Vesturlands, Árbæjarapótek, Garðsapótek, Laugarnesapótek, Lyfjaval, Reykjavíkurapótek, Rima Apótek, Siglufjarðarapótek, Vöruval Vestmannaeyjum

núna

* forvitni er góð

Á KÖLDUM HAUSTKVÖLDUM er gott að koma sér vel fyrir inni í hlýrri stofu við fallega birtu frá lampa, kertaljósi eða ljósaseríu. Heitt kakó, teppi og góð bók fullkomna svo kvöldstundina.



Stutt og laggott Stutt hár er mikið í tísku um þessar mundir enda eru stuttar greiðslur eins og þessi mjög töff. Elvis-toppurinn gerir greiðsluna líka enn svalari.
NORDICPHOTOS/GETTY



Blásið og túberað Stór og flott hárgreiðsla í anda brúðar Frankensteins. Menn þurfa að vera óhræddir við hársprey vilji þeir leika þetta eftir.



Rómantísk fljód Fyrirsætur baksviðs við sýningu Emilio de la Morena á tiskuvíkunni í London voru með fallega uppsett hár og einfalt en rómantískt hárskraut. Fallegt og klassískt.

Hártískan á tiskuvíkunni í London:

Fjölbreytileg og flott

Undanfarna mánuði hefur hver tiskuvikan tekið við af annari og hönnuðir frumsýnt nýjar og fallegar línur fyrir sumarið 2011. Þó fötin séu í aðalhlutverki á sýningapöllum skiptir hár og förðun engu minna máli og fer mikill tími í að fullkomna hvort tveggja. Það ver gaman að skyggjast bak við tjöldin á nýfyrstaðinni tiskuviku í London og sjá hárgreiðslurnar sem fyrirsætunarnar bera.

- sm



Eftirsóttur ljósmyndari Saga Sig er einn eftirsóttasti ljósmyndari landsins þrátt fyrir ungan aldur.
MYND/SAGA SIG

Ljósmyndarinn Saga Sig hefur næg verkefni:

ÞEYSIST Á MILLI LANDA OG MYNDAR

Ég er bara í stuttri heimsókn hér heima og er að vinna tvö verkefni, eitt fyrir 66 gráður norður og annað fyrir Kron Kron," segir ljósmyndarinn Saga Sig sem búsett er í London þar sem hún stundar nám í tiskuljósmyndun. Saga hefur áður myndað fyrir íslenska tiskumerkið Kron Kron og segir alltaf jafn gaman að taka að sér verkefni fyrir það. „Eigendurnir eru svo yndislegir og ég er líka mjög hrifin af hönnun þeirra þannig að það er alveg ótrúlega gaman að vinna fyrir þau," segir Saga og bætir við: „Ég hef aftur á móti aldrei unnið fyrir 66 gráður norður áður og var þess vegna mjög spennit fyrir því verkefni.“ Tónlistarmaðurinn Unnsteinn Stefánsson, kenndur við Retró Stefson, og uppistandarinn Saga Garðarsdóttir sátu fyrir á myndunum og verður forvitnilegt að sjá útkomuna þegar þar að kemur. Saga hefur verið á stöðugum þönum við að sinna hinum ýmsu verkefnum og nýlega dvaldi

hún í þrjár vikur í Peking í Kína þar sem hún myndaði tiskuþátt fyrir þarlent blað. „Það var ótrúlega gaman að ferðast til annarrar heimsálfu og sjá hvað er að gerast í tiskunni þar. Þetta var mjög ólíkt öllu því sem ég er vön og mér fannst skrítið hvað fólkíð var afturhaldssamt," segir Saga. Saga segist nú ætla að taka sér frí frá verkefnum og einbeita sér að skólanum, en hún mun útskrifast sem tiskuljósmyndari næsta vor. Innt eftir því hvað taki við eftir útskrift segist Saga gjarnan vilja halda áfram námi. „Mér finnst mjög gaman í skóla og mig langar að sækja um í meira nám. Mig langar líka svólítið að klára listfræðina, en ég byrjaði í henni árinu áður en ég flutti út til London. En ætli ég verði ekki eitthvað áfram úti, óháð því hvað ég fer að gera að námi loknu, markaðurinn er nefnilega svo lítill hér heima," segir þessi hæfileikaríki ljósmyndari að lokum.

- sm

oasis

Haustsprengja í fullum gangi

50 – 70% afsláttur af völdum haustvörum

Kauptu tvö stykki af eldri útsöluvörum og fáðu þriðja stykkið frítt*

*Þú færð ódýrustu flíkina fría, gildir ekki í Oasis Debenhams

oasis Kringlu
oasis Smáralind
oasis Debenhams



Afmælistilboð

Papasan stóll (4 litir af sessum)
verð kr. 19.900.- nú kr. 12.900.-

the PIER



20-50%
afsláttur

Kerti



Kertadiskar 200.- kr.



Maski í kaupbæti

Afmælistilboð

The Pier á Korputorgi á afmæli!

Við bjóðum alla fjölskylduna velkomna í veisluna

***Börnin fá blöðrur og nammi.**


Ungt tríó spilar jazz tónlist kl. 14-15 á laugardeginum

*Eingöngu á Korputorgi og meðan birgðir endast

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími 522 7860 // Korputorgi / 112 Reykjavík / sími 522 7870

EIN FLÍK – þrjár konur

Víðar „herrabuxur“ eru það heitasta í hausttískunni í ár ef marka má línur helstu tískuhúsanna. Þrátt fyrir „herralegt“ snið eru buxurnar bæði **flottar, flæðandi og ótrúlega kvenlegar** og skiptir þá engu hvort skálmarnar eru alveg síðar eða hálsíðar. Buxur sem þessar má sjá í haust- og vetrarlínunum tískuhúsa á borð við Etro, Alexander Wang, Chloé og Dries Van Noten. Buxurnar eru frábær eign vegna þess að það má klæða þær bæði upp og niður og nota þær við ólík tækifæri. Klæðist maður **fallegum hælaskóm** og flottri blússu við buxurnar er maður gjaldgengur í hvaða kokteilboð sem er, en einnig er hægt að klæðast **flatbotna skóm** og **skemmtilegum bol** og hlaupa í morgunkaffi með vinkonunum. Þessar dökkbláu buxur fást í verslunninni **Zöru** og eru einnig til í öðrum litum og útfærslum.



Verðu velkomin(er)!

SALON REYKJAVÍK

Grandagarði 5 • Reykjavík • S. 568 5305
salon@salon.is

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...



Björg Magnúsdóttir

Aldur? 25 ára

Starf? Meistaraneimi, kynningarfulltrúi RIFF og blaðamaður á Pressunni.

Lýstu þínum persónulega stíl? Ég vel aðeins það besta rétt eins og Sævar Karl. Síðan er náttúrulega smekksatriði hvað það besta er hverju sinni.

Mundir þú kaupa þér þessa flík sjálf? Er enn að þæla í því.

Við hvaða tilefni mundir þú klæðast þessari flík? Þetta eru þannig buxur að mér finnst bæði hægt að klæða þær upp og niður. Ég sé þær fyrir mér á mánu-dagsmorgni við stuttermabol, úlpu og strigaskó. Þær væru líka smart við hælaskó og meiri þæjulæti í flottan kokteil.

Hvernig gekk að blanda flíkinni saman við þinn persónulega stíl og af hverju varð þessi samsetning fyrir valinu? Það gekk vel! Ég legg mikið upp úr fágun og þægindum og þær uppfylla bæði atriðin. Ég sá strax að þessar buxur færu rosalega vel við franska sjóliðajakkann minn og keyrði þess vegna á þá lausn.



Hrefna Hagalín.

Aldur? 21 árs

Starf? Kvikmyndagerðarmaður.

Lýstu þínum persónulega stíl? Mér finnst frekar erfitt að lýsa stílnum mínum, hann er algjört bland bara. Ég nota mikið svart, enda elska ég svart. Svo vel ég oftast eitthvað sem er þægilegt og fínt, ég nenni lítið að vera í óþægilegum fötum.

Mundir þú kaupa þér þessa flík sjálf? Nei, reyndar ekki. Ég geng lítið í buxum öðrum en gallabuxum eða Munda-buxum.

Við hvaða tilefni mundir þú klæðast þessari flík? Dagsdaglega býst ég við.

Hvernig gekk að blanda flíkinni saman við þinn persónulega stíl og af hverju varð þessi samsetning fyrir valinu? Það gekk bara vel. Annars hugsa ég lítið um hvernig ég blanda fötum saman, ég tek bara það sem ég sé fyrst og finnst vera fínt!

Inga Gottskáldsdóttir.

Aldur? 45 ára.

Starf? Innkaupastjóri hjá Sævari Karli.

Lýstu þínum persónulega stíl? Ég mundi segja að hann væri frekar stílhreinn og klassískur. Hann er kannski meira töff heldur en rómantískur því ég er ekki mikið fyrir blúndur eða mjög áberandi skartgrip. Ég klæðist yfirleitt ekki mjög skærum litum og er svolítið íhaldsöm þegar kemur að litavali.

Mundir þú kaupa þér þessa flík sjálf? Sniðið á buxunum hentar mínu vaxtalagi ekkert rosalega vel þannig að ég mundi sennilega ekki kaupa þær út af því.

Við hvaða tilefni mundir þú klæðast þessari flík? Ég mundi klæðast henni í vinnunni, í bíó eða út að borða. Það er auðvelt að dressa buxurnar upp og niður þannig þær passa í raun við hvaða tilefni sem er.

Hvernig gekk að blanda flíkinni saman við þinn persónulega stíl og af hverju varð þessi samsetning fyrir valinu? Það gekk bara mjög vel um leið og ég fattaði að klæðast stígvélum við. Þessi samsetning varð fyrir valinu því mig langaði að gera þetta svolítið að mínu. Mér finnst svart og dökkblátt almennt fara mjög vel saman og þess vegna ákvað ég að klæðast svörtu að ofan og beltið finnst mér gera þetta aðeins meira töff.



Tvíburasysturnar Mary-Kate og Ashley Olsen eru þekktar fyrir flottan stíl og ganga gjarnan í víðum kjólum og buxum með herralegu sniði. Þær eru ekki þær einu sem hrífast af buxnasniðinu því söngkonan Ciara og leikkonan Gwyneth Paltrow hafa einnig sést klæðast slíkum buxum úti á lífinu.



BDF ●●●●●
Beiersdorf

NIVEA

NÝTT
MaxVolume
TWIST MASKARI

SNÚÐU!
OG VELDU ÞÍNA ÞYKKT

3 SNÚNINGAR – 3 MISMUNANDI ÞYKKTIR.

- Byltingarkenndur skammtari stillir þá þykkt sem þú vilt
- Lögun burstans þykkir hvert hár fyrir sig, engar klessur
- Viðurkennt af augnlæknum, án ilmeftna

www.NIVEA.com

ADVANCED LASH CARE
WITH PROVITAMIN B5
FOR SUPERIOR LASH EFFECTS

Glamour útlit – Hér notar Gasselie MaxVolume Twist maskara og Creative Eyes Trio Pure Diamond nr. 478 og Eye Line & Design Eyeliner nr. 30.

ALVEG LAUS VIÐ FEIMNI

María Birta Bjarnadóttir er tuttugu og tveggja ára, rekur tvær tiskuverlanir á Laugaveginum, sinnir fyrirsætustörfum í hjáverkum og fer með hlutverk í kvikmyndinni Óróa sem frumsýnd verður 14. október næstkomandi.

Viðtal: Sara McMahon
Ljósmyndir: Anton Brink

Upphafið að verslunarrekstri Maríu Birtu var óvænt og kom til þegar hún lá veik heima frá skóla og ákvað að stofna uppboðssíðu á samskiptavefnum Myspace í stað þess að láta sér leiðast. Hún segist vera þannig gerð að hún þurfi alltaf að hafa nóg fyrir stafni og helst gera tvo hluti í einu. Á þessum tíma stundaði María Birta nám við Menntaskólann í Hamrahlíð þar sem hún lagði meðal annars stund á rússnesku, frönsku, spænsku og leiklist.

„Ég veiktist illa og var frá skóla í tvær vikur. Ég á erfitt með að liggja aðgerðalaus og slappa af og ákvað ég þess vegna að stofna

uppboðssíðu á Myspace og selja föt og fylgihluti. Ég átti rosalega mikið af fallegum hlutum sem ég notaði aldrei, til dæmis stórt safn af skóm í stærðum sem ég passaði ekki í, og ákvað að selja eitthvað af þessu dóti á Myspace. Þetta byrjaði sem pínulítill snjóbolti sem síðan stækkaði og stækkaði og áður en ég vissi af var ég komin í fulla vinnu við þetta,“ útskýrir María Birta. Hún segir vinnuna í kring um síðuna hafa verið mun meiri en hún hefði gert sér grein fyrir í byrjun og oft sat hún heilu næturnar við tölvuna og vann.

LÆRDI SMÁTT OG SMÁTT

María Birta opnaði verslunina Vintage í lok maí árið 2007 á efri hæð húsnæðis við Laugaveg og rak verslunina þar í nokkurn tíma. Hún segist lítið hafa kunnað til verka þegar hún hóf reksturinn en var fljót að læra og er nú reynslunni ríkari. „Ég vissi ekkert um verslunarrekstur þegar ég byrjaði,“ segir hún og hlær. „Þegar ég flutti inn mína fyrstu stóru sendingu var ég spurð af tollverði hvort tollkritin mín væri opin. Ég hafði ekki hugmynd um hvað tollkrit var og svaraði bara játandi. Sem betur fer reyndist það svar svo rétt, en það var alls konar svona rugl sem ég var að lenda í fyrstu árin. Það eina sem ég vissi þegar ég byrjaði var að ég vildi veita góða þjónustu og

svo sat ég bara í súpunni með afganginn.“

Haustið 2008 flutti Vintage í nýtt og betra húsnæði ofar á Laugaveginum og segir María Birta það hafa skipt sköpum um hvort verslunin færi á hausinn eða ekki enda hafi verið erfitt að reka verslun sem var jafn falin og Vintage var. Stuttu eftir flutningana ákvað hún að opna skóbúð og gekk rösklega til verks. „Ég fékk þá flugu í hausinn að það yrði gaman að opna skóbúð og beit það fast í mig. Daginn eftir fann ég hentugt húsnæði og daginn eftir það var ég búin að skrifa undir leigusamninginn,“ segir hún brosandi.

María Birta segir „second hand“ fatamarkaðinn erfiðan og því ákvað hún að loka Vintage um leið og tækifæri gafst og einbeita sér þess í stað að rekstri skóbúðarinnar Maníu. Í sumar opnaði hún svo fataverslunina Elítu sem hefur verið lokað í skammán tíma vegna endurbóta. Þegar María Birta er spurð hvort hún sé komin á rétta hillu í lífinu svarar hún neitandi. „Ég held ég yrði ekkert sérstaklega ánægð væri ég orðin sjötug og þetta væri það eina sem ég hefði gert í lífinu, ég vil frekar líta á þetta sem erfitt en skemmtilegt tímabil heldur en framtíðarstarf.“

EKKI SPÉHRÆDD

María Birta hefur sinnt fyrirsætustörfum frá sjö ára aldri og hefur auk þess leikið í fjölda sjónvarpsauglýsinga. Hún segir fyrirsætustarfið skemmtilegt enda hafi hún fengið að ferðast mikið vegna starfsins. „Pabbi minn er ljósmyndari og var alltaf með myndavélina á lofti. Ég held að það hafi kannski sitt að segja um hvað ég er örugg fyrir framan myndavélar. Ég er alveg laus við feimni þegar verið er að mynda mig, en mér hefur aftur á móti aldrei liðið vel á sviði,“ segir hún.

María var fengin til að fara með hlutverk vandræðaunglingsins Júditar í kvikmyndinni Óróa sem verður frumsýnd í október. Þetta er fyrsta kvikmyndahlutverk Maríu Birtu og í myndinni þurfti hún meðal annars að leika í nektaratriði sem hún segir hafa verið lítið mál.

„Það er í gangi orðrómur um að ég hafi leikið í einni svæsnustu kynlífssenu sem hafi sést í íslenskri kvikmynd, en það er ekki alveg rétt. Ég leik í nektaratriði, en fer ekki úr brókinni og senan er alls ekki það svæsin,“ segir hún hlæjandi og bætir við. „Það væri slæmt að gera ungl-



Dugnaðarforkur María Birta Bjarnadóttir segist gjarnan vilja prófa sig áfram í leiklistinni í framtíðinni en segir þá ákvörðun velta á frammistöðu sinni í kvikmyndinni Óróa.

ingamynd sem væri svo bönnuð innan átján ára. En ég útiloka ekki að ég eigi einhvern tímann eftir að leika í svæsnasta kynlífsatriði sem sést hafi,“ segir hún spök á svip. Atriðið var tekið upp í svokölluðu „lokuðu setti“ sem þýðir að enginn var viðstaddur tókurnar nema leikstjórinn og helstu aðstoðarmenn hans. „Ég er alls ekki spéhrædd þannig að mér fannst þetta ekkert tiltökumál. Það sem mér fannst erfiðast var að framkalla þennan neista sem átti að vera á milli mín og mótleikarans og allt mitt fór í það.“

María Birta er stjúpdóttir Pálma Gestssonar, leikara, sem hún segir hafa hvatt sig áfram í leiklistinni. „Hann sagði mér að prófa að taka þetta hlutverk að mér og sjá svo hvað mér þætti um leiklistina eftir það. Hann varaði mig við því að þetta væri bæði erfið vinna og langir vinnudagar og það var alveg rétt hjá honum. Það er auðvelt að sitja og horfa á kvikmynd og heillast af leiklistinni, en úff, þetta er miklu meiri vinna en mann grunar.“

María segist spennt að sjá útkomuna þegar myndin verður loks frumsýnd og hefur hún lofað að bjóða móður sinni og Pálma með, enda vilji hún heyra hvað fagmanninum finnst um frammistöðu sína. „Hann á örugglega eftir að dæma mig í drasl, en ég mun taka mikið mark á öllu sem hann segir.“

ÆTLAR AÐ SLAPPA AF

Þegar María er innt eftir því hvað hún telji að framtíðin beri í skauti sér er hún fljót til svars. „Mig langar að búa í Karíbahafinu, ég fór þangað einu sinni þegar ég var fjórtán ára og hef aldrei gleymt þeirri lífsreynslu. Mig langar líka að prófa mig meira áfram í leiklistinni, en ætli það velti ekki líka svolítið á frammistöðu minni í Óróa.“

Annars er ég bara að reyna að temja mér nýja síði og hægja svolítið á mér. Ég er alltaf að reyna að gera tvo hluti í einu og nú er ég að reyna að venja mig á að gera bara einn hlut í einu,“ segir hún að lokum kampakát.

Vín & Veisla

fylgir Fréttblaðinu á laugardag

Auglýsendur vinsamlega hafið samband við
Bjarna Þór
bjarnithor@365.is
512 5471

bak við fjöldin


Uppáhaldsdrykkurinn?

Það er Cap-hrina.

Uppáhaldsstaðurinn?


Sosua Beach í Dominicana, það er ótrúlega fallegt þar.

Besti tími dags? Nóttin.



Uppáhaldsflíkin? Það eru nýju leðurbuxurnar mínar!

Besti kostur þinn? Ég er mjög jákvæð.





M-SÓFINN íslensk framleiðsla
sniðin að þínum þörfum.



Þjóðum það besta í evrópskri húsgagnahönnun og glæsilegt úrval gjafavöru.

MÓDERN

Hlíðasmára 1 / 201 Kópavogur / 534 7777 / www.modern.is
Opið alla virka daga frá 11 - 18 og laugardaga 11-16.

Útlit

* gerðu vel við þig

Afrísk menning og tíska kynnt fyrir Íslendingum:

Pantaði fót alla leið frá Gíneu

Afrísk matarmenning, tíska og tónlist verður í fyrirrúmi í Kópavoginum í dag. Skemmtunin hefst með tiskusýningu í Smáralindinni á milli klukkan 16.00 og 17.00 en seinna um kvöldið verður haldin heljarinnar veisla á skemmtistaðnum Players þar sem boðið er upp á mat frá ýmsum Afríkulöndum og skemmtilega tónlist.

„Við höldum svipaða hátíð í fyrsta sinn í fyrri og móttökurnar voru það góðar að við ákváðum að endurtaka leikinn í ár, nema nú verður þetta stærra í sniðum,“ útskýrir Cheick Bangoura, einn af skipuleggjendum hátíðarinnar.

Cheick pantaði sérstaklega fót alla leið frá Gíneu fyrir tiskusýninguna sem fram fer í Smáralindinni, en þar verða einnig þjóðbúningar Masai-fólksins til sýnis. Að sögn Cheicks eru tiskustraumar í Afríku ólíkir því sem viðgengst hér á landi og nefnir í því samhengi að tiskan sé bæði litríkari og liflegri í Afríku.



Kynna afríska menningu Cheick Bangoura og félagar standa fyrir afrískri hátíð í Kópavoginum þar sem afrísk menning verður kynnt fyrir Íslendingum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Inntur eftir því hvort hann klæðist sjálfur afrískri hönnun dagsdaglega svarar hann því játandi og segir fötin þola vel íslenska veðráttu. „Það er alveg sama hvort það blæs eða rignir, þau þola þetta allt,“ segir hann og hlær.

Tónleikarnir hefjast klukkan 22.00 og meðal þeirra sem munu stíga á stökk á eru Tropicalia Sveit Kristínar Bergsdóttur, Samúel Jón Samúelsson BIG BAND og Hjálmar. Hægt er að kaupa miða í gegnum netfangið afrika-lole@hotmail.com. -sm



YNDISLEG ILMSÁPA úr nýrri sjávarlínu L'Occitane. Sápan er í laginu eins og björgunarhringur og bæði ætluð konum og körlum.



Flottur gestur Gestur á tiskuvíkunni í London. Þessi fylgisti greinilega vel með tiskustraumunum.



„Club kid“ Rasmussens Fyrirsæta á tiskusýningu danska hönnuðarinnar Simons Rasmussen klæðist Buffalo skóm við þróngarleggings.



Ný húðlína frá L'Oréal sem byggir á 10 ára genarannsóknunum.

Þessa nýja genatækni eflir hæfileika húðarinnar til að endurheimta æskuljómann.



YOUTH CODE rakagefandi andlitskrem, gefur jafnari og sléttari áferð. Húðin endurheimtir æskuljómann og verður unglegr, ljóminn endurheimtist og þreytumerki í andlitsdráttum minnka. Við notkun er kremið frískandi og gefur fyllingu. Kremið er flauelsmjúkt viðkomu og gerir húðina mjúka sem satín. Smýgur mjög hratt inn í húðina, mjög þægilegt að nota undir farða. Má nota bæði kvölds og morgna.



YOUTH CODE concentrate nærir húðina samstundis og gefur henni raka. Dregur úr sýnilegum línum og öldrunarmerkjum. Hefur mjög sléttandi og styrkjandi áhrif á húðina, notist á andlit og háls, sérstaklega á þau svæði þar sem línur virðast greinilegri og húðin þarfnast auka styrkingar. Setjið svo rakakremið yfir.

YOUTH CODE augnkrem gerir það að verkum að húðin endurheimtir æskuljómann. Hefur sléttandi áhrif á augnsvæðið, húðin virkar sléttari og fínar línur virðast grynna. Kremið smýgur einstaklega þægilega inn í húðina og lýsir upp húðina umhverfis augun. Notist kvölds og morgna.



L'ORÉAL
PARIS

ENDURKOMA ÞYKKBOTNA SKÓSINS

ER BUFFALÓ

SKÓRINN AÐ

KOMAST AFTUR Í TÍSKU?

Skórinn sem oftast er nefndur eitt mesta tiskuslys sinna tíma. Skórinn sem fæstir vilja dusta rykið af. Skórinn sem Ólafur Ragnar í Vaktaseríunni var látinn klæðast til að gera hann sem hallærislegastan. Skórnir sem kenndir eru við Buffalo og tröllriðu tísku tíunda áratugarins. Gæti verið að þeir eða að minnsta kosti afkvæmi þykkbotna strigaskónna séu að komast aftur á tiskuradarinn? Ef marka má myndir frá tiskupöllum upp á síðkastið eru skósólarnir að verða þykkari og breiðari og einn af frægari stílustum Dana, Simon Rasmussen reið á vaðið með að nota gamla Buffalo-skó af öllum stærðum og gerðum í sýningu sem hann hélt á tiskuvíkunni í Kaupmannahöfn. Er það sem flestir tiskupekingar landsins hafa óttast að gerast. Er Buffalo-skórinn af komast aftur í tísku?

Föstudagur fór einn hring í skóbúðir bæjarins og sá að nokkur afkvæmi þykkbotna skósins hafa ratað til landsins.

Þægilegir Þykkbotna skór frá Kaupfélaginu í Krínglunni. Þeir fást einnig uppháir.



Buffaló-skórinn! Skórinn var til í ýmsum útgáfum, en þessi var líklega ein sú þekktasta, og sú vinsælasta.



Með fyllta sóla Skór frá GS Skóm í Krínglunni. Þessir eru mjúkir og þægilegir og góðir fyrir þá sem eru hræddir við pinna-hæla.



Flottir Þessir æðislegu skór fást í skóversluninni Bianco Footwear í Krínglunni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



GUCCI GUILTY.

Er hlýr og austrænn ilmur með munúðarfullum blæ. Eðlis-ávisunin segir Gucci Guilty-konunni að áhætta getur verið nautn.

Fágaður samruni matrar gyllingar og glers í glasinu – þar sem samfléttuðu G-in frægu eru gluggi að gullinbrúnum vökvunum – tryggir að það verður jafn eftirsóttur fylgihlutur og nýjasta Gucci-taskan.



NÝR HYPNOTIC POISON EAU SENSUELLE FRÁ DIOR.

Francois Demachy ilmhönnuður hjá Dior hefur hannað þennan einstaklega seiðandi og kynþokkafulla ilm, sem er blanda af Orange blossom, orkideu og vanillu. Ógleymanlegur og sexy ilmur. Verð 8.319 kr. fyrir 50ml. edt.



Forbidden Rose.

Hin fræga söngkona Avril Lavigne kynnr annað ilmvatn sitt, Svarta rósin, Forbidden Rose, er táknið, ilmurinn skorar á þig að kanna heim ævintýrisins. Í þessum töfraheimi er allt mögulegt. „Ég vildi skapa ilm þar sem einstakur hugblær fyrri ilmsins míns er dýpkauður og tilfinningin mögnuð með dulúð og dálitum töfrum,“ segir Avril.

Snyrtivörur



KANEBO TRIPLE TOUGH COMPACT.

Þrjár vörur í einni öskju allt sem þú þarft í veskið þitt. Askjan inniheldur; litlaust rakagefandi farðaundirlag sem sjánlega mildar hrukkur og misfellur, kremhyljari sem hylur bauga og mislit og silkimjúkt púður sem sveipar húðina fallegri áferð sem endist vel og lengi. Áferð húðarinnar verður lýtalaus og silkið fær hana til að ljóma allan daginn

NÝ HREINSILÍNA FRÁ DIOR.

Fyrstu skrefin í húðumhirðu, frábær ný hreinsilína sem gerir húðina ferska, hreina og geislandi. Hreinsar á mildan en öflugan hátt allan farða, mengun og önnur óhreinindi. Það er eitthvað fyrir alla, hreinsimjól, hreinsigel, andlitsvatn, skrúbbur, augnfarðahreinsir o.fl.



CLARINS HYDRAQUENCH CREAM.

Nú kólnar í veðri og rétt að huga að rakanum í húðinni. Clarins Hydraquench Cream er algjör

rakabomba og ver þig gegn kulda. 24 tíma krem sem sutfarar að fullkomnu rakajafnvægi húðarinnar svo hún ljómar. Kremið dekrar við húð þína með yndislegum plöntum úr jurtaföllum.

NATURAL FINISH CREAM CONCEALER.

Hyljari sem virkar í alvöru!

NÝR hyljari frá Shiseido hylur fullkomlega bletti, dökka bauga, þreytumerki og roða. auðveldur í notkun, húðina, dofna ekki og er mattur, hentar vel á svæði sem erfitt er að hylja, undir augu og í kringum munn. Það má nota hann undir og eða yfir farða og gefur húðinni náttúrulega lýtalaus áferð. Hyljarinn fæst í fjórum litbrigðum.

Shiseido fæst í betri snyrtivöruverslunum og apotekum. www.shiseido.com

Principal Secret Reclaim® - Húðmeðferðarkerfið

Húðmeðferðarkerfi Victoriu Principal, Reclaim®, stöðvar strax sýnileg merki öldrunar og hjálpar þér að halda húð þinni heilbrigðri og fallegri lengur en áður var talið hugsanlegt. Victoria býður öllum 60 daga reynslutíma - ef þú ert ekki fullkomlega ánægð með þá breytingu sem Reclaim® gerir fyrir húð þína, þá þarftu einungis að láta vita og þú færð endurgreitt. Verð á 90 daga meðferð kr. 14,985,- Fæst aðeins í vefverslun okkar hjá www.heilsubudin.is



SIGNATURES OF NATURE - NÝTT MINERAL MAKE UP.

Ný förðunarlína sem gefur húðinni fallega ljómandi áferð. Línan hefur að geyma mikið magn af steinefnum og er án Allra kemiskra og hefur ekki að geyma nein rotvarnarefni. Hentar fyrir allar húðgerðir /ofnæmisgjarna húðgerð. Verð frá 2990 kr - 4590 kr. Signatures of Nature í Smáralind www.signaturesofnature.is



SHEER COVER® - SNYRTIVÖRUR UNNAR ÚR NÁTTÚRUNNI.

Allar vörur frá Sheer Cover® eru 100% náttúrulegar, í þær eru einungis notaðar náttúruleg sólavörn og andoxunarefni unnin úr m.a. grænte, en alþekkt er að grænte hamlar ótímabærri öldrun húðarinnar. Við bjóðum öllum 60 daga reynslutíma - ef þú ert ekki fullkomlega ánægð með þá breytingu sem Sheer Cover® gerir fyrir útlit þitt, þá færð þú endurgreitt. Verð á 90 daga pakka er aðeins kr. 13,685,- Sheer Cover®

- fæst aðeins á vefnum hjá www.heilsubudin.is

Youthful Essence® - Húðflöguhreinsikerfið

Margar konur hafa náð undraverðum og góðum árangri með Youthful Essence® húðflöguhreinsikerfinu, kerfi sem hreinsar burt allar dauðar húðfrumur af yfirborði húðarinnar, nýjar húðfrumur ná því að myndast hraðar. Ef þú ert ekki fullkomlega ánægð með þá breytingu sem Youthful Essence® gerir fyrir þig innan 60 daga þá færð þú endurgreitt. Tilboðsverð á 90 daga pakka er aðeins kr. 9,995,- Youthful Essence® færðu aðeins á vefnum hjá; - www.heilsubudin.is



PROACTIV® SOLUTION - BÓLUMEÐFERÐARKERFIÐ

Þetta er lausnin fyrir alla þá sem þjáast af bólum. Proactiv® Solution er háþróað öflugt þriggja þrepa bólu meðferðarkerfi. Meðferðin er einföld, húðin verður frískleg og útlit heilbriggt, kemur einnig í veg fyrir að nýjar bólur myndist. Verð á 60 daga meðferð er kr. 11,985 (Klúbbfélagi greiðir aðeins 9,985). 60 daga skilarettur, ef árangur næst ekki færð þú endurgreitt, við lofum því. Proactiv® færðu aðeins hjá okkur - www.heilsubudin.is



HELGARRÁÐIN



Ólafur Ísak Friðgeirsson, vaktstjóri og barþjónn á Cafe Oliver

1 Ég er með einn frá-bæran kokteíl fyrir skvísur í heimapartýi. Blandið saman í bollu einni 70 cl flösku af Bacardi Razz og 50 cl flösku af grænum Mickey Finn's og slatta af lime. Gríptu glas með klaka og skammtaðu þér eins mikið af áfengi eins og þú þorir, fylltu upp með Sprite og í restina er sett smá skvetta af Grenadine, sem er sætt síróp. Þannig geta allir ráðið hversu sætur drykkurinn er. Þessi kokteill heitir Sweet Azz og er mjög vinsæll.



2 Ég mæli einnig með að kíkja á Ladie's Night á Oliver sem er öll föstudags- og laugardagskvöld milli 23.00 og 01.00, þar fást þrjú kokteilar á verði eins.

3 Ef það er planaður vinkonubróns um helgina mæli ég með að setja jarðarber, sykurl, Ab-mjólk og klaka í blandara. Drykkurinn er bæði bragðgóður og frekar hollur, hægt er að lauma smá Malibu í drykkinn ef menn vilja eitt-hvað áfengt.

4 Ef fólk vaknar þunnt eftir að hafa skemmt sér er það líklegast vegna þess að það drakk of mikið af sykrudum drykkjum yfir kvöldið, reykti mikið, eða vantar vatn. Til að vinna bug á þynnkunni mæli ég með að skella sér í sund, drekka safa og fá sér gott að borða.

5 Ef fólk vill spara pening á barnum og reyna að komast hjá þynnku í leiðinni er sniðugt að drekka drykki sem blandaðir eru í vatn, til dæmis Razz í vatni með lime. Þessir drykkir eru ódýrari og þú ert að fá þér vatn á sama tíma.



Signatures Of Nature

Náttúrulegar og lifrænar snyrtivörur



MINERAL MAKE UP - NÝ FÖRÐUNARLÍNA



- engin kemísk efni
- fyrir allar húðtegundir
- gefur heilbriggt og geislandi útlit
- lokar ekki húðinni
- engin rotvarnarefni



Þorbjörg Marinósdóttir
blaðakona *Séð og Heyrt*

Ég var búin að vera í rugli með húðina á mér vegna mikilla hitabreytinga og var búin að vera hjá húðsjúkdómalækni og á sterkum lyfjum þar sem ég var gjörn á að fá útbrot og þurrku-bletti. Eftir tvær vikur með Mineral Flowers línunni hætti ég á lyfjunum. Húðin á mér er hefur aldrei verið heilbrigðari og fall-egri. Ég mæli sérstaklega með gelinu til að hreinsa húðina fyrir svefninn. Mineral Flowers línan er náttúruleg og einstaklega góð við íslenskar aðstæður þar semaska, skyndilega hita- og rakabreytingar eru daglegt brauð. Ég er mjög viðkvæm fyrir þessum breytingum og hef verið hjá húðlæknum vegna þráláttra útbrot síðastliðna mánuði. Þessi dásamlegu krem hafa losað mig við öll útbrot og húðlæknaheimsóknir. Whoop whoop fyrir því! Ég nota Mineral Flowers línuna og mæli 100% með henni. Hún er alveg yndislegt fyrir þurra húð sem fríkar út við kalt loft og miklar hita og rakabreytingar. Hreinsigelið er alger snilld!

Án allra rotvarnarefna.
Húðin er stærsta líffæri líkamans. Hugaðu vel að umhirðu hennar með því að nota grænni vöru.

aloe vera barbadensis
grape-fruit oila patchouli
vanilla E.vitamin
Lemongrass A.vitamin
camomile C.vitamin
lavender mandla spirulina
magnesium dunilla



www.signaturesofnature.is

Verlsanir okkar eru í Smáralind 2. hæð við D-inngang sími 511-10-09



Full búð af nýjum efnum. Ný snið og sniðablöð.



Dalveggi 18, Kóp. - Sími 568 6500 - www.fondra.is
Opíð 10-18 virka daga, laugardaga 11-16



Óperan **Rigoletto** verður frumsýnd í Íslensku óperunni laugardaginn 9. október. Nær uppselt er á þær sex sýningar sem eru áætlaðar.

LANGUR LAUGARDAGUR



Á Gráa kettinum er hægt að taka daginn snemma, þar er opnað klukkan 8.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJTUR

Dögurður í miðbænum

Það getur verið vikilega gott veganesti inn í helgina að fara tímanlega á fætur á laugardagsmorgni og byrja daginn á vel útlátum dögurði eða morgunmat á notalegum stað í miðbænum.

Egg og beikon, með öllu sem því fylgir, undir hádegi á laugardegi gefur orku inn í daginn og miklu betra að hefjast handa við að njóta þess að vera í frí með þægilega fullan maga en tóman. Fjöldi veitingahúsa í miðbænum býður upp á vel útlátinn dögurð á helgar-matseðlinum og um að gera að fara tímanlega á fætur og athuga hvað er í boði.

Á Gráa kettinum er hægt að

fá egg og beikon frá klukkan 8 á laugardögum með kartöflum, tómatauki, ristuðu brauði og smjöri og amerískum pönnukökum með sírópi á 1.850 krónur.

Peir sem vilja geta svo keypt sér kaffibolla á 350 krónur eða glas af nýkreistum appelsínusafa á 750.

Á Tíu dropum er boðið upp á egg og beikon með kartöflum, tómötum, ristuðu brauði og vöfllu með

sírópi á 1.690 krónur frá klukkan 10. Kaffi kostar 300 krónur.

Á Geysi er opnað klukkan 11.30 og þar samanstendur morgunverðurinn af eggjum og beikoni ásamt grillpylsum, kartöfluteningum, ristuðu brauði, skinku og osti, djúpsteiktum camembert, heimalöguðum jógúrtdrykk og ávöxtum, amerískum pönnukökum með sírópi og kaffi eða tei á 1.795 krónur. *emilia@frettabladid.is*



Tíu dropar eru opnir frá klukkan 10.



Á Geysi er opnað klukkan 11.30.

SHISEIDO

Óvæntir litir. Falleg augu.
Luminizing Satin Eye Color Trio
NYTI

Kynnum nýja og glæsilega haustliti frá Shiseido í Sigurboganum, föstudag og laugardag.

Glæsilegur kaupauki



LAUGAVEGI 80 ■ TEL: 561 1330 ■ WWW.SIGURBOGINN.IS

Langur laugardagur



15% afsláttur af völdum vörum

Ný og glæsileg verslun að laugavegi 86



DÚN & FIÐUR
Laugavegi 86 • Sími 511 2004

Borðapantanir
í síma 511 5090

WWW.SMAKKARINN.IS

Vegna mikillar eftirspurnar hefur Veitingahúsið Einar Ben ákveðið að endurtaka **4 glös og 4 sérréttir** í október



Upplýsingar á www.einarben.is og www.smakkarinn.is



Langur laugardagur

20% afsláttur af öllum vörum föstudag og laugardag

NÝ SENDING FRÁ ÍTALÍU OG SPÁNI

IANA Laugavegi 53 • s. 552 3737
Opíð mánudag til föstudag 10-18, laugardag 10-17



Snyrtivöruverslunin Stella í Bankastræti var opnuð árið 1942.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

MARIA LOVISA
FATAHÖNNUÐUR

SKÓLAVÖRÐUSTÍG 6B
SÍMI 562 6999

Hátíska í Bankastræti

Þrátt fyrir að Snyrtivöruverslunin Stella sé enn í fullu fjöri er verslunin orðin að goðsögn enda verið starfrækt í 68 ár. Íslenskar konur hafa því margar hverjar keypt krem og silki í áratugi í Bankastræti.

„Það er nú varla að maður þori að segja frá því hver aldur verslunarinnar er,“ segir



Edda Hauksdóttir

toppa og öðru hverju detta inn sendingar af almennri kvenfatatísku. „Franska merk-ið Armor Lux er með línu af undirfötum úr ullar- og silki-blöndu sem nýtur mikilla vinsælda og á nokkra fasta kúnna, sem koma aftur og aftur,“ segir Edda en línan hentar

vel í íslenskri veðráttu enda konur flestar búnar að læra að það er ekki smart að vera blár af kulda.

Búðarglugginn í Stellu er jafnan skreyttur með því nýjasta í sokkabuxna- og leggingsúrvali verslunarinnar en sokkabuxnamekin eru fjölmörg og ekki af lakari gerðinni, hægt að fá hátískusokkabuxur frá hinum heimsþekktu breska hönnuði Henry Holland og Pretty Polly-línan er mjög smart.

Stella verður opin á lengur á löngum laugardegi. „Við erum í þjónustuhlutverki svo að við höfum verslunina oft opna eins og þarf á laugardögum. Enda er mjög gaman að vera í vinnunni, viðskiptavinirnir æðislegir og fólkið í kringum okkur.“



Sjóminjasafnið Víkin að Grandagarði 8, í húsnaði gömlu Bæjarútgerðarinnar í Reykjavík, er skemmtilegur viðkomustaður í miðborginni. Þar má sjá ýmislegt sem tengist fiskveiðum og siglingum í Reykjavík. Einnig er gaman að tylla sér á Bryggjuna sem er kaffihús í miðju safninu með ótrúlegu útsýni yfir höfnina.

www.sjominjasafn.is

Úrval af vönduðum sængurfatnaði

Dúkaútsala

Sængurfataverslun með vandaða vöru

Skólavörðustíg 21a
Njálsgötumegin
S. 551 4050

Fatabúðin

GLÆSILEGIR HÁIR LEÐURHANSKAR
Mesta hanskaúrval landsins

Tosku og hanskabúðin
Skólavörðustíg 7, 101 Reykjavík. Sími 551-5814, th.is

vera

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM KJÓLUM Á LÖNGUM LAUGARDEGI

olsen sandwich_

vera • Laugavegi 49
Sími 552 2020

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísu eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft...

MYNDAVÉLARÝMING AÐEINS Í TVÖ DAGA

Rýmum fyrir nýjum vélum og bjóðum því myndavélar og
tökuvélar með miklum afslætti. Mjög takmarkað magn.
Rýmingin er aðeins í dag og á morgun!



CASIO JVC Nikon OLYMPUS Panasonic TOSHIBA

VERÐ FRÁ KR. 9.990

Takmarkað magn - Fyrstur kemur fyrstur fær!

Opið föstudag 9 - 18.30 og laugardag 10 - 16



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk
MINNISKORT
ALLAR GERÐIR

krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. umrót, 6. íþróttafélag, 8. ringulreið, 9. kk nafn, 11. hljóm, 12. komumst, 14. lífhvati, 16. frá, 17. rá, 18. þangað til, 20. bor, 21. krot.

LÓÐRÉTT

1. niður, 3. ólæti, 4. lengdareining, 5. mak, 7. óunnið efni, 10. starf, 13. suss, 15. líta, 16. drulla, 19. vörumerki.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. rask, 6. fh, 8. tjá, 9. arí, 11. óm, 12. náðum, 14. ensím, 16. af, 17. slá, 18. uns, 20. al, 21. ríss.
LÓÐRÉTT: 1. ofan, 3. at, 4. sjómíla, 5. kám, 7. hræfni, 10. ón, 13. uss, 15. mála, 16. aur, 19. ss.

Á hærra plani

BAKPANKAR Bergsteins Sigurðssonar

Munið þið eftir því þegar brandarakallinn í Seðlabankanum líkti starfslokum sínum við aftöku Jesú Krists? Það féll í frekar grýttan jarðveg. Meira að segja samflokksmenn hans – fyrrverandi lærisveinar – voru ekki alveg reiðubúnir að fallast á þennan málflutning, þorðu auðvitað ekki að púa en hummuðu þetta svona fram af sér og biðu eftir að hann færi af sviðinu. Nú gripur fjármagnsfrelsarinn aftur til nærtækustu samlíkingarinnar og segir að svik þingheims séu slík að sjálfur Júdas hefði hengt sig tvisvar. Og nú fær hann barasta merkilega góðar undirtektir.



EFTIR að hafa verið föst í heldur úldnu og fyrrsjánlegu fari undanfarnin tvö ár, er gusturinn sem fylgir þeirri stigmagnandi geggjun sem hlaupið hefur í þjóðfélagssumræðuna á undanförunum dögum næstum því hressandi. Það er að segja ef hann væri ekki svona daunillur. Fólk sem fyrir tveimur árum sagði „rólegan æsing“ og lýsti yfir vandlætningu á skrílnum og fólk afmynduðu af bræði, á nú í hreinustu vandræðum með að finna nógu ljót orð yfir blóðþyrsta ógeðsviðbjóðsgraffar-pakkshyskið sem vill færa fyrrverandi forsætisráðherra fyrir landsdóm.

AÐ mínu mati var óspaklegt að fara landsdómsleið-

ina. Það leikur enginn vafi á því að í ríkisstjórninni sem var við völd í hruninu, að ekki sé minnst á í þeirri sem ríkti á undan, sátu stjórnámálemenn sem bera mikla pólitíska ábyrgð á því ófremdarástandi sem varð. Fyrir það ættu þeir allir að þurfa að svara með einum eða öðrum hætti. Það mátti hins vegar vera ljóst löngu fyrirfram að landsdómsleiðin væri ekki vel til þess fallin – allra síst ef markmiðið var einhvers konar uppgjör og réttlæti.

NÚ hefur einmitt komið á daginn að landsdómsleiðin hefur þvert á móti haft þau áhrif að Geir H. Haarde er smám saman að verða álitinn eina fórnarlamb hrunsins, vandræðabakarinn sem á að henga fyrir hrákasmíðinn. Gott ef það eru ekki farnar að kvisast út sögur um að sést hafi til þeirra Marðar Arnasonar og Atla Gíslasonar troða Geir ofan í íþróttatösku og sparka honum á milli sín.

ÍSLENSK stjórn málaumræða siglir nú hraðbyri í þá átt að verða krumpaðri en hún hefur verið lengi. Í stað þess að nota tækifærið og henda óhreina tauinu beinustu leið í þvottavél, með góðum skammti af ofnæmisprófuðu auðmýkingarefni, var reynt að þrifa það með gamla laginu og sjóða það upp úr keitu. Afraksturinn verður eftir því og umræðunni hefur verið loksins verið lyft upp á þetta umbeðna „hærra plan“. Til hamingju.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



DÍSA

Gjósálfur

fjölskyldusöngleikur
eftir Gunnar Þórðarson
og Pál Baldvin Baldvinsson
eftir hinu sígilda ævintýri

Álfrún Helga Örnólfsdóttir
Steinn Ármann Magnússon
María Þórðardóttir
Kári Viðarsson
Þórir Sæmundsson
Sólveig Arnarsdóttir
Esther Talia Casey

ásamt dönsurum og hljómsveit

Frumnýning 23. október



Midasala á midi.is og í Austurbæ

AUSTURBÆR

MESTA ÚRVALIÐ

STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM

Birt með fyrirvara um breytingar, innihafsbreytingar og myndabreytingar

1TB FULL HD MEDIA PLAYER

Ný Argosy FULL HD meðmálunarspilarar spilar allar 1080P HD myndmyndir og er með 1080P upptöku sem skilar ótrúleg myndgæðum & versögnum myndmyndum.

- Ný kynið 1080P FULL HD spilarar
- Tengist beint í sjónvarp eða græpur
- 1080P HD myndmyndir afþjálun H.264
- Spilar alla tónlist (DTS og Dolby HD)
- Spilar af USB tökkum og minniplötum
- Fjarstýring, til að stjórna öllu fylgir HDMI, USB, RCA, RGB, spjaldur aft.

ARGOSY 29.900
1.5TB 34.900 | 1TB 39.900

MESTA ÚRVALIÐ

STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM

0% VEXTIR
ALLAR TÖLVUR VAXTALAUST Í 6 MÁNUÐI!

VERÐ VORN
Í 14 dagar skilvætt vegið frá afhafi og 14 dagar skilvætt vegið frá afhafi

GLÆSILEGAR VERSLANIR
Í REYKJAVÍK OG AKUREYRI

1.5TB FULL HD MEDIA PLAYER & RECORDER

Þessi gætt allt spilar allt. Tengist við allt og þar á línu með margvíslegum digital tölvuverskiptum og upptökum myndir.

- Tengist beint í sjónvarp eða græpur
- 1080P HD myndmyndir afþjálun H.264
- Takur upp í stöðluðum gæðum
- Spilar alla tónlist (DTS og Dolby HD)
- Spilar beint yfir net með netbrotum
- Spilar af USB tökkum og minniplötum
- BitStream, Samba, P2P, FTP, u.a.
- Drifur Digital DVDR-T tunar og upptöku
- HDMI, USB, LAN, RCA, RGB, spjaldur aft.

ARGOSY 49.900
2TB ÚTGÁFA 54.900

4GB LACIE
2.990

BenQ 24.5"
24" FULL HD 1080P
BENQ LCD SKJÁR 36.900

1.5TB
14.900

2TB
19.900

1TB
9.990

HV335T FULL HD MEDIA PLAYER

Tengist beint í sjónvarp eða græpur 1080P HD myndmyndir afþjálun H.264 spilar alla tónlist (DTS og Dolby HD) beint yfir net með netbrotum spilar af USB tökkum og minniplötum

- USB, LAN, RCA, RGB, spjaldur aft.
- HDMI tenging og HDMI 1.3 kúppil fylgir

24.900
MEDIA PLAYER

1.5TB FULL HD MEDIA PLAYER

Þessi gætt allt spilar allt. Tengist við allt og þar á línu með margvíslegum digital tölvuverskiptum og upptökum myndir.

- Tengist beint í sjónvarp eða græpur
- 1080P HD myndmyndir afþjálun H.264
- Takur upp í stöðluðum gæðum
- Spilar alla tónlist (DTS og Dolby HD)
- Spilar beint yfir net með netbrotum
- Spilar af USB tökkum og minniplötum
- BitStream, Samba, P2P, FTP, u.a.
- Drifur Digital DVDR-T tunar og upptöku
- HDMI, USB, LAN, RCA, RGB, spjaldur aft.

ARGOSY 49.900
2TB ÚTGÁFA 54.900

OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30

Laugardaga
11:00 - 16:00

TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

LANDSINS MESTA ÚRVAL

STÚTFULL BÚÐ AF FARTÖLVUM • NYJ SÚÐANDI HEIT MÓDEL • ÖTRUL

8BLS

BÆKLINGUR STÚTFULLUR AF GLÆSILEGUM TILBOÐUM

TOLVUTEK

OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30

Laugardaga
11:00 - 16:00

TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



500 BÍ





ÓMIÐAR

í boði Fréttablaðsins

Fréttablaðið býður 500 lesendum í bíó hjá SAM bíóunum.

Komdu í Kringluna kl. 15 í dag á Blómatorgið. Fyrstur kemur, fyrstur fær.

Ef þú býrð utan höfuðborgarsvæðisins þá getur þú skráð þig á Visi.is

til miðnættis í kvöld og átt möguleika á að vinna miða.



Allt sem þú þarft...



Í MINNINGU ARKITEKTS Slegið verður upp dagskrá helgaðri Jóni Haraldssyni arkitekt á Kjarvalsstöðum um helgina. Haraldur Jónsson myndlistarmaður og sonur Jóns, setur upp innsetningu, þar sem meðal annars verður brugðið upp mynd af byggingarlist og iðnhönnun Jóns, auk hljóðmyndar sem unnin er í samstarfi við Guðna Tómasson útvärpsmann.

Ný bók um skopmyndamálið

Ný bók um skopmyndamálið svonefnda eftir Flemming Rose, menningarritstjóra Jótlands-póstsins, kom út í Danmörku í gær.

Rose bar ritstjórnarlega ábyrgð á birtingu skopmynda af Múhamed spámanni í Jótlandspóstinum fyrir rúmum fjórum árum, sem vöktu miklar og harðvítugar deil-

ur. Bókinni, sem nefnist Tavshedens tyranni eða Alræði þagnarinnar, er lýst sem persónulegri frásögn Rose af atburðarásinni þegar teikningarnar voru birtar sem og siðfræðilegum vanga-veltum um tjáningarfrelsi og sambúð ólíkra menningarhópa.

Útgáfa bókarinnar vakti mikla athygli í Danmörku í gær og eru

skiptar skoðanir á henni. Bókarynir Berlingske Tidende lofar bókina í hástert og gefur henni fullt hús stiga. Gagnrýnandi Ekstra Bladet er ekki jafn uppmunninn en segir hana engu að síður spennandi og mikilvæga heimild um samtímasögu, en miðlar á borð við Politiken taka bókinni með meiri fyrirvara. -bs

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Listmunauppboð í Galleríi Fold

fer fram mánudaginn 4. október, kl. 18
í Galleríi Fold, á Rauðarárstíg

Á uppboðinu er úrval góðra verka, meðal annars fjölmörg verk gömlu meistaranna



Þorvaldur Skúlason

LISTMUNASALA
fold

Verkin verða sýnd:
í dag föstudag 10-18, laugardag 11-17,
sunnudag 12-17, mánudag 10-17

Hægt er að skoða
uppboðsskrána á myndlist.is

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is



SIGURÐUR GYLFI MAGNÚSSON Hið pólitíska kerfi sem hér ríkir var eðlilegt í upphafi 20. aldar, en festi sig í sessi og staðnaði meðan allir aðrir þættir samfélagsins þróuðust. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Úrelt kerfi en mun ekki breytast í bráð

Hrunið var meðal annars afleiðing löngu úrelts stjórnmalakerfis sem er orðið svo rótgróið að það breytist líklega ekki í bráð. Þetta er meðal niðurstaðna Sigurðar Gylfa Magnússonar sagnfræðings í nýlegu yfirlitsriti um sögu Íslands, sem kom út í Englandi á dögnum.

Á dögnum kom út í Englandi bókina Wasteland with Words - A Social History of Iceland, eftir Sigurð Gylfa Magnússon sagnfræðing. Þar er meðal annars fjallað um aðdraganda hrunsins í ljósi þriggja alda þjóðfélagsþróunar hér á landi.

Forlagið Reakton Books gefur bókina út en það fór þess á leit við Sigurð að skrifa yfirlitsrit um Íslandssögu síðastliðinna þriggja alda árið 2003. „Mér fannst þetta spennandi áskorun,“ segir Sigurður Gylfi. „Ég hef verið afar gagnrýnn á ritun hefðbundinnar yfirlits sögu og leit á þetta sem tækifæri til að skrifa öðruvísi rit með áherslum „míkrósögunnar“. Bókin er óvenjulegt yfirlitsrit að því leyti að hún leggur áherslu á einstaklinginn. Ég beini sjónum að einstaklingum sem uxu úr grasi á Íslandi, sérstaklega út frá menningar- og menntasjónarmiðum og reyni að velja fyrir mér hvernig þau mótuðu fólk á 18., 19. og 20. öld. Ég set þetta auðvitað líka í samhengi við efnahagsmál og pólitík en út frá sjónarhorni einstaklingsins.“

Þróun nútíma Íslands

Sigurður Gylfi átti að skila handriti í árslok 2008, þegar efnahagshrunið reið yfir. Í kjölfarið fékk hann nokkurra mánaða frest til að gera nokkrar áherslubreytingar á bókinni. „Bókin varð því að eins konar rökstuðningi fyrir því hvernig nútíma Ísland hafði þróast og hvers vegna það sigldi í strand.“

Í stuttu máli telur Sigurður Gylfi að ástæðan fyrir óföllum Íslendinga á 21. öld hafi mátt rekja til þess að hið pólitíska kerfi hafi lítið breyst undanfarna öld. „Í upphafi 20. aldar er komið á ákveðnu pólitísku kerfi sem nær ekki að þróast meðan allir aðrir þættir gera það. Með öðrum orðum tókum við að mennta stóran hóp fólks, sem við náum aldrei að nýta því það gilda önnur sjónarmið þegar er verið að ráða í opinbera geirann og hið pólitíska kerfi; aðrar reglur en hæfnislögmál.“

Staðnað kerfi sem festist í sessi

Sigurður Gylfi segir að þær verk-lagsreglur sem gildi enn í hinu pólitíska kerfi á Íslandi hafi verið rökréttar í upphafi 20. aldar, þegar menntunarstig þjóðarinnar var lágt. „Þá hnippu menn bara í þá sem þeir þekktu, sem voru yfirlit aðrir karlar, og treystu til góðra verka. Þrátt fyrir að hafa orðið úrelt þegar leið á öldina endurnýjast þessi sjónarmið ekki; þvert á móti viðheldur hið pólitíska kerfi sjálfu sér og styrkist ef eitthvað er og til verður heill kúltúr í kringum það sem er einstaklega ógagnsær, samanber fjármál stjórnmalaflokka.“

Þessi arfleifð hefur enn traustatak á íslensku samfélagi að mati Sigurðar Gylfa og honum finnst ólíklegt að það eigi eftir að breytast.

„Þetta kerfi hefur afar sterkar rætur í íslensku samfélagi. Það tengist til dæmis atvinnulífi sterkum böndum og áhrifum þess hefur verið fleytt áfram gegnum einkavæðingu fyrirtækja. Þetta er þekkt saga. Ég tel því litlar líkur á að það sé að fara að endurnýja sig, heldur reyna að standa af sér öll veður.“

Wasteland with Words hefur vakið nokkra athygli ytra, til dæmis hefur verið fjallað um hana í The Economist og Times. Sigurður Gylfi segir það hafa komið til tals að gefa hana út en ekkert sé ákveðið í þeim efnum en enska útgáfan er fánleg í bókabúðum hér á landi.

bergsteinn@frettabladid.is

DÍSA

Ljósaálfur

fjölskyldusöngleikur

eftir Gunnar Þórðarson og Pál Baldvin Baldvinsson

Frumssýning 23. október

„Ég get reynt að kyssa þig. Bara til að sjá hvort þú breytist ekki. Í frosk. Mig vantar brúði.“
Jeremias froskaprins




Miðasala á midi.is og í Austurbæ

AUSTURBÆR



BORGARLEIKHÚSIÐ
OG VESTURPORT KYNNA

FAUST



FRUMSÝNT Í
LONDON
Í KVÖLD

VIÐ ÓSKUM BORGARLEIKHÚSINU OG VESTURPORTI
TIL HAMINGJU MEÐ FRUMSÝNINGUNA Í LONDON Í KVÖLD



Iceland Express



NOVA

E EIMSKIP

Deloitte

Sýnt í hinu virta Young Vic leikhúsi öll kvöld frá mánudegi til laugardags kl. 19.45 og á laugardögum kl. 2.45 til 30. október. Miðasala í síma: +44 20 7922 2922 / youngvic.org.

Vesturport

Misstir þú af Faust í Borgarleikhúsinu á síðasta leikári?
Ekki missa af stórsýningum þessa árs.
Tryggðu þér öruggt sæti á besta verðinu með áskriftarkorti



Borgarleikhúsið

Fyrstu einleikstónleikarnir í fjögur ár

„Það er búið að standa lengi til að spila á tónleikum á Íslandi. Það er kominn tími til og ég er mjög spenntur,“ segir tónlistarmaðurinn Jóhann Jóhannsson.

Fyrstu sólotónleikar hans í fjögur ár verða haldnir í Hallgrímskirkju í kvöld í samstarfi við 12 Tóna og kvikmyndahátíðina RIFF. Þar ætla hann, ásamt fimm manna hljómsveit, að spila lög af þremur plötum sínum: Englabörn, Fordlandia og IBM 1401, a User's Manual. Einnig verður spilað töluvert af óútgefnu efni. Myndefni sem Magnús Helgason hefur gert sérstaklega fyrir tónlist Jóhanns fær einnig að njóta sín á tónleikunum. „Það er æðislegt að geta komið fram á svona veglegum tónleikum í tengslum við kvikmyndahátíðina,“ segir Jóhann. „Það er gaman að geta gert þetta uppi í kirkju og með



JÓHANN JÓHANNSSON Fyrstu sólotónleikarnir hans í fjögur ár verða haldnir í Hallgrímskirkju í kvöld.

þessu myndefni frá Magnúsi. Hann hefur ferðast um heiminn með þessar myndir en ekki gert þetta áður á Íslandi. Þetta eru mjög fallegar myndir sem Magnús hefur búið til.“

Jóhann hefur tvisvar áður spilað í Hallgrímskirkju, eða 2003 og 2004. Fyrst með Caput-hópnunum og síðan með strengjakvartett og Matthíasi Hemstock. „Hljómurinn hentar tónlistinni minni rosalega vel og svo er ég mikill aðdáandi þessarar kirkju.“

Jóhann hefur verið á tónleikaferðalagi um Evrópu að undanförunum, þar á meðal í Lissabon og í Berlín, sem hefur gengið mjög vel. Hann er einnig að ljúka við nýja plötu sem kemur út í maí, auk þess sem hann er að vinna að kvikmyndatónlist við dönsku myndina The Good Life.



LITTLE BRITAIN Nærri einum af hverjum fimm finnst óþægilegt að horfa á sjónvarpsefni þar sem samkynhneigð kemur við sögu.

Enn viðkvæmt sjónvarpsefni

Næstum einum af hverjum fimm sjónvarpsáhorfendum og útvarpsáhorfendum í Bretlandi finnst óþægilegt að horfa eða hlusta á dagskrárefni þar sem samkynhneigð kemur við sögu. Þetta kemur fram í nýrri könnun á vegum BBC.

Um 1.600 manns tóku þátt í könnuninni. Um fimmtungi gagnkynhneigðra finnst of mikið framboð af dagskrárefni sem tengist samkynhneigðu fólki, en 46 prósent töldu framboðið hæfilegt. Lesbíur kvörtuðu yfir skorti á samkynhneigðum konum í sjónvarpi og samkynhneigðir karlar sögðu staðalmyndir af hommum enn alltof útbreiddar í bresku sjónvarpsefni.

Hallveig í Kirkjuhvöli

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar stendur fyrir klassískri tónleikaröð í vetur í Kirkjuhvöli, safnaðarheimili Víðalínskirkju í Garðabæ.

Hallveig Rúnarasdóttir sópransöngkona og Gerhard Schull píanóleikari ríða á vaðið í klassískri tónleikaröð á sunnudag en Schull er jafnframt listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar. Á tónleikunum á sunnudag verða flutt verk eftir Hugo Wolf úr Mörrike-Lieder og ljóðaflokkur Hector's Berlioz, Les nuits d'été.

Auk Hallfríðar kom fram á tónleikunum í vetur Auður Gunnarsdóttir sópran, Þóra Einarsdóttir sópran, Agúst Ólafsson barítón og píanóleikarinn Martijn van den Hoek.

Tónleikarnir hefjast klukkan 17.



HALLVEIG RÚNARSÓTTIR

Gallerí í heimahúsi

Óvenjulegt sýning verður opin í Hafnarfirði um helgina en þá ætla Birgir Sigurðsson, myndlistarmaður og rafvirki, að umbreyta íbúð sinni að Þúfu-barði 17 í myndlistargallerí. Listamennirnir sem taka þátt í fyrstu sýningunni eru Þorvaldur Þorsteinsson, Helena Jónsdóttir, Bjarni Þór Sigurbjörnsson, Eygló Harðardóttir, Sara Björnsdóttir, Hlynur Hallson, Anna Sigríður, Elín Anna Þórisdóttir, Helena Hans, Hjördís Frímátt og Unnur Óttarsdóttir.

Sýningin stendur aðeins þessa einu helgi og er opin frá kl. 14.00 til 17.00 á laugardag og sunnudag en til stendur að halda tvær aðrar sýningar á þessu ári. Sumir listamennirnir munu vinna verk beint á vegg íbúðarinnar og þannig verður íbúðin að listaverki, sem tekur stöðugum breytingum.

ZIK ZAK OG VESTURPORT KYNNA

HAFID GEFUR...
HAFID TEKUR...

BRIM

INGVAR E. SIGURÐSSON NINA DÖGG FILIPUSDÓTTIR GÍSLI ÖRN GARBARSSON
ÓLAFUR EGILL EGILSSON BJÖRN HLYNUR HARALDSSON ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON
VÍKINGUR KRISTJÁNSSON NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR

ZIK ZAK KVIKMYNDIR OG VESTURPORT ER HVAÐIÐ STÓRSTYRÐIÐ KVIKMYNDIUM ÍSLANDS POLISH FILM INSTITUTE & NORRISK FILM OG TV FOND „BRIM“
INGVAR E. SIGURÐSSON NINA DÖGG FILIPUSDÓTTIR GÍSLI ÖRN GARBARSSON ÓLAFUR EGILL EGILSSON BJÖRN HLYNUR HARALDSSON ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON VÍKINGUR KRISTJÁNSSON NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR
SÖGUMAÐUR BIRGIR JÓNSSON KENNARMAÐUR G. MAGNÚS AGÚSTSSON KLIPPI MAJLIS ÓSKARSDÓTTIR & EVA LIND HÖSKULSDÓTTIR LÖGMAÐUR INGVAR LUNDBERG & KIARTAN KIARTANSSON HENNAR MARGRÉT EINHARSDÓTTIR LÖGMAÐUR ÁSTA HAFÞÓRSÓTTIR TILMÉT SLOVBLIV
MANNAR ÓTTO G. BORG ARNI ÓLAFUR ASCEIRSSON INGVAR E. SIGURÐSSON NINA DÖGG FILIPUSDÓTTIR GÍSLI ÖRN GARBARSSON ÓLAFUR EGILL EGILSSON BJÖRN HLYNUR HARALDSSON ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON VÍKINGUR KRISTJÁNSSON NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR
BYGGT & LEIÐBEIÐ AF JÓN ATLA JÓNSSON TILMÉT MAJLIS ÓSKARSDÓTTIR & VESTURPORT LÖGMAÐUR ARNI ÓLAFUR ASCEIRSSON

SMÁRA BÍÓ FRUMSÝND 4. OKTÓBER HÁSKÓLA BÍÓ

Úr sakleysi yfir í einbeittan brotavilja

Leikhús ★★ ★

Skepna, einleikur á Norður-pólnum

Leikstjóri: Guðjón Þorsteinn Pálmarsson
Leikari: Bjartmar Þórðarson

Það var ekki skepnan sem dó í þetta sinn heldur skepnan sem lifnar við innra með þeim sem ekki hafa notið nógu góðs atléttis.

Mikið er um einleiki á síðustu tímum og til þess að þeir virki þarf sagan sem þeir byggja á að vera skemmtileg eða athyglisverð. Í hinu bráðskemmtilega nýja leikhúsi úti á Seltjarnarnesi, Norður-pólnum, stendur Bjartmar Þórðarson og segir okkur sögu um mann sem átti sér þann draum heitastan að gera kvikmynd. Bjartmar stekkur milli hlutverka og gerir það vel. Talar skýrt en gefur sér heldur lítinn tíma til að leyfa hugsunum að fæðast.

Áhorfendur sitja í bogadreginni línu á tveimur stólaröðum og leikarinn leikur í öðrum boga á móti þeim. Lýsing og hljóðmyndir voru einkar skýrar og smart. Þetta er einföld sýning með örfáum ljósum, raddir

heyrast af bandi, á sviðinu stendur einn maður og segir sögu sína og sinna nánustu. Hann stekkur milli atriða og heldur athyglinni allan tímann. Bjartmar á ekki í nokkrum erfiðleikum með að kitle hláturtaugar áhorfenda sinna en hitt er annað mál að valið á túlkuninni á kærstunni og fleiri persónum var heldur innihaldslaust eða klisjukennt.

Ungur maður drepur föður sinn. Hægt og rólega sagar hann gamla manninn niður í stykki og brennir fyrir þannig að ekki blæði úr. Þetta eru upplýsingar sem koma til áhorfenda í frásögn en ekki myndgerð. Faðirinn hafði ekki staðið sig í sínu

hlutverki og því er hér um sæta hefnd að ræða.

Ungi maðurinn lifir fyrir hugmynd sína um að gera bímynd um líf sitt og hittir alls kyns pótintáta sem auðvitað hafa meiri áhuga á dópi, búsi og öðrum frægum heldur en honum. Bjartmari tekst mjög vel að koma þróun persónu sinnar til skila. Það er úr sakleysi yfir í einbeittan brotavilja, svo notað sé nú mesta tískuorð nútímans.

Guðjón Þorsteinn Pálmarsson leikstjóri og er ábyrgur fyrir tónlistinni sem var mjög smart. Hún elti vel uppi það ástand sem ríkti og skelfði á köflum.

Glæpurinn hér birtist aftur og aftur á ýmsum stöðum í frásögninni og leikstíllinn er líka mikið í endurtekningum eins og gengið í hringi, engu að síður hélt Bjartmar athygli áhorfenda sinna allan tímann og þó svo að manni hefði fundist áhugaverðara að ná sér í yrkisefni til einleiks úr eigin ranni þá gekk þetta alveg upp.

Það er líka gott að hlæja og láta sér bregða í mátulegum skömmtum.

Elisabet Brekkan

Niðurstaða: Athyglisverð og vel leikin sýning.



BJARTMAR ÞÓRÐARSON



VÍKINGUR HEIÐAR Heldur tvönnu einleikstónleika.

Víkingur og Bach í Selinu

Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari heldur tvönnu einleikstónleika í Selinu á Stokkalæk í kvöld klukkan 20 og á morgun klukkan 16. Þar mun hann flytja 24 prelúdíur eftir Frédéric Chopin, partítu í c-moll eftir Johann Sebastian Bach og nokkrar útsetningar sínar á íslenskum sönglögum.

Verk Chopins og Bachs munu verða á geisladiski sem Víkingur Heiðar tekur upp í Þýskalandi í október og kemur út undir lok nóvember hjá útgáfufyrirtæki hans Hands on Music. Uppselt er á tónleikana á laugardag en nokkur sæti laus í kvöld.

Öðrum kennt í Gerðubergi

Pétur Gunnarsson hefur umsjón með tveggja kvöldna námskeiði um Þórberg Þórðarson í Gerðubergi



PÉTUR GUNNARSSON

hádegis og skáldið Þórberg, en hann ritaði bækurnar í fátæktarlandi og í forheimskunarlandi, þar sem hann endurskapaði þroskasögu Þórbergs sem rithöfundar og einstaklings.

Í tilkynningu frá Gerðubergi segir að þótt nokkuð sé um liðið síðan Þórbergur yfirgaf sviðið, hafi hann sjaldan verið jafn nærverandi og nú, enda hafa birst um hann verk sem byggja á því ríkulega heimildasafni sem hann lét eftir sig á undanförunum árum. Ætlar Pétur að freista þess að vekja hugboð um þessa þróun og efna til stefnumóts við höfundinn og verk hans.

Tökum bleikan bíl!

Hreyfill / Bæjarleiðir er styrktaraðili árveknisverkefnis Krabbameinsfélagsins.

Með hverri pantaðri ferð styrkir þú verkefni Krabbameinsfélagsins til að berjast gegn krabbameini hjá konum.


Af því tilefni höfum við sérmerkt bílana okkar með bleikum taxaljósum og munu bílstjórnarnir taka fagnandi á móti þér.

Taktu bleikan bíl næst þegar þú pantar leigubíl!

„Bleika slaufan“ er til sölu í bílunum okkar frá 1. – 15. október.



OTTO AUGELYSINGASTOFA



Keðja

Alþjóðleg sviðslistahátíð í Reykjavík 8 – 10. október

Sviðslistaveisla í boði Íslenska dansflokksins, Leikfélags Reykjavíkur, Listaháskóla Íslands, Reykjavík dance festival og Sjálfstæðu leikhúsanna

Fjöldi viðburða, sýninga og fyrirlestra
www.keðja.id.is

Meðal sýninga eru:

Transaquadria – Into Thin Air

Sagan af kynjaverum Bláa lónsins heldur áfram.

Föstudagur 8. október kl 19.30
á Stóra sviði Borgarleikhússins
Sýnd áfram í október og nóvember

Miðasala í síma 568 8000
og á www.borgarleikhus.is



Humanimal

Kraftmikil, myndin og falleg verðlaunasýning

Föstudagur 8. október kl 21.45
á Stóra sviði Borgarleikhússins

Aðeins þessi eina sýning - sýnd á ensku
Miðasala í síma 568 8000
og á www.borgarleikhus.is

Teach us to outgrow our madness

Sýning um öfgakennd samskipti kvenna úr smíðju Ernu Ómarsdóttir

Sunnudagur 10. október kl 15 og 18 í
Norðurlandinu Sefgördum 3
Aðeins þessar tvær sýningar

Miðasala við innganginn.



Meðal fyrirlestra eru:
Hver er framtíð sviðslista?

Ógrandi fyrirlestur Dr. Dragan Klaić, eins þekktasta leikhúsfraeðimanns Evrópu

Föstudagur 8. október kl 12.00
í Tjarnarbiói

„Samtal við Dragan er eins og rússbanaferð út í óvissuna: allt er undir og engu er hlíft. ...Sarpur, analýtískur,

fróður og hugmyndaþrikur. ...Það er ekki hægt að missa af fyrirlestri hjá Dragan.“

-Hjálmar H. Ragnarsson, tónskáld og rektor Listaháskóla Íslands

Gættu að dansinum

Hinn þekkti dansstjórnandi John Asford spyr íslenska listamenn á Keðju „spjörnum úr“

Sunnudagur 10. október kl 13.30 í
Tjarnarbiói



Allir fyrirlestrar á Keðju Reykjavík eru ókeypis og opnir almenningi



norden

Nordic Culture Fund



Reykjavíkurborg



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ



MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Brautryðjendur heiðraðir

Tveir brautryðjendur á sviði sjónvarpsþýðinga voru heiðraðir á alþjóðadegi þýðenda í gær. Þýðingum sem faggrein hefur vaxið ásmegin á undanförunum árum að mati Haraldar Jóhannessonar kvikmyndabýðanda.

Bandalag þýðenda og túlka stóð í gær fyrir málþingi í Þjóðminjasafninu í tilefni af alþjóðadegi þýðenda, sem er jafnframt stofndagur bandalagsins. Þetta er í fyrsta sinn sem efnt hefur verið til málþings vegna dagsins. Í leiðinni voru tveir þýðendur heiðraðir fyrir brautryðjendastörf að sjónvarps- og kvikmyndabýðingum, Jón O. Edwald og Ingunn A. Ingólfssdóttir.

Bandalag þýðenda og túlka veitir verðlaun fyrir bókabýðingar á hverju ári og segir Haraldur Jóhannesson, stjórnarmaður í BPT, að því hafi verið afráðið að vekja athygli á öðrum sviðum.

„Þýðingarstarfið er afskaplega fjölbreytt,“ segir hann, „og við vildum því nota tækifærið og beina sjónum að öðrum sviðum en bókabýðingum.“ Sjónvarps- og bíóþýðingar blasa við á hverjum degi og eru jafnvel meginþorri þess texta sem sumir lesa.

„Engu að síður vita fáir hversu mikil vinna liggur að baki þeim. Það má segja að Jón og Ingunn, sem byrjuðu snemma að þýða, hafa til dæmis átt mikinn þátt í að skapa þann stíl og venjur sem



BRAUTRYÐJENDUR Sjónvarpsþýðingar blasa við á hverjum degi. Ingunn A. Ingólfssdóttir og Jón O. Edwald lögðu mikið af mörkum við að skapa og þróa stíl og venjur í textabýðingum á Íslandi.



HARALDUR JÓHANNESSON

erú sjónvarpsþýðingum og eru sannarlega brautryðjendur á þessu sviði.“ Haraldur telur að staða þýðinga sé almennt sterk hér á landi. „Það er enn gerð sú krafa að kvikmyndir og sjónvarpsefni sé þýtt. Það sama má segja um bókmenntir og eftir því sem samfélagið verður fjölbýðlegra verður

sífelld meiri þörf fyrir túlka.

Með tilkomu þýðingafraeða við Háskóla Íslands hefur greininni líka vaxið ásmegin. Áður fyrr voru þýðendur helst þeir sem lentu í starfinu fyrir tilviljun. Þeir þurftu fyrir vikið að mennta sig sjálfir meðfram starfinu. Hin síðari ár hefur hins vegar verið að koma fólk inn í fagið sem fær snemma áhuga á þýðingum og lýkur jafnvel menntun áður en það tekur til starfa. Það hefur því orðið verulegur viðsnúningur og sú þróun er til góðs.“

bergsteinn@frettabladid.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Föstudagur 01. október

→ Tónleikar

20.00 Jóhann Jóhannsson verður með tónleika í Hallgrímskirkju í kvöld frá kl. 20.00 -21.30. Miðaverð er 2500 krónur, 2000 krónur fyrir handahafa RIFF-passa, en tónleikarnir eru haldnir í samvinnu við RIFF-hátíðina.

21.00 Defun ensemble verður með tónleika í kvöld á Kjarvalsstöðum kl. 21.00, en tónleikarnir eru haldnir í tilefni Sláturtíðar S.L.Á.T.U.R. Hljómsveitin spilar finnska elektroakústiska tónlist. Aðgangseyrir er 1500 krónur.

21.00 Í Salnum, Kópavogi, rifjar Regína

Ósk ásamt hljómsveit upp öll bestu lög Carpenters. Tónleikarnir hefjast kl. 21.00 og er miðaverð 3300 krónur, 2900 krónur fyrir eldri borgara og öryrkja.

22.00 Útgáfutónleikar hljómsveitarinnar Swords of Chaos verða á Faktory, Smiðjustíg 6, í kvöld. Tónleikarnir hefjast kl. 22.00 og er miðaverð 1000 krónur.

22.30 Hljómsveitin Gæðablóð heldur tónleika á Breiðinni Akranesi föstudaginn 1. október kl. 22.30.

23.00 Tónleikar tileinkaðir Sting og Police verða haldnir í Hvítahúsinu, Selfossi, í kvöld. Tónleikarnir hefjast kl. 23.00 og er miðaverð 1500 krónur.

→ Opnanir

14.00 Í dag opnar sölusýning á fornum Íslandskortum í Studio Stafni, Ingólfsstræti 6. Sumarliði Ísleifsson

sagnfræðingur verður með leiðsögn um sýninguna á laugardag og sunnudag kl. 15.00. Sýningin er opin alla daga frá kl. 11.00-17.00 og stendur til 8. október. Aðgangur er ókeypis

→ Málþing

12.00 Í fundarröð Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands verður Jón Karl Helgason með erindi um evrópska þjóðardýrlinga. Jón Karl flytur erindi sitt á Háskólatorgi, stofu 103 kl. 12.00 í dag.

14.00 Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum í samstarfi við Skottum- ar efir til málþings um ástir og átök kvennabaráttunnar á Íslandi. Málþingið verður haldið í Öskju, stofu 132 og hefst kl. 14.00. Allir velkomnir.

18.00 Málþing um sviðslistir á Austurlandi verður haldið á Hótel Héraði á Egilsstöðum í kvöld frá kl. 18.00-21.00. Fundarstjóri er Þóroddur Helgason.

→ Dans

22.00 Í kvöld verður salsakvöld á Pósthúsinu vínbar & bistró, Pósthússtræti 13. Dj. Mikki leikur fyrir dansi frá kl. 22.00.

23.00 Á Pósthúsbarnum, verður haldið Plötuball með Dj. Bigga Maus og Matta úr Popplandi. Húsið opnar kl. 23.00, en konur fá frítt inn og frían Mohito til kl. 01.00.

→ Fyrirlestrar

20.00 Hannes Sigurðsson, listfræðingur, heldur fyrirlesturinn Peningar + Myndlist í Myndlistarskóla Kópavogs, Smiðjuvegi 74, Gul gata, í kvöld kl. 20.00. Aðgangur er ókeypis.

→ Samkoma

14.00 Gleðigjafarnir í Gullsmára, Kópavogi munu koma saman og syngja undir stjórn Sturlu Guðbjarnasonar, föstudaginn 1. okt. kl. 14.00. Allir velkomnir.

Alþjóðlega ráðstefnan You Are In Control: Skapandi í stafrænum heimi - Högnumst á samvinnu hefst í dag. Nánar á www.honnunarmidstod.is

“HAUSTFAGNAÐUR”
Á KRINGLUKRÁNNI
Föstudag 1. okt. og laugardag 2. okt. 2010

unellneahljómsveitin
POPS

Lifandi goósögn frá 7. áratugnum
með elurstjórnum
GUNNAR ÞÓRÐARSON OG
MAGNUS KJARTANSSON Innanberis

Allar konur fá ókeypis inn til kl. 1:00 á föstudagskvöldið.

Takk!

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



TJARNARBIÓ

OPNAR Í DAG 1. OKTÓBER 2010

DAGSKRÁ Í OKTÓBER:

1.-3. okt.

Alþjóðleg kvikmyndahátíð

Nánar á www.riff.is



Reykjavik
International
Film
Festival

8.-10. okt.

KeðjaReykjavík - Reach Out! Content or Form?

Fyrirlestur Dragan Klaić: Hver er framtíð sviðslista?

Kl. 12-14 föstudaginn 8. okt Nánar á www.kedja.net

12. okt.

Útgáfutónleikar Jónasar Sig

og ritvéla framtíðarinnar

Miðasala á www.tjarnarbio.is

14.-16. okt.

Airwaves

Nánar á www.icelandairwaves.is

ICELAND
AIRWAVES
October 13 -17
'10

19.-21. okt.

Singletrack / Colorblind

Tvö dansverk frá Silesia Dance Theatre og Íslenska dansflokknum 21. okt.

Að auki vinnusmiðja Silesia Dans Teatre fyrir dansara og fatlaða. 19. okt.

Nánar á www.tjarnarbio.is

23. okt.

Dj-kvöld

Nánar á www.tjarnarbio.is

28-31. okt.

Ódó á gjaldbuxum

Nánar á www.tjarnarbio.is

Framundan:

Algjör Sveppi – dagur í lífi stráks

Djúpið

Ungrlist

Hjaltalín

Ævintýrið um Augastein

Bedroom Community

Tónleikar Jónasar Sig.

Útg.tónleikar Rúnars Þórissonar

Sirkus Íslands

Súldarsker – Soðið svið

Darí Darí Dance Company

Fjölsk.dagar á sunnudögum

Áslaug Snorradóttir og Anna Elínborg opna

KAFFIHÚSIÐ MAJONES



8. október og verður það opið
alla daga frá morgni til kvölds.

Miðasala Tjarnarbíós opnar
föstudaginn 8. október og verður
opin alla virka daga frá kl. 13-15
og klukkutíma fyrir viðburð.
Einnig er hægt að kaupa miða á
www.midi.is

TJARNARBIÓ

Tjarnarbió Tjarnargötu 12 Sími: 561 0250 tjarnarbio@leikhopar.is www.tjarnarbio.is

> AFTUR Á HVÍTA TJALDIÐ

Rappariinn Eminem hefur tekið að sér hlutverk í væntanlegri kvikmynd. Myndin kallast 360 og leikur rappariinn á móti Sir Anthony Hopkins og Rachel Weisz. Eminem lék í kvikmyndinni 8 Mile árið 2002 og á dögnum kom hann fram í lokaþætti sjöundu þáttaröðar Entourage.

fólk

folk@frettabladid.is



Gillzenegger tekur við af Hugleiki

Egill „Gillz“ Einarsson hefur fengið það verkefni að verða meðhöfundur Símaskrárinnar 2011. Þetta kom fram á blaðamannafundi í Sporhúsinu í Kópavogi í gær. Í fréttatilkynningu kemur fram að Egill muni hafa umsjón með bæði forsiðu og baksíðu Símaskrárinnar en hann mun auk þess taka þátt í öðrum efnistöfum bókarinnar.

„Ég fékk hroll í síðustu viku þegar sagt var frá því í fréttum að Íslendingar væru með feitustu þjóðum í heimi.

Þetta gengur ekki lengur og ég lít á það sem persónulegt verkefni mitt að gera eitthvað í þessu. Ég þarf að ná til allra og hvar er það hægt annars staðar en í Símaskránni – þar sem allir Íslendingar eru? Þetta er feitasti bókasamningurinn á markaðnum, en það er líka eina fitan sem ég vil sjá. Ég ætla að nota þetta tækifæri til að koma íslensku þjóðinni á lappirnar og kominn tími til,“ er haft eftir Agli í fréttatilkynningunni en hann tekur við keflinu af Hugleiki Dagssyni.



MEÐHÖFUNDUR SÍMSKRÁRINNAR Egill „Gillz“ mun hafa sitt að segja um hvernig næsta símaskrá mun líta út. Þetta var kynnt á blaðamannfundi í gær. Við hlið hans er Sigríður Margrét Oddsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Já.

Helgi vinsæll sem fyrr



HELGI BJÖRNSSON Aukatónleikar Helga þar sem hann syngur lög Hauks Morthens verða miðvikudaginn 6. október. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Uppselt er á tónleika Helga Björnssonar í Salnum 7. október þar sem hann syngur lög Hauks Morthens. Af því tilefni verða haldnir aukatónleikar miðvikudaginn 6. október.

„Haukur var svo frábær söngvari að það er yndislegt fyrir mann að takast á við þetta,“ segir Helgi Björnsson. „Að hlusta á Hauk Morthens er eins og að fletta gömlu myndalbúmi þar sem einungis hefur verið raðað myndum frá fallegu og skemmtilegu stundunum í lífinu. Er ekki einmitt ástæða til þess núna á þessum óvissutímum, að rifja upp lög Hauks, lög þess tíma er Ísland var að rísa upp sem nýtt lýðveldi með bjarta framtíð og gleði unglingsins sem er að slíta af sér barnskóna?“ Ásamt Helga stíga á svið þeir Einar Valur Scheving, Róbert Þórhallsson, Stefán Már Magnússon og Kjartan Valdimarsson. - fb



HLAKKAR TIL Pablo Francisco, sá kokhrausti í miðjunni, kemur fram á Broadway á sunnudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Millilendir á Íslandi til að skemmta og detta í það

Bandaríski grínistinn Pablo Francisco kemur fram á Broadway á sunnudaginn. Francisco hefur tvisvar sinnum skemmt á Íslandi og hlakkar mikið til þess að skemmta í þriðja skipti.

„Þið eruð búnin að ganga í gegnum ýmislegt á Íslandi þannig að við ætlum að mæta og skemmta ykkur,“ segir uppistandsgrínistinn Pablo Francisco.

Pablo Francisco kemur fram á Broadway á sunnudaginn. Hann hefur tvisvar áður verið með uppistand á Íslandi við góðar viðtökur landsmanna. Francisco kemur til landsins að eigin frumkvæði, en hin sænska umboðsskrifstofa grínistans hafði samband við Kristin Bjarnason, sem stendur fyrir

uppistandinu. Francisco kemur til landsins frá Danmörku, en hann er búinn að ferðast um Norðurlöndin undanfarið og kemur hér við á leiðinni heim til Bandaríkjanna.

„Ég ætla að koma með tvo góða vini mína, við erum búnir að vera að ferðast saman,“ segir Francisco. „Þetta verður frábær sýning, þið viljið ekki missa af þessu. Hefjið partíð með því að fara á þessa sýningu og farið svo út og missið vitið. Takið einhvern með ykkur; strákar komið með stelpur og stelpur komið með stráka. Þið þurfið ekki að tala saman, þið getið bara dottið í það, slakað á og byrjað partíð.“

Þrjú ár eru síðan Pablo Francisco kom til landsins og hann er afar áhugasamur um afdrif þjóðarinnar. Hann hefur mikinn áhuga á skemmtanalífi landsins og þrátt fyrir tvær heimsóknir á hann enn þá eftir að gera ýmislegt hér.

„Ég þarf að sjá aðeins meira af Íslandi, maturinn er góður og dagurinn er lengri. En hvernig er það, voru þið að fá nýjan forseta? Konu?“

Forsætisráðherra. „Hvernig er það að virka?“ Öhm. Ég veit það ekki. Alþingi er í algjöru rugli þessa dagana. Ætlarðu að leita að henni? Viltu hitta hana?

„Nei! nei, ég er góður. Hún hlýtur samt að mæta á Broadway.“

Francisco segist ekki vera mikið partíljón á ferðalögum sínum, en var engu að síður þunnur eftir mikið fjór í Danmörku á miðvikudagskvöld. Hann hyggst líka skemmta sér á Íslandi, enda síðasti viðkomustaðurinn í ferðalaginu. „Ísland er í leiðinni heim, þannig að við ætlum að skemmta okkur og slá tvær flugur í einu höggi.“

atlifannar@frettabladid.is

GLÆPAFARALDUR Í EYMUSSON

Nýjar og spennandi glæpasögur

kr. 1.990,-



GLÆPAFARALDUR Í EYMUSSON GLÆPAFARALDUR Í EYMUSSON

GLÆPAFARALDUR Í EYMUSSON GLÆPAFARALDUR Í EYMUSSON



Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

01
10

VERÐHRUN

RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM Í VERSLUN EMAMI
A LAUGAVEGI 66

ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR

OPÍÐ ALLA HELGINA:
FOST 11-19
LAU: 10-18
SUN: 11-17

EMAMI

MULTIFUNCTIONAL CLOTHING

WWW.EMAMIDK

Afmælis
veislunni
lýkur!

Loka
helgin
30.09 - 02.10

Öllu
tjaldað
til!

epal

Ýmislegt
óvænt

35 ÁRA 1975 2010

Allskonar
tilboð

15-70%
afsláttur

Glaðir gestir Frímanns

Kvöldstund með Frímanni Gunnarssyni og gestum fór fram í Háskólabíói á miðvikudagskvöld. Gestir voru ánægðir með fjölbjóðlegt grín sem þar var á boðstólum.

Ásamt Frímanni Gunnarssyni komu fram Frank Hvam og Casper Christensen best þekktir úr Klovn-sjónvarpsþáttaröðinni, Jón Gnarr borgarstjóri, Ari Eldjárn úr Mið-Íslandi auk annarra þekktara grínara.

„Mér fannst þetta alveg frábær sýning,“ segir Þrúður Vilhjálmsdóttir, leikkona, sem er bekkjarsystir Gunnars Hanssonar úr Leiklistarskólanum. „Strákarnir í Klovn voru líka skemmtilegir.“ Ragnar Bragason leikstjóri tók í sama streng. „Sýningin var glimrandi fin og kvöldið vel lukkað í heildina. Gunnar fór á kostum.“ Margt var um manninn eins og sjá má af myndunum en einungis var um að ræða eina sýningu. - sf, afb



HRESS Anna Ólafsdóttir og Guðjón Már Guðjónsson, eitt sinn kenndur við Oz, mættu galvösk á sýningu Frímanns.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



Óskar Páll Þorgilsson og Nína Björnsdóttir létu sig að sjálfsögðu ekki vanta.



Leikstjórinn Ragnar Bragason og hljóðmaðurinn Huldur Freyr Arnarson, beint úr bransanum.



Porkell Guðjónsson og Hreinn Eggertsson klæddu sig upp á í tilefni dagsins.



Jörundur Ragnarsson og Sveinn Ólafur Gunnarsson gætu hafa rætt um hvernig er að vera leikari, enda báðir í faginu.



Halldór Örn, Róbert Vilhjálmur og Þrúður Vilhjálmsdóttir voru vígaleg að vanda.

Gott samnorrænt grín

Skemmtun ★★★

Kvöldstund með Frímanni Gunnarssyni

Fram komu: Gunnar Hansson sem Frímann Gunnarsson, Ari Eldjárn, André Wickström, Linda Mahala, Frank Hvam, Casper Christensen, Jón Gnarr o.fl.

Leikstjóri: Ragnar Hansson

Nýjustu þættir bræðranna Ragnars og Gunnars Hanssona, Mér er gamanmál með Frímanni Gunnarssyni, lofa mjög góðu. Í þáttunum ferðast Frímann um Norðurlöndin og hittir vinsæla grínista í hverju landi. Til að fagna þáttunum var haldið skemmtikvöld í Háskólabíói á miðvikudagskvöld þar sem Frímann kom fram ásamt nokkrum grínistum úr þáttunum og öðrum myndum.

Eftir vonlaust, uppskrúfað en alls ekki tilgangslaus atriði frá syngjandi kontrabassaleikara steig fyrsti grínistinn á svið. Ari Eldjárn hóf leikinn af krafti og náði troðfullum salnum auðveldlega á sitt band. Ari fór hratt yfir, dritaði bröndurinum yfir viðstadda sem átu hreinlega úr lófa hans.

Næstur á svið var einn vinsælasti grínisti Finna, André Wickström. Hann stóð sig mjög vel, þrátt fyrir að geta augljóslega ekki flutt grínið á eigin tungumáli. Tungumál voru reyndar hálfgerð þema kvöldsins, þrátt fyrir að það hafi eflaust ekki verið ætlunin.



VELKOMIN Frímanni býður gesti velkomna í Háskólabíói á miðvikudagskvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Salurinn var á bandi Wickströms og veltist um af hlátri í lokin þegar hann gerði grín að frændum okkar Dönüm, sem Ari Eldjárn var reyndar búinn að kalla stóru systur okkar fyrr um kvöldið.

Frímann Gunnarsson er gamaldags og hafði ekki mikla á trú á norska grínistanum Lindu Mahala. Ekki vegna þess að hún er norsk, heldur vegna þess að hún er hún. Tungumál og þjóðernisárekstrar voru henni hugleiknir, en því miður var hún alls ekki nógu myndin. Eftir hlé mætti trúðurinn Frank Hvam á svið. Hann naut þess augljóslega að vera gríðarlega vinsæll á Íslandi og flutti nokkuð mynd-

ð atriði um kynóra sína, gamlar konur og hvernig þetta tvennt fer saman.

Eftir að danski grínistinn Casper Christensen mætti óvænt í spjall til Frímanns steig borgarstjórinn Jón Gnarr á svið. Hann fór með gamanmál á ensku og sagðist gera það sérstaklega fyrir Frank Hvam. Eins og gefur að skilja hefði Jón á íslensku verið talsvert myndnari, þó að atriði hans hafi vissulega verið myndið. Einn áhorfandi sem ég hitti velti fyrir sér hvers vegna Jón flutti grínið á ensku fyrir einn, en ekki á íslensku fyrir hina þúsund sem sátu í áhorfendasætinum.

Frímann Gunnarsson var límið sem hélt atriðunum saman. Eftir hvert uppistand settust grínistarnir niður í betri stofuna og spjalluðu við Frímann sem átti í miklum erfðileikum með að skilja hvers vegna leikarar fara út á lágmenningarlegar brautir grínsins. Gunnar Hansson var í einu orði sagt frábær í hlutverki Frímanns og fór létt með að halda þéttum takti í sýningunni þó endirinn hafi verið snubbóttur.

Loks verður að nefna hljómsveitina, sem hinn stimamjúki Birgir Ísleifur Gunnarsson stýrði. Hún var frábær, en hefði mátt spila stærri rullu.

Atli Fannar Bjarkason

Niðurstaða: Skemmtileg sýning með myndum grínistum. Sumir voru myndnari en aðrir, en Ari Eldjárn, nýliðinn í hópnun, stóð sig best. Frímann hélt vel utan um sýninguna en endirinn var snubbóttur.

Buddy HOLLY SÖNGLEIKURINN

TAKTU ÞÁTT!

SENDU SMS-ÍÐ EST BUDDY Á NÚMERIÐ 1900. ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

VINNINGAR ERU:

- MIÐAR FYRIR 2 Á SÖNGLEIKINN
- TÓNLISTIN ÚR LEIKSÝNINGUNNI
- GJAFABRÉF Á TÓNLIST.IS OG MARGT FLEIRA!

FRUMSÝNDUR 7. OKTÓBER Í AUSTURBÆ

AMERICAN STYLE Coca-Cola bravó! AUSTURBÆR

Vinningar afhendir í ELKO Lindum. 199 kr/skeytið. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.



GERÐU FULLKOMINN ESPRESSO HEIMA HJÁ ÞÉR

Að búa til espresso er list. Til þess þarf 6,7 grömm af eðalkaffi, nákvæma tímasetningu, rétt hitastig og mátulegan þrýsting. illy hefur hannað kaffivélar og kaffihylki sem hafa fullkomið vald á þessari list.

Við köllum það lperesspresso-aðferðina.

Útkoman er ilmandi og bragðmikið kaffi með silkimjúkri áferð í hverjum einasta sopa.

Vélarnar fást í Byggt og búið Kringlunni, Byko Akureyri, Elko Fríhöfninni, Epal Skeifunni, Fastus Síðumúla, Hjá Jóa Fel Garðabæ og Holtagörðum og Kokku Laugavegi.

Kaffið í vélarnar fæst einnig í Fjarðarkaupum Hafnarfirði og verzlunum Hagkaups í Garðabæ, Kringlunni, Skeifunni og Smáralind.



ARTE E SCIENZA DELL'ESPRESSO

Kylie kaupir sér hús

Ástralska söngkonan Kylie Minogue hefur keypt sér í hús London þar sem hún ætlar að búa með kærasta sínum, spænsku fyrirsætunni Andres Velencoso Segura. Þau hafa verið saman í tvö ár. Fyrr á árinu var talið að þau væru að hætta saman en Minogue neitaði því alfarið.

„Ég er virkilega hamingjusöm. Mér finnst þetta vera ný byrjun á lífi mínu. Míg hefur langað að flytja, mjög lengi, og ég var búin að leita úti um allt án þess að finna neitt,“ sagði söngkonan. „Þetta er staður þar sem mamma og pabbi geta verið tíðir gestir. Ég á líka loks-



KYLIE MINOGUE Söngkonan er flutt inn í nýtt hús með kærasta sínum, Andres Segura.

ins minn eigin garð og ég hlakka til að reyna fyrir mér í garðyrkjustörfunum.“



FÓLKID Á BAK VIÐ VEFINN Vala Þóra Sigurðardóttir hannaði vefinn fyrir Kate Winslet en Yngvi Tómasson og félagar hjá Davíð & Goliát sáu um að smíða hann. Fyrirtækið hýsir vefinn einnig en mikil umferð hefur verið um hann. Lógóið birtist einnig á vefsíðu Virgin-fyrirtækisins sem er í eigu Richards Branson.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ein vinsælasta vara Debenhams á lækkuðu verði

Triumph
minimizer

Stærðir
75C til 95G
Til í svörtu og hvítu

Verð áður kr. 11.990

Verð nú kr. 8.990

DEBENHAMS

Lífstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Gerðu vefsíðu fyrir Winslet

Vefsíðufyrirtækið Davíð & Goliát skaut mörgum bandarískum vefsíðugerðarfyrirtækjum ref fyrir rass þegar þurfti að smíða vefsíðu fyrir góðgerðarsamtökin The Golden Hat Foundation.

Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skömmu hefur Óskarsverðlaunaleikkonan Kate Winslet, í samstarfi við Margréti Dagmar Ericsdóttur, sett á fót góðgerðarstofnunina The Golden Hat Foundation. Winslet talaði inn á ensku útgáfuna af Sólskinsdrengrum eftir Friðrik Þór Friðriksson og hreifst mjög af óþrjótandi baráttu Margrétar og Kela, einhverfa stráksins hennar. Þegar búid var að ákveða að stofna góðgerðarstofnunina þurfti að gera vefsíðu og eftir nokkra leit og tilboð hrepptu íslensku fyrirtæk-

in Davíð og Goliát og Hvíta húsið hnosið.

„Þetta var allt unnið með henni og hennar hægri hönd og þá sérstaklega í sambandi við hönnunina. Við erum náttúrulega enn að vinna í vefnum en þetta er að miklu leyti byggt á hugmyndum hennar og aðstoðarfólksins,“ segir Yngvi Tómasson hjá Davíð & Goliát. Það er Vala Þóra Sigurðardóttir hjá Hvíta húsinu sem á heildurinn af hönnun vefsins en Davíð & Goliát sáu síðan um tæknilegar útfærslur og smíði hans auk þess sem fyrirtækið hýsir vefinn. „Við vorum í mjög nánu sambandi við Winslet og Margréti líka. Nei, það kom mér ekkert á óvart að

Winslet skyldi hafa svona sterkar skoðanir á öllu. Það eru gerðar miklar kröfur um að allt frá henni sé í hæsta gæðaflokki,“ útskýrir Yngvi og bætir því við að Winslet hafi verið feykilega sátt með vefsíðuna og hönnun Völu.



Undirbúningurinn fyrir vefsíðugerðina sjálfa tók heilan mánuð en ferlið í kringum þetta var mikið lengra. „Við unnum með Margréti að gerð vefsíðunnar fyrir Sólskinsdrengrinn. Við vissum því að þetta stæði mögulega til og það var Margrét sem gaf okkur möguleika á því að gera tilboð í verkefnið. Þetta er góður gluggi fyrir okkur því það er mikil umferð um vefinn, sérstaklega frá Bandaríkjunum, og gefur okkur og Hvíta húsinu tækifæri til að sækja á ný mið.“

freyrgigja@frettabladid.is

Byrjendanámskeið í Hot jóga

Nýtt 4 vikna byrjendanámskeið í Hot jóga hefst þriðjudaginn 5. október



Námskeiðið er kennt á þriðjudögum og fimmtudögum klukkan

20:00 – 21:00 í fjórar vikur í senn.

Þátttekendur geta mætt í alla opna tíma á meðan á námskeiðinu stendur.

Eftir námskeiðið fá þátttekendur eina fría viku auk 15% afslátt af kortum.

Upplýsingar og skráning í síma 695-8464 Drífa og 772-1025 Ágústa.

Eða á jogastudio.is



Seljavegur 2 - 101 Reykjavík

www.jogastudio.is - jogastudio@hotmail.com



Ágústa Kolbrún Jónsdóttir
772-1025



Drífa Atlaadóttir
695-8464

Gísli Örn bjargar frumsýningu Brims

Gísli Örn Garðarsson og Víkingur Kristjánsson ætla að fljúga frá London til Reykjavíkur og bjarga þannig frumsýningu íslensku kvikmyndarinnar Brims eftir Árna Ólaf Ásgeirsson en hún verður lokamynd alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík á laugardagskvöld. Lengi vel var allt útlit fyrir að það yrðu ansi fáir leikarar á frumsýningunni. Stærstur hluti leikhópsins Vesturports frumsýnir Faust í Young Vic-leikhhúsinu í London í kvöld og svo eru þeir Ingvar E. Sigurðsson og Ólafur Egill Egilsson að leika í Íslandsklukkku Þjóðleikhhússins á sjálfu frumsýningarkvöldinu en þeir leika báðir stór hlutverk í myndinni.

Gísli er auðvitað

LONDON-REYKJAVÍK-LONDON Gísli Örn Garðarsson frumsýnir Faust í kvöld í London. Hann flýgur svo heim til að vera viðstaddur frumsýningu Brims. Víkingur Kristjánsson verður með honum í för.



„bara“ leikstjóri Faust og hans verður því ekki saknað af sviðinu í Young Vic. Víkingur hefur aftur á móti verið skrifaður út úr verkinu vegna anna á heimavígsstöðvunum; konan hans, Halldóra Rut Bjarnadóttir, er komin í leiklistarnám við Listaháskóla Íslands en þau eignuðust barn fyrir þremur mánuðum. „Hans hlutverki var bara dreift á aðra leikara,“ segir Gísli Örn í samtali við Fréttablaðið. Tvö og hálf ár er liðið frá því að tókur á Brimi hófust en kvikmyndin er byggð á samnefndu verki Jóns Atla Jónssonar. „Ég held að ég hafi leikið í heilli Hollywood-mynd á milli þess sem tókum lauk og myndin er frumsýnd,“ grínast Gísli með og bætir því við að þetta hljóti að vera besta dæmið um það hversu vandvirkir þeir hafi verið við eftirvinnslu myndarinnar. -fgg

Vorum að fá mikið af dásamlegum nýjum vörur...



Andersen & Lauth

Reykjavík

established 1934



Vinsælasta bókin á Íslandi í dag!

Lærðu að elda með Mikka Mús og félögum!

3-99 ára



Fjölskyldan matreiðir öll saman!
Þessi bók hefur að geyma 124 spennandi,
hollar og gómsætar uppskriftir fyrir
upprennandi matreiðslumenn.

Hér er að finna einfaldar uppskriftir að seðjandi
morgunverðum, ljúffengum smáréttum, bragðgóðu
snarli, næringarríkum máltíðum, svo ekki sé minnst á
freistandi eftirrétti og ilmandi bakstur.

Fáanleg í Hagkaup og á www.edda.is

nítjándi.

Veitingastaðurinn Nítjándi
býður upp á sérstaka rétti
úr bókinni allar helgar í vetur.

Nánari upplýsingar
á www.veisluturninn.is

©Disney/Pixar

edda

edda.is - bókabúð á netinu opið allan sólarhringinn

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

SPORT

besta sætið

OKTÓBERFEST Í BOLTANUM



19. OKTÓBER

REAL MADRID-AC MILAN

Það eru margir frábærir leikir framundan í Meistaradeild Evrópu.

- 19. okt. Sparta-Chelsea
- 19. okt. Real Madrid-AC Milan
- 19. okt. Arsenal-Shakhtar
- 20. okt. Man. Utd.-Bursaspor
- 20. okt. Barcelona-FC København



STÖÐ 2 SPORT
FRÁ AÐEINS 140 KR Á DAG
Í STÖÐ 2 VILD PLATINUM



UEFA
**EUROPA
LEAGUE**

21. OKTÓBER

NAPOLI-LIVERPOOL

Heldur sigurganga Rauða hersins í Evrópudeildinni áfram?

ÞAÐ ER AUÐVELT
AÐ KAUPA ÁSKRIFT Á
STOD2.IS



3. OKTÓBER

CHELSEA-ARSENAL

Lundúnaslagur af stærstu gerð á Stamford Bridge.



STÖÐ 2 SPORT 2
FRÁ AÐEINS 142 KR Á DAG
Í STÖÐ 2 VILD PLATINUM



24. OKTÓBER

STOKE-MAN. UTD.

Hvað gerir Eiður Smári gegn Rooney og félagum?

Hörkuleikir í október

- 3. okt. Chelsea-Arsenal
- 16. okt. Aston Villa-Chelsea
- 17. okt. Everton-Liverpool
- 24. okt. Man. City-Arsenal
- 24. okt. Stoke-Man. Utd.
- 30. okt. Arsenal-West Ham
- 30. okt. Man. Utd.-Tottenham

**RISALEIKUR
Í SKOTLANDI**

CELTIC-RANGERS

**HEIMSMEISTARARNIR
FARA Á KOSTUM
Í SPÆNSKA BOLTANUM**

**SPENNAN MAGNAST
Í FORMÚLU 1**

**SILFURDRENGIRNIR
Í ÞÝSKA
HANDBOLTANUM**

Hvernig gengur strákunum okkar í þýska handboltanum í aðdraganda HM?

**SUPER SIX
MÓTARÖÐIN
Í BOXI**



ÞAÐ ER
ÓDYRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

VERÐ FRÁ

49.990

FARTÖLVUR

NÝJAR VÉLAR • SÝNINGARVÉLAR • NOTADAR VÉLAR

RÝMINGARSALA



Toshiba Satellite C650D-10L
2.1Ghz AMD Athlon II Dual Core Mobile P320 örgjörvi • 2GB DDR3 1066MHz minni • 320GB SATA diskur • DVD og CD-RW skrifari • 15.6" WXGA LED skjár • ATI Radeon HD 4250 PCI-Express skjákort • Windows 7 Home Premium 64-BIT

84.990

FULLT VERÐ KR. 109.990

NOKKUR VERDDÆMI

acer TOSHIBA msi ASUS acer TOSHIBA msi ASUS acer TOSHIBA msi ASUS



Toshiba Satellite PRO A300-256
2.0GHz Intel Core 2 Duo T6400 örgjörvi • 4GB DDR2 minni • 320GB SATA diskur • 15.4" WXGA skjár • ATI Mobility Radeon HD 3450 PCI-Express skjákort • DVD og CD-RW skrifari • Vefmyndavél • Windows Vista Business ásamt XP Pro möguleika

99.990

FULLT VERÐ KR. 139.990



Toshiba Satellite Pro L500-1DQ
2.2GHz Intel Core 2 Duo T6670 örgjörvi • 4GB DDR2 minni • 320GB SATA diskur • DVD og CD skrifari • 15.6" FHD WXGA+ skjár með High Definition TrueBrite • VGA myndavél • 512MB ATI Radeon HD4570 PCI-Express skjákort • Windows 7 Professional ásamt XP Pro valmöguleika

129.990

FULLT VERÐ KR. 179.990



Acer Aspire 5741G-434G32MN
2.26GHz Intel Core i5-430M - Dual core örgjörvi • 4GB DDR3 1066MHz minni • 320GB SATA diskur • DVD og CD skrifari • 15.6" WXGA LED CineCrystal breiðskjár • 1GB DDR3 Geforce GT 320M skjákort • Vefmyndavél • Windows 7 Home Premium 64-BIT

139.990

FULLT VERÐ KR. 179.990



Toshiba Tecra M11-10X
2.13GHz Intel Core i3-330M - Dual core örgjörvi • 3GB DDR3 minni • 320GB SATA diskur • DVD og CD skrifari • 14" WXGA LED skjár • High-Definition myndavél • Intel Graphics Media Accelerator 4500M skjákort • Windows 7 Professional ásamt XP Pro valmöguleika

149.990

FULLT VERÐ KR. 199.990

TÖLVU LISTINN

TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

NÓATÚNI 17
SÍMI 414 1700

GLERÁRGÖTU 30
SÍMI 414 1730

MÍÐVANGI 2-4
SÍMI 414 1735

HAFNARGÖTU 90
SÍMI 414 1740

AUSTURVEGI 34
SÍMI 414 1745

REYKJAVÍKURVEGI 66
SÍMI 414 1750

Fulli búð af nýjum vörum

Dömu- & herrafatnaður í miklu úrvali

Regatta
GREAT OUTDOORS[™]

Skyrtur
Vesti
Buxur
Fóðraðar
buxur
Stretch-
buxur
Softshell-
buxur
Flíspeysur
Softshell-
peysur

Úlpur
Snjóbuxur
Regnbuxur
Regnjakkar
Isotex jakkar
Isotex buxur
Kápur
Undirföt
o. fl o. fl.

OKKAR VERÐ

SÉRVERÐ Á ÖLLUM BARNAFATNAÐI, VINNUFATNAÐI, SKÓM OG SMÁVÖRU.
Dæmi um verð

Barnafatnaður

Regnbuxur 1490,-
Regnjakkar 4750,-
Úlpur 6495,-
Snjóbuxur 7495,-
Flíspeysur 1990,-
Softshell peysur 4490,-
Fóðraðar buxur 3995,-
Undirfatasett 3490,-
Skór 5995,-
+ smávara o. fl.

Vinnufatnaður

Flíspeysur 3495,-
Flísvesti 2995,-
Softshell 6495,-
Buxur 3995,-
Fóðraðar buxur 4495,-
Úlpur 8995,-
Skór-vinnu 9990,-
Regnbuxur 1995,-
Regnjakkar 2495,-

Skór, smávara o. fl.

Sokkar 1490,-
Vettlingar 490,-
Hanskar 2995,-
Húfur 490,-
Legghlífar 2990,-
Skór 6495,-
o. fl. o. fl.

DARE 26
CRAGHOPPERS

OPIÐ

VIRKA DAGA 11 – 18.

LAU. 11 – 16.

SUN. 13 – 16

ÚTIVIST 15 ÁRA
& SPORT

verslun
heildverslun

Faxafen 12 S. 533-1550.



Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR AF FÓLKI

Ráðherra sem plötusnúður



Útvarpsmaðurinn Ágúst Bogason stýrir þættinum Hið opinbera á Rás 2 í kvöld. Nýr liður verður á dagskrá þáttarins að þessu sinni. Sá kallast Gestaplötusnúður Hins opinbera og mun stefnan vera sú

að þjóðþekktur einstaklingur taki yfir stjórn þáttarins í eina klukkustund á hverju föstudagskvöldi frá klukkan 20-21. Fyrsti gestaplötusnúðurinn verður mennta- og menningarmálaráðherrann **Katrín Jakobsdóttir** og mun hún ráða tónlistinni, kynna hana, lesa veðurfréttir og allt það sem útvarpsmenn gera. Ágúst Bogason á að sögn í viðræðum við nokkra einstaklinga um að gerast gestaplötusnúðar í næstu þáttum og nær frágengið er að Hrafn Gunnlaugsson mæti að viku liðinni.

Ómar af hvölum

Baráttu Ómars Ragnarssonar fyrir umhverfismálum þarf ekki að kynna fyrir neinum. Einu sinni sem oftar ætlar Ómar að standa fyrir atburði til heiðurs íslenskra náttúru og eru það kvikmyndasýningar í þetta skiptið. Hvalaskoðunarskiptið Elding verður notað sem bíósalur í kvöld klukkan 20.30 og þar verður sýnd kvikmyndin One Of The Wonders Of The World í fyrsta sinn. Ómar er höfundur myndarinnar að fullu en hann nældi sér í hana Björk okkar Guðmundsdóttur sem ljær verkinu tónlist sína. Stuttmynd



Ómars, Reykjavíkurljóð, verður sýnd í kjölfarið en samhliða henni mun hann segja gamansögu um gerð hennar og tilurð. Sjálfur Bubbi Morthens endar kvöldið á lagi eftir Ómar sem nefnist Maður og hvalur.

- hdm, sv

Mest lesið **VÍSIR.IS**

- 1 Önnur jörð komin í leitirnar
- 2 TR krefur erfingjana um ofgreiddan lífeyri
- 3 Tony Curtis er látinn
- 4 Höfuðpaurinn talinn hafa hirt féð sem svikið var út
- 5 Vinsamlegast haldið ykkur fast í flugtakinu
- 6 Ingibjörg Sólrún enn með heilaæxli - myndband

Outlet stemmning í Líflandi
Allt að **80%** afsláttur

LÍFLAND
Lynghálsi 3 Reykjavík
Lónsbakka Akurevri

SÚPERDÍLL

NOKIA 5230
SNERTISÍMI
OG 5.000 KR.
SÍMNOTKUN
HJÁ NOVA!



Súperdíll er fyrir súpernotendur sem vilja vera með öflugan og góðan farsíma. Komdu við í næstu verslun Nova og gerðu Súperdíll.

SÚPERDÍLL

Nokia 5230 og 5.000 kr. simnotkun á mánuði!

Þú getur notað farsímamann fyrir 5.000 kr. á mánuði í alla farsíma og heimasíma á Íslandi.

Verð:

5.990 kr./mán. í 12 mán.

Greitt með kreditkortu + 250 kr./mán. greiðslugjald.

Gildir með Nova áskrift og frelsi. 5.000 kr. afsláttur af simreikningi í áskrift en 30 daga áfylling í frelsi. Sérstaklega er greitt fyrir símtöl í þjónustunúmer eins og 118 og 900 númer, símtöl og SMS/MMS í erlend símanúmer og notkun erlendis.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

Þú velur áskrift eða frelsi. Í frelsi er ekkert mánaðargjald en í áskrift er mánaðargjaldið 490 kr. og þá fylgir 150 MB netnotkun á mánuði.

Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA